

SHALDOR
skoðun 16



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur



Hagsmunasamtök
Heimilanna



Réttlæti fyrir heimilin -
ert þú búin að skrá þig?

www.heimilin.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

4. nóvember 2011
258. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt reitmiðlökunum Capacent Gallup apríl - júní 2011



Hrúnið breytti áherslum
Arkitektafélag Íslands
fagnar 75 ára afmæli með
málþingi.

tímamót 22

Ekkert verður til sparað
Áhugaverðir leikarar í 23.
myndinni um James Bond.

kvikmyndir 32




Toppliðin sluppu

Grindavík og KR unnu bæði
nauma sigra í körfunni í
gærkvöldi.

sport 38

veðrið í dag



VÍÐA SKÚRIR í dag verða víða
suðaustan eða austan 5-10 m/s
og skúrir en úrkomulítið fyrir
norðan. Milt í veðri.

VEDUR 4

Fólkið í
landinu les
Fréttablaðið



Prentmiðlökunum Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu.
Médallestur á tölublað, júlí-sept. 2011.

Forstjóri Bakkavarar fékk 112 milljónir í laun í fyrra

Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar Group, fékk um 9,3 milljónir króna á mánuði í laun í fyrra. Félagið gerði nauðasamning við kröfuhafa vorið 2010. Ekki er búist við því að það geti greitt skuld sína.

VÍÐSKIPTI Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar Group, fékk 111,7 milljónir króna á gengi dagsins í dag í laun, starfstengdar greiðslur og lífeyrisréttindi á síðasta ári.

Alls námu launagreiðslur Ágústs 95,3 milljónum króna, starfstengdar greiðslurnar námu um 4,1 milljón króna og greiðslur í lífeyrissjóð 12,3 milljónum króna.

Mánaðarlaun Ágústs, að meðtöldum fríðindum, voru því um 9,3 milljónir króna á árinu 2010. Á sama tíma tapaði Bakkavör Group um 2,5 milljörðum króna.

Stjórnarformaður Bakkavarar er Lýður Guðmundsson, bróðir Ágústs. Þeir eru einnig stærstu

92 milljarða á Bakkavör Group að endurgreiða kröfuhöfum í lok júní 2014.

eigendur félagsins. Þetta kemur fram í ársreikningi Bakkavarar-samtæðunnar sem skilað var inn til Ársreikningaskrár í lok september síðastliðins.

Laun og starfstengdar greiðslur Ágústs voru þær sömu og á árinu 2009 en hann fékk ekki jafn riflegar lífeyrissjóðsgreiðslur á því ári. Þá skilaði Bakkavör Group um 2,2 milljarða króna tapi. Ágúst hefur þó tekið á

sig riflega launalækkun frá árinu 2008 þegar hann var samtals með um 182,2 milljónir króna í laun og starfstengdar greiðslur. Á því ári tapaði Bakkavör Group um 28,4 milljörðum króna. Ágúst fékk því um 393,3 milljónir króna í laun, starfstengdar greiðslur og lífeyrissjóðsgreiðslur frá byrjun árs 2008 og út árið 2010. Á sama tíma tapaði Bakkavör Group um 33 milljörðum króna á gengi dagsins í dag.

Bakkavör Group gerði nauðasamning við kröfuhafa sína í mars 2010. Samkvæmt honum ætlaði félagið að endurgreiða þeim um 92 milljarða króna fram til loka júnímánaðar 2014. Gengi það eftir myndu bræðurnir Ágúst

og Lýður halda 25% eignarhlut í félaginu sem þeir stofnuðu árið 1986. Ef Bakkavör tækist ekki að greiða skuldina til baka myndu kröfuhafar hins vegar breyta kröfum sínum í hlutafé og taka yfir eign þeirra.

Rekstur Bakkavarar hefur gengið mun lakar en nauðasamningurinn gerði ráð fyrir. Engar greiðslur hafa enn sem komið er verið inntar af hendi til kröfuhafanna. Heimildir Fréttablaðsins herma að þeir telji litlar sem engar líkur á því að skuld þeirra verði greidd á tímabilinu sem nauðasamningurinn tekur til. Því muni þeir breyta kröfum sínum í hlutafé þegar þar að kemur.

- þsj / sjá síðu 8



DÝRASPÍTALI Á FERÐALAGI Fjöldi fólks kom að því að flytja heilan dýraspítala, ásamt hesthúsi, af gamla Glæðheimasvæðinu yfir á Kjóavelli í gær. Tveir hundræð tonna kranar voru notaðir enda verkið umfangsmikið. Flutningunum lýkur í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sex vikur tók að undirbúa flutning á húsi frá Glæðheimum yfir á Kjóavelli:

Dýraspítali og hesthús á hjólum

FRAMKVÆMDIR Dýraspítali og hesthús, samtals 230 fermetrar að stærð, voru flutt í heilu lagi af fyrrverandi svæði hestamannafélagsins Gusts í Glæðheimum og á Kjóavelli, þar sem Gustsmenn hafa fengið úthlutað nýju svæði.

Björgvin Þórisson dýralæknir, sem á og rekur dýraspítalann Drösul, sagði að undirbúningur þessara stórflutninga hefði tekið sex vikur. Við verkið hefðu verið notaðir tveir hundræð tonna kranar. Þá var lengsti vagn landsins notaður til að ferja húsið.

Dýraspítalinn Drösul hóf starfsemi á gamla Gustssvæðinu árið 2003. Að sögn Björgvins eru gerðar bæði stórar og smærri aðgerðir á hestum auk þess sem þar er hægt að leita aðstoðar við eitt og annað sem til fellur.

„Hér koma fjölmargir á hverju ári; hestar með mannavandamál að stærstum hluta,“ segir Björgvin.

Að jafnaði eru tveir dýralæknar til þjónustu reiðubúnir á spítalanum en Björgvin segir það innvaxið í starfið að vera

alltaf á vakt. Vandamál sem upp koma séu ekki bundin við opnunartíma verslana og sveiflur á milli góðæris og kreppu gæti ekki heldur. „Viðveran er mikil, sama á hverju gengur,“ segir Björgvin.

Allur gærdagurinn fór í flutningana og kom að þeim fjöldi fólks. Búist var við að verkinu lyki um hádegi í dag. „Þetta var mjög vel skipulagt og allt gekk að óskum,“ segir Björgvin, sem býst við að opna spítalann aftur um mánaðamótin janúar/febrúar.

- jss, shá

Tekið fyrir villt árshátíðahald:

Fylleríi úthýst úr Hörpunni

FÓLK „Árshátíðir þar sem verða mikil drykkjulæti passa ekki í húsið,“ segir Þórunn Sigurðardóttir, stjórnarformaður Ago, rekstrarfélags Hörpu.

Allar árshátíðarbókanir í Hörpu hafa verið stoppaðar, en reynslan af slíkum skemmtunum hefur ekki verið góð að sögn Þórunnar. „Það er mjög mikil ásókn í að halda árshátíðir í Hörpu og við ætluðum að sjá hvort þetta væri hægt. Reynslan er því miður þannig að þetta virkar ekki saman,“ segir hún.

Skemmtanahald kom niður á tónleikum Bjarkar í Hörpunni á dögunum þegar syrpa af Abballögum truflaði lágstemmdan hluta tónleika hennar. „Það er ekki ásættanlegt að Björk sé trufluð af partitónlist í húsinu,“ segir Þórunn.

- afb / sjá síðu 42

Pappakassaryksuga í búðir:

Bjó til ryksugu úr ryksugukassa

HUGVIT Jake Tyler, 23 ára nemi í iðnhönnun og tækniþróun, hefur landað draumstarfinu sínu hjá ryksuguframleiðandanum Vax. Var honum boðin vinna eftir að hann bjó til ryksugu úr umbúðunum utan af ryksugu frá Vax.

Jake Tyler er að ljúka námi við Loughborough-háskólann breska, og er papparyksuga lokaverkefni hans. Hugmyndin er svo góð, að mati Vax, að fyrirtækið hyggur á fjöldaframleiðslu og markaðssetningu strax árið 2012.

Talsmaður Vax segir ryksuguna afkastamikla undrasmið sem alfarið er búin til úr endurnýjanlegum efniviði; eða umbúðum undan þeirra eigin framleiðslu.

- shá

SPURNING DAGSINS



Finnur, ertu kominn með vaxtavarki?

„Örlitla, en vona samt að þeir komi í stað bólgu og fresti ekki hagvaxtavarkjum.“

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, er óánægður með stýrivaxta-hækkun Seðlabanka Íslands.

Vopn í baráttunni gegn offitu: Vefsíða reiknar út hitaæiningar

FÓLK Félagið Dagsform hefur þróað vef sem gerir veitingahúsum kleift að reikna út hitaæiningafjölda og aðrar næringarupplýsingar í réttum þeirra.



DAGUR EIJÓLFSSON

„Á Alþingi liggur fyrir þingsályktunartillaga þar sem stjórnvöld eru hvött til að skylda skynbitastaði til að gefa upp hitaæiningafjölda. Í dag er hins vegar hvorki einfalt né ódýrt að finna þessar upplýsingar. Vefsíðan leysir þann vanda,“ segir Dagur Eijólfsson hjá Dagsformi.

Dagur telur vefsíðuna geta stuðlað að bættri heilsu Íslendinga, en samkvæmt niðurstöðum nýlegrar skýrslu sem velferðarráðuneytið lét vinna eru þeir næstfætasta þjóðin á Vesturlöndum.

- rve / sjá allt í miðju blaðsins

Verðkönnun hjá efnalaugum: Oftast lægsta verð hjá Drífu

NEYTENDUR Munur á hæsta og lægsta verði hjá efnalaugum og þvottahúsum var í helmingi tilvika 50 til 100 prósent samkvæmt könnun ASÍ síðastliðinn mánudag.

Lægsta verðið var oftast hjá Drífu efnalaug og þvottahúsi við Hringbraut í Reykjavík. Hæsta verðið var oftast hjá Fatahreinun Kópavogs.

Í þremur tilvikum var Hraði efnalaug á Ægisíðu með hæsta verðið. Mestur verðmunur í könnuninni var á hreinsun á borðdúk. Hjá Hreini í Lóuhólum var verðið lægst 675 krónur en hæst hjá Snögg í Stigahlíð, 1.315 krónur. Ekki var lagt mat á gæði eða þjónustu.

- ibs

Sætaframboð Iceland Express minnkar um rúmlega 100 þúsund sæti á ári:

Áfangastöðum fækkar um átta næsta sumar

VIÐSKIPTI Iceland Express mun fækka áfangastöðum sínum úr 24 í 16 á næsta ári. Sætaframboð fer úr tæplega 600 þúsund í ár og niður fyrir 500 þúsund á því næsta. Stefna félagsins hafði verið að vaxa enn meira, upp í 750-800 þúsund manns á næsta ári.

Áfangastöðum Iceland Express í Norður-Ameríku verður fækkað úr fimm í einn. Hætt verður að fljúga til Boston, Chicago, Orlando og Winnipeg en áfram verður flogið til New York. Áfangastöðum í Evrópu mun fækka úr 19 í

15 þegar hætt verður að fljúga til Kraká í Póllandi, Lúxemborgar, Álaborgar í Danmörku og Friedrichshafen í Þýskalandi.

Heimildir Fréttablaðsins herma að ráðist sé í samdráttaraðgerðirnar til að mæta aukinni samkeppni á flugmarkaði sem mun harðna með tilkomu Wow Air, og vegna fyrirséðs taps á rekstri félagsins á þessu ári. Samkvæmt nýgerðri fjárhagsáætlun IE er gert ráð fyrir að það verði 800 milljónir króna. Upphafleg áætlun hafði gert ráð fyrir 600 milljóna króna hagnaði og því er um

1,4 milljarða króna viðsnúning að ræða.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Iceland Express hefði sótt um flugrekstrarleyfi til Flugmálastjórnar Íslands og hyggt leigja nýjan flota af flugvélum. Talið er að veiting leyfisins gæti tekið allt að fjórum mánuðum en stefnt er að því að nýi flotinn verði tekinn í gagn 1. apríl á næsta ári. IE notar í dag vélar sem eru í eigu breska félagsins Astraes í áætluðunarflog sitt. Gangi áætlanir IE eftir mun verða slitið á þau tengsl.

- þsj



BOSTON Áfangastöðum Iceland Express í Norður-Ameríku mun fækka um fjóra. Meðal annars verður hætt að fljúga til Boston. Icelandair mun þó halda áfram að fljúga beint þangað.



HOLL HREYFING Í SUNDI Lögð er áhersla á að starfsmenn Reykjavíkurborgar leggi rækt við eigin heilsu, segir mannaútsstjórn um þá hefð að bjóða starfsmönnum að stunda sund sér að kostnaðarlausu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sundferðir í heilt ár fyrir 500 króna kort

Þó að borgin íhugi að lækka mörk á barnagjaldi í sundi úr átján árum í tólf og hækka gjald fyrir stakar ferðir fá borgarstarfsmenn áfram nánast frítt í sund.

Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla vill rök fyrir lækkingu aldursmarksins.

REYKJAVÍKURBORG Starfsmenn Reykjavíkurborgar eiga þess kost að fá útféð kort til eins árs í sundstaði borgarinnar gegn aðeins 500 króna gjaldi. Alls hafa 5.616 af um átta þúsund borgarstarfsmönnum nýtt sér hlunnindin í ár. Árskort fyrir almenning kostar 28 þúsund krónur.

„Það er hluti af starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar að stuðla að heilbrigðu vinnuumhverfi og hvetja starfsmenn til að leggja rækt við eigin heilsu,“ segir Hallur Páll Jónsson, mannaútsstjóri borgarinnar.

Eins og komið hefur fram leggur starfshópur á vegum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu til „verulega“ hækkingu á gjaldi fyrir stakar ferðir í sund og að aldursmarkið fyrir barnagjald verði lækkað. Skýrast mun við gerð fjárhagsáætlana á næstu vikum hvaða

stefnu borgin og nágrennasveitarfélögin taka í þessum efnum.

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, setur spurningarmerki við hugmyndir um að lækka barnagjaldsaldurinn úr átján árum í tólf ár.

„Það setur alltaf strök í reikninginn þegar hlutirnir kosta meira og þetta væri á skjön við það ef menn vilja efla hreyfingu og útiivist hjá börnum. Og af hverju miða við tólf ára en ekki einhvern annan aldur, til dæmis fimmtán ára? Þetta þarf að skoða og rökstyðja,“ segir Hrefna, sem kveður breytinguna munu koma illa við barnafjölskyldur. „Það er alltaf verið að velta sparnaðinum yfir á fólk með börn á sínu framfæri. Það er ekki fólk sem á endilega mikið af peningum.“

Áður nefndir 5.616 borgarstarfsmenn hafa greitt samtals 2,8 millj-

ónir fyrir sundkortin. Starfsmennirnir framvísa kortunum í hvert sinn sem þeir fara í sund. Það svið borgarinnar sem þeir starfa á greiðir þá íþrótt- og tómstundasviði eitt stakt gjald. Samtals hafa svið borgarinnar greitt um 14 milljónir króna til ÍTR vegna sundferða starfsfólks síns á þessu ári. Hlunnindunum var komið á þegar erfitt var að fá fólk til starfa þegar betur áraði.

„Áralöng hefð er komin á þetta fyrirkomulag, að bjóða starfsmönnum að stunda sund sér til heilsuþótar að kostnaðarlausu,“ ítrekar Hallur Páll. „Ég hygg að mörg fyrirtæki, bæði opinber og önnur, hafi tekið upp svipað fyrirkomulag, að hvetja og bjóða starfsfólki upp á sundið, enda skilar það sér í bættri heilsu og líðan starfsfólks.“

gar@frettabladid.is

Guðrún nýr formaður: Bankasýslunni skipuð ný stjórn

STJÓRNSÝSLA Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Lána-sjóðs íslenskra námsmanna, er nýr stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefur skipað nýja stjórn, eftir að sú fyrri sagði af sér vegna gagnrýni á ráðningu Páls Magnússonar sem forstjóra.



Varaformaður GUÐRÚN RAGNARSDÓTTIR er Jón Sigurðsson, lögmaður hjá lögmannsþjónustunni Draupni, sem áður var í varastjórn. Þriðji stjórnarmaðurinn er Hulda Dóra Styrmissdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og fyrrverandi stjórnarformaður Nýja Kaupþings. Varamaður í stjórn er Egill Tryggvason, starfsmaður Framtakssjóðs Íslands.

Orsakaði ekki fall af svölum:

Mildari refsing ofbeldismanns

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur mildað dóm yfir manni sem ræðst á fyrrverandi sambýliskonu sína, úr tveggja ára fangelsi í átján mánuði.

Maðurinn var í héraði fundinn sekur um að hafa haldið konunni nauðugri í íbúð sinni, gengið þar hrottalega í skrokk á henni og að lokum hrakið hana út á svalir og orðið þess valdandi að hún féll niður af þeim. Við það slasaðist hún alvarlega.

Hæstiréttur staðfestir dóminn, fyrir utan það sem snýr að fallinu af svölum, og telur ekki sannað að maðurinn beri ábyrgð á því. Vegna þess eru bætarnar sem honum er gert að greiða henni einnig lækkaðar úr 860 þúsundum í 300 þúsund.

- sh



Tónleikar í Ytri-Njarðvíkurkirkju

YTRI- NJARÐVÍKURSÓKN

Sunnudaginn 6. nóvember nk. munu feðginin Jana María Guðmundsdóttir og Guðmundur Hreinsson halda tónleika í Ytri Njarðvíkurkirkju. Flutt verða lög hlaðin kærleik og hlýju ásamt lögum sem tengjast Reykjanesbæ og lögum tileinkuðum jólnum.

Tónleikarnir hefjast kl. 17 og eru á vegum Styrkarsjóðs sr. Páls Þórðarsonar. Aðgangur ókeypis.

Sóknarnefnd Ytri-Njarðvíkursóknar

Jón Ásgeir Jóhannesson tapaði meiðyrðamáli gegn fréttamanni RÚV: Þarf að þola nærgöngula umfjöllun

DÓMSMÁL Svavar Halldórsson, fréttamaður Ríkisútvarpsins, hefur verið sýknaður í máli sem Jón Ásgeir Jóhannesson höfðaði gegn honum fyrir meiðyrði.

Málið snerist um frétt frá því í desember í fyrra um þriggja milljarða lán sem félagið Fons, í eigu Pálma Haraldssonar, veitti til eignarhaldsfélagsins Pace í Panama. Í fréttinni sagði Svavar að íslensk yfirvöld rannsökuðu nú hvar peningarnir væru niður komnir og hefðu undir höndum gögn sem bentu til þess að Pálmi, Jón Ásgeir og Hannes Smáráson hefðu skipulagt viðskiptafléttuna og að milljarðarnir þrír hefðu að endingu ratað aftur í vasa þeirra.

„Í ljósi þeirra aðstæðna

sem sköpuðust eftir bankahrunið verður stefnandi að þola nærgöngula umræðu um verk sín og þátttöku sína í viðskiptalífni,“ segir í dómnum. Fréttir af lánveitingum og fjármagnsflutningum séu mikilvægar og eigi brýnt erindi til almennings. „Ber að fara varlega við að hefta slíka umræðu með refsikennendum viðurlögum.“

Ekki er fallist á það með Jóni Ásgeiri að hann sé sakadur um refsiverða háttsemi í fréttinni. Þá þurfi að hafa í huga „að einhverrar ónákvæmni geti gætt þegar fjallað er um flóknar lánveitingar eða viðskiptafléttur.“

Jón Ásgeir er dæmdur til að greiða Svavari eina milljón króna í málskostnað. Jón Ásgeir hyggt áfrýja dómnum.

- sh



SVAVAR HALLDÓRSSON



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

The Moogies eru komnir!



NOVA óskar íslenska tölvuleikjaframleiðandanum Plain Vanilla til hamingju með útgáfu **THE MOOGIES** í App Store.

Í tilefni af útgáfu The Moogies verður leikurinn til sýnis í verslunum Nova í dag og yfir helgina. Kíktu í næstu Nova verslun og við aðstoðum þig við að setja The Moogies leikinn inn á iPhone, iPad eða iPod Touch.

Mundu að gefa leiknum einkunn (Rate) þegar þú sækir hann í App Store!



Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

GENGIÐ 03.11.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	114,49	115,03
Sterlingspund	183,19	184,09
Evra	157,81	158,69
Dönsk króna	21,205	21,329
Norsk króna	20,367	20,487
Sænsk króna	17,414	17,516
Japanskt jen	1,4665	1,4751

SDR 180,32 181,40

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

213,1922

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Próunarskýrsla Sameinuðu þjóðanna kynnt á Íslandi í dag:

Hefur haft margvísleg áhrif

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR „Undanfarið tuttugu ár hefur próunarskýrslan skapað umræður og haft margvísleg áhrif víða um heim,“ segir Khalid Malik, sviðsstjóri próunarskýrslusviðs Sameinuðu þjóðanna.

Hann er staddur hér á landi til að kynna hina árlegu Próunarskýrslu SP á hádegisfundum í Norræna húsinu. Í skýrslunni er meðal annars birt lífskjarvísitala flestra landa heims, og farið ofan í saumana á því hvað helst getur ýtt undir betri lífskjör meðal fátækra jafnt sem auðugri landa.

Hann segir útgangspunkt skýrslu-

gerðarinnar frá upphafi hafa verið þann, að hin raunverulega auðlegð þjóðanna sé fólkið í hverju landi fyrir sig. Þjóðarframleiðsla eða þjóðartekjur séu ekki besti mælikvarðinn á lífskjör fólks, heldur hafa þættir á borð við menntun og heilsufar verið teknir inn í myndina.

„Bandaríkin væru til dæmis alltaf í efsta sæti ef aðeins væri horft á þjóðartekjur,“ segir Malik, „en á lífskjaramælikvarða okkar lenda þau miklu neðar. Þannig er Ísland í 14. sæti núna eftir hrunið, en ef eingöngu væri horft á þjóðartekjurnar þá væri Ísland í 25. sæti.“ - gb



PRÓUNARSTARF Helen Clark, yfirmaður Próunarskýrslunnar Sameinuðu þjóðanna sem gefur árlega út Próunarskýrslu. Parna er hún stödd í Nígeríu fyrir nokkrum vikum. NORDICPHOTOS/AFP

Landsbankinn hagnast:

27 milljarðar í hagnað á árinu

VÍÐSKIPTI Hagnaður Landsbankans á þriðja ársfjórðungi 2011 nam 2,5 milljörðum króna. Samanlagður hagnaður bankans á árinu er því tæpir 27 milljarðar króna. Hækkun hlutabréfa og gengishagnaður skýrir góða afkomu bankans að mestu.

Steinþór Pálsson bankastjóri segir í fréttatilkynningu að úrvinnsla skuldamála heimila og fyrirtækja hafi einkennt þriðja ársfjórðung, en í allt hefur bankinn fært niður skuldir einstaklinga um ríflega 24 milljarða í haust. - shá



STERKARI MARKAÐUR Þriðjungsfjölgun varð á þinglýsingum kaupsamninga um fasteignir á höfuðborgarsvæðinu milli ára.

Fasteignamarkaðurinn:

Þriðjungi fleiri kaupsamningar en á síðasta ári

FASTEIGNIR Alls var 393 kaupsamningum um fasteignir þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í október og heildarveltan nam 11,2 milljörðum króna. Þetta kemur fram á vef Þjóðskrár Íslands.

Í samanburði við september fækkar kaupsamningum um 13,2% og velta minnkar um 7,8%, en miðað við október í fyrra fjölga kaupsamningum um 32,8% og velta eykst um 42%.

Meðalupphæð á hvern kaupsamning í síðasta mánuði var 28,6 milljónir króna, en það er ekki lýsandi fyrir meðalverð eigna þar sem fleiri en ein eign getur verið á einum samningi. - þj

SAMFÉLAGSMÁL

Neyðarkallinn kominn í sölu

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, hóf formlega sölu Neyðarkalls þjögungarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar í verslanamiðstöðinni Kringlunni síðdegis í gær. Fyrsta Neyðarkallinn keypti Magnús Gunnlaugsson, sem á líf sitt þjögungarsveitum að launa, eftir að bátur hans sökk norður af Akureyri í mars á þessu ári.

Snýst um aðferðir en ekki pólitíska stefnu

Hanna Birna Kristjánsdóttir leggur til atlögu við Bjarna Benediktsson. Segir kosið um hvort þeirra geti náð meiri árangri og stefnir á þing árið 2013. Telur kannanir gefa skakka mynd. Bjarni segir sérstakt að bjóða sig fram utan þings.

STJÓRNMÁL Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, hefur lýst yfir framboði gegn sitjandi formanni flokksins, Bjarna Benediktssyni, á landsfundi sem haldinn verður 17. nóvember. Hanna Birna er fyrsta konan sem sækist eftir formennsku í flokknum í 82 ára sögu hans.

Hanna Birna segir kosninguna munu snúast um hvern flokksmenn telja líklegastan til að ná árangri í kosningum. „Ég hef þá trú að við þessar aðstæður, með eina verstu ríkisstjórn allra tíma sem virðist leita uppi átök og það sem sundrar þessari þjóð, þá hljóti hugsjónir Sjálfstæðisflokksins að eiga mikinn hljómgrunn. Þess vegna tel ég að við getum náð miklum árangri í næstu kosningum.“

Ekki þurfi að koma á óvart að þau Bjarni séu í meginatriðum sammála. „Við Bjarni erum í sama stjórnmálaflokki, við aðhyllumst sömu lífsskoðun, trúum á frelsi einstaklingsins, lága skatta og lítil ríkisafskipti,“ segir hún.

„Þetta snýst kannski frekar um aðferðir en pólitískar áherslur. Bjarni hefur sínar aðferðir og ég hef staðið fyrir ákveðnum aðferðum sem mig langar mikið að innleiða á vettvangi flokksins og samfélagsins almennt.“ Hún hafi talað fyrir nýjum vinnubrögðum í stjórnmálum, aukinni sátt og samvinnu.

Hún segir að það mundi ekki standa sér fyrir þrifum sem formanni að eiga ekki sæti á þingi. Í því felist bæði áskorun og tæki-



SAMMÁLA Þau eru sammála í pólitík en ósammála um hvort þeirra geti náð meiri árangri í brú Sjálfstæðisflokksins.



færi. „En það er auðvitað óhefðbundið, ég átta mig alveg á því.“ Hún mundi eftir sem áður sitja fundi þingflokksins og koma að málefnum starfi hans. Síðan mundi hún sækjast eftir þingsæti í næstu kosningum.

Spurð um kannanir sem sýna afgerandi stuðning við hana í formannsstól segir hún: „Ég hef auðvitað skynjað þennan stuðning og þá hvatningu sem í honum felst en ég tel ekki að þetta liggja eins á landsfundi og þessar kannanir gefa til kynna.“

Bjarni Benediktsson segir framboðið ekki koma sér á óvart í ljósi væringa undanfarinna vikna. Hann finni þó að meðal flokks-

manni njóti störf hans mikils fylgis. „Ég met það svo að mín staða sé sterk. Ég er ánægður með það hvernig okkur hefur gengið að endurheimta traustið síðustu tvö árin.“ Lök staða hans í könnunum breyti engu um þá ákvörðun hans að sækjast eftir endurkjöri og engin ástæða sé að hræðast komandi kosningabaráttu eða áhrif hennar á flokkinn.

Spurður um stöðu Hönnu Birnu sem formannsframboðanda utan þings segir Bjarni: „Það er ekki langt síðan formaður í stjórnmálaflokki sagði af sér þegar hann náði ekki kjöri á þing, þannig að það er óneitanlega mjög sérstök staða í mínum huga.“ stigur@frettabladid.is

Sýna fölsuð skilríki:

Vísu þarf ungu fólki ítrekað frá

LÖGREGLUMÁL Mikið ber á því að gestir vinnveitingastaða framvísi ekki löggildum persónuskilríkjum, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. Dyraverðir vinnveitingastaða hafa ítrekað þurft að vísa frá ungu fólki sem hefur framvísað greiðslu- eða skólakortum annarra eða skilríkjum, þar sem ártölum hefur verið breytt.

Vegabréf og ökuskírteini teljast til löggildra persónuskilríkja. Komi í ljós að lögmætum skilríkjum hafi verið breytt er hvatt til þess að þau mál verði kærð til lögreglu. - jss



SKUGGALEGT Lögreglan í Ósló hefur ekki enn náð að yfirheyrja meintan geranda eftir morðið í hrekkjavökuteitunni. NORDICPHOTOS/AFP

Hrekkjavökumorðið í Ósló:

Enn allt á huldu með atburðarás

NOREGUR Ekki hefur enn verið hægt að yfirheyrja meintan geranda í hrekkjavökumorðinu svokallaða í Ósló á sunnudag.

21 árs karlmaður er í haldi lögreglu, grunaður um að hafa stungið vin sinn til bana og stórslasað annan, en sökum eigin meidsla hefur hann ekki getað tjáð sig og er í einangrun á sjúkrahúsi.

Vefur Verdens Gang hefur eftir verjanda mannsins að hann hafi ekki enn fengið að hitta umbjóðanda sinn. Atburðarásin er því enn á huldu því að sá sem lifði af árásin hefur ekki getað sagt frá því hvað gerðist. - þj

VIÐ ERUM 50 ÁRA
FAGNAÐU MEÐ OKKUR

50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU

3.-5. NÓVEMBER FRÁ KLUKKAN 8:50-21:50

Gleraugnasalan | Laugavegi 65 | 551 8780 | gleraugnasalan.is

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

BLAUT HELGI Suðlægar áttir verða ríkjandi um helgina og lítur út fyrir skúrir víða um land einkum sunnan og vestan til. Kólnar aðeins um tíma á laugardag en horfur á stífri sunnanátt á sunnudag með hlýindum.

Á MORGUN 8-13 m/s. SUNNUNAGUR 10-18 m/s.

HEIMURINN

Alicante	19°
Basel	16°
Berlín	12°
Billund	10°
Frankfurt	14°
Friedrichshafen	15°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	24°
London	16°
Mallorca	23°
New York	14°
Orlando	21°
Ósló	9°
París	18°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	8°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



að hætti Jóa Fel!

Jóa FEL



SKÓGARBERJA
LAMBALÆRI
ÚRBEINAD

1.998 kr/kg.

Verð áður 2.598.-

TILBÚIÐ BEINT
Í OFNINN...



TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa

TILBOÐ

712 kr/kg.

Verð áður 949.-



TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa

TILBOÐ

2.099 kr/kg.

Verð áður 2.798.-



TILBOÐ
25%
afsláttur við kassa

TILBOÐ

554 kr/kg.

Verð áður 739.-



TILBOÐ
30%
afsláttur við kassa

TILBOÐ

1.749 kr/kg.

Verð áður 2.498.-

BBO Hversdagssteik
læri með legg

Kjúklingalundir
ferskar

Ungnauta hamburgarar
2 x 175g gr.

Gráðosta- og villisveppafyllt
grísalund

CAPPUCHINO
KARAMELLU ÍS



CAPPUCHINO
KARAMELLU

VINSÆLASTA FABRIKKU
SKYRTERTAN Í HEIMINUM



NÝ OG
STÆRRI
KAKA

ÍSLENSKA
HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN
2010

NÝ UPSKERA
AF RAUÐUM EPLUM
FRÁ USA



TILBOÐ

CT DEEP DISH
PIZZA

479 kr/pk.

Verð áður 529.-



JÓA FEL
KÖKUDEIG

559 kr/pk.

NÝTT
LÍFRÆNIR
SAFAR



TILBOÐ

JÓLABRAUÐ

259 kr/stk.

Verð áður 339.-



TILBOÐ

EPLA- OG
KANILHRINGUR

799 kr/stk.

Verð áður 999.-



FYRIR BAKSTURINN
KÖKUFORM, SKRAUT
& LITR. MIKIÐ ÚRVAL



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 6. nóvember á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



Fylgist þú með Meistaradeild Evrópu í fótbolta?

JÁ 63,9%
NEI 36,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Þekkir þú einhvern sem er í svartri vinnu?

Segðu skoðun þína á visir.is



Nýr fjársýsluskattur kominn fyrir þingið auk annarra sérstakra tekjuöflunarleiða:

Auki tekjur ríkissjóðs um tæpa 10 milljarða

ALÞINGI Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra mælti í gær fyrir frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum, frumvarpi um nýjan fjársýsluskatt og frumvarpi um lokafjárlög ársins 2010.

Frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum og frumvarp um fjársýsluskatt eru liðir í sérstökum tekjuöflunaraðgerðum fjárlagafrumvarpsins fyrir næsta ár. Með aðgerðunum á að auka tekjur ríkisins um 9,7 milljarða.

Fjársýsluskattur er nýr skattur sem leggst á fjármálafrumvarpi, váttryggingafélög og lífeyrissjóði

meðal annars. Íbúðalánasjóður er eina opinbera stofnunin í bili sem mun þurfa að borga skattinn, sem er 10,5 prósent. Fjársýsluskattur skal borgaður af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf. Skattinum er ætlað að skila ríkinu 4,5 milljörðum í tekjur.

Þá kveður frumvarpið á um að dregið verði úr frádráttarbærni iðgjalda vegna viðbótarlífeyrissparnaðar, svo að hámark launþega verði tvö prósent af launum í stað fjögurra prósent áður. Þetta er talið munu skila 1,4 milljörðum króna. Tekið verður upp viðbótar-

skattþrep fyrir auðlegðarskatt, en tekjur af því eiga að vera nálægt 1,5 milljörðum. Innleiðing kolefnisgjalds verður lokið og á það að skila 800 milljónum króna.

Loks á að hækka veiðigjald frekar og fá þannig inn 4,5 milljarða króna á ársgrundvelli, en 1,5 milljarða á næsta ári. Þessar breytingar verða lagðar fram í frumvarpi um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

- þeb

FJÁRMÁLARÁÐHERRA Steingrímur mælti fyrir frumvörpunum í gær og voru þau tekin til fyrstu umræðu og send í nefndir.



Félagisdómur um verkfall: Verkfallsboðun Sinfó var lögleg

KJARAMÁL Boðað verkfall Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem var afstýrt á miðvikudag, var löglegt. Þetta er niðurstaða Félagisdóms, en íslenska ríkið hafði stefnt starfsmannafélagi sveitarinnar og krafist þess að verkfallið yrði dæmt ólögmætt. Íslenska ríkið taldi að atkvæðagreiðsla um verkfall hefði ekki uppfyllt skilyrði, þar sem boðuð hefðu verið verkföll en ekki verkfall. Taldi ríkið að kjósa hefði átt um hverja vinnustöðvun fyrir sig.

Félagisdómur féllst ekki á þetta og var Sinfóníuhljómsveit Íslands því sýknuð og henni dæmdar 300 þúsund krónur í málskostnað. - þeb

DÓMSMÁL

Dæmdur fyrir árás

Karlmaður hefur verið dæmdur í skilorðsbundið fangelsi í þrjá mánuði fyrir að kyla annan mann í febrúar á skemmtistaðnum Café Kósý á Reyðarfirði. Fórnlambið hlaut djúpan skurð á hægri augabrún.

Amal Tamimi tók sæti í gær: Fyrst erlendra kvenna á þing

ALÞINGI Amal Tamimi varð í gær fyrst erlendra kvenna til þess að setjast á Alþingi. Þá er hún jafnframt fyrsti músliminn sem situr á þingi.



AMAL TAMIMI

Amal kom inn sem vara- maður fyrir Lúdvík Geirsson og undirritaði drengskapareid í byrjun þingfundarins í gær. Amal flutti til Íslands frá Palestínu árið 1995 og varð íslenskur ríkisborgari árið 2002. Hún starfar sem framkvæmdastýra Jafnréttishúss í Hafnarfirði. Hún hefur tekið þátt í starfi Samfylkingarinnar undanfarin ár og var einnig fyrsti innflytjandinn sem tók sæti í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Paul Nikolov var fyrstur innflytjenda til að taka sæti á Alþingi, árið 2007. - þeb

Þurfum að gera betur varðandi flóttafólk

Formaður flóttamannanefndar segir Ísland eiga langt í land varðandi viðeigandi aðstoð við kvótaflóttamenn. Vonast er til að geta tekið á móti flóttafólki á ný á fyrstu mánuðum næsta árs. 516 flóttamenn hafa komið hingað frá 1956.

SAMFÉLAGSMÁL Flóttamannanefnd velferðarráðuneytisins vonast til þess að geta tekið á móti svokölluðu kvótaflóttafólki hingað til lands í byrjun næsta árs. Ekki var tekið á móti neinum árið 2009 eða í ár, en sex kólumbískir flóttamenn fengu hér aðstoðu í fyrra. Hugtakið kvótaflóttamaður vísar til þess ákveðna fjölda sem boðið er til landa samkvæmt mati Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Í haust tók við nýr formaður ráðsins, Íris Björg Kristjánsdóttir, og segir hún það hafa

verið hennar fyrsta verk að athuga hvort fjárframlög frá ráðuneytinum þremur, velferðar-, innanríkis- og utanríkisráðuneyti, yrði til þess að mögulegt væri að taka á móti fólki á ný.

„Við erum mjög langt frá því að gera nógu vel í málefnum flóttamanna,“ segir hún. „En það litla sem við höfum gert höfum við þó gert vel.“ Íris nefnir þar hlut Rauða krossins og því stuðningsfjölskyldnakerfi sem þar hefur verið komið á fyrir flóttamenn.

„En við verðum að gera betur. Það verður að vera sameiginlegur áhugi allra aðila. Ég vil sjá meiri áhuga Íslendinga á málefnum flóttamanna því hingað til hefur okkur þótt það vanta,“ segir hún. „Og ef þessi umræða fer í gang fyrir alvöru, þá mun hún skila sér inn í ákvarðanatöku hjá stjórnvöldum.“

Ekki hefur verið neinn ákveðinn gangur á því hvort eða hversu



FLÓTTAFÓLK Á BLÁÐAMANNAFUNDI Hjónin Ramin og Jana Sana komu hingað til lands frá Úsbekistan og Afganistan árið 2003. Þau voru ekki skilgreind sem pólitískir flóttamenn en fengu dvalarleyfi af mannúðarsjónarmiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

516 flóttamenn frá árinu 1956

Ísland hefur frá árinu 1956 tekið á móti 516 flóttamönnum sem komið hafa á vegum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Stærsti hópurinn, 52 einstaklingar, kom frá Ungverjalandi árið 1956. Flestir hafa komið frá löndum fyrrum Júgóslavíu. Á árunum 1979, 1990 og 1991 komu 94 frá Víetnam. Í fyrra var tekið á móti sex manns frá Kólumbíu, en engir hafa komið það sem af er ári og heldur ekki árið 2009. Algengast hefur verið að móttökusveitarfélagið sé Reykjavík, en einnig hefur verið tekið á móti flóttafólki á Ísafirði, Hornafirði, Blönduósi, Hafnarfirði, Fjarðabyggð, Dalvík, Siglufirði, Reykjanesbæ, Akureyri og Akranesi.

Heimild: Velferðarráðuneytið

mörgum flóttamönnum Ísland hefur tekið á móti á ársgrundvelli. Íris segir það vera í skoðun hvort hægt sé að búa til fjögurra eða fimm ára áætlun, líkt og tíðkast á Norðurlöndunum.

„Ríkisstjórnin setti sér það markmið að efla þennan málaflökk. Það hefur verið alltaf ákveðinn fjöldi á ári í Skandinavíu og það er eitthvað sem við erum að skoða hér,“ segir

hún, og bætir við að það sé erfitt að horfa á ákveðna kostnaðaráætlun í þessu samhengi. „Málið fer á endanum að snúast um peninga, þar sem hver einasta króna skiptir máli og getur breytt mannlífum.“

Málin eru í vinnslu í utanríkisráðuneytinu. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er svör að vænta þaðan á næstu vikum.

sunna@frettabladid.is

Neyðarkall til þín
TAKTU VEL Á MOTI OKKUR
SÝSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Afgreiðsla ríkislögreglustjórans

Skúlagötu 21, Reykjavík verður lokað eftir hádegi í dag vegna jarðarfara Gísla Pálssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns.

Ríkislögreglustjórnin



Málþing um miðborgina sem íbúahverfi Laugardaginn 5. nóvember kl. 11-15 í matsal Tækniskólans (lönskólans)

Dagskrá:

Kl. 11 - Framsöguerindi

Stutt erindi um helstu umfjöllunarefni þingsins

Kl. 11:45 - Hópastarf

Umræður í hópum um umferðaröryggi, umhverfi, útivist, skóla, frístundir og íbúalýðræði. Í umræðuhópnum verða formaðar þær spurningar sem fjallað verður um í pallborði

Kl. 12:45 - Kaffihlé

Nemendur unglingsstags Austurbæjarskóla með veitingasölu

Kl. 13 - Pallborðsumræður

Borgarfulltrúar sitja fyrir svörum

Við hvetjum alla íbúa miðborgarinnar til að mæta á málþingið og láta í ljós skoðun sína á því hvernig þeir vilji að búsæta í miðborginni þróist

Foreldrafélög skóla og leikskóla, Íbúasamtök og Hverfisráð miðborgar

Læknaskortur hamlar starfsemi á líknardeildinni í Kópavogi:

Fimm daga deildinni lokað

HEILBRIGÐISMÁL Fimm daga deild líknardeildar Landspítala í Kópavogi var lokað um síðustu mánaðamót vegna læknaskorts og verður deildin lokað til áramóta að minnsta kosti.

„Ég veit ekki hvort hægt verður að opna fimm daga deildina um áramótin. Það fer kannski eftir því hvaða breytingar verða gerðar vegna lokunar líknardeildarinnar á Landakoti,“ segir Dóra Halldórsdóttir, deildarstjóri á líknardeildinni í Kópavogi.

Flestir sjúklinganna á fimm daga deildinni, þar sem eru fjögur rúm, hafa verið krabbameinssjúklingar, að sögn Dóru. „Þetta hafa verið sjúklingar með sérhæfða heimaþjónustu. Hingað hafa þeir komið í einkennamedferð þegar stokka hefur þurft upp lyfin. Oftast hafa sjúklingarnir verið hér eina til tvær vikur en stundum þrjár.“

Dóra getur þess að innlögnum á krabbameinsdeildina á Landspítalanum hafi fækkað eftir að fimm daga deildin var opnuð 2007.

„Nú blasir ekkert annað við hjá sjúklingunum en



LÍKNARDEILDIN Sjúklingar hafa dvalið eina til þrjár vikur á fimm daga deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

að liggja heima og leggja svo inn á krabbameinsdeildina ef eitthvað kemur upp á. Þetta er skerðing fyrir þennan hóp. Allur sparnaður núna er hrein og bein skerðing.“

- ibs



TOYOTA

Nýr Yaris frumsýndur.

Hannaður með framtíðina í huga.



Á morgun, laugardaginn 5. nóvember, frumsýnum við nýja kynslóð Yaris hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota milli kl. 11 og 16.

Nýr Yaris er leiðandi bíll. Hann er búinn Toyota Touch kerfinu sem inniheldur bakkmyndavél, snertiskjá og framtíðarvænt fjarskiptakerfi sem veitir þér m.a. aðgang að tónlistinni þinni, upplýsingar úr aksturstölvu og notkunarmöguleika með farsímanum þínum. Toyota Touch & Go gefur þér kost á kortaleiðsögn á íslenskum vegum.

Það er sama hvert þú ætlar í lífinu. Nýr Yaris með Toyota **Touch & Go**, **bakkmyndavél**, **sjö loftpúðum** og eldsneytisnýtingu frá **3.91 á 100 km** auðveldar þér vegferðina.

Erum á **Facebook - Toyota á Íslandi**



Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

www.toyota.is

Búnaðurinn í bílnum í þessari auglýsingu getur í einhverjum tilvikum verið frábrugðinn því sem í boði er hér á landi.

**Today
Tomorrow
Toyota**

VEISTU SVARIÐ?



1 Hversu háa upphæð þarf fyrrverandi starfsmaður Kaupþings að greiða þrotabúi bankans samkvæmt niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur?

2 Hver vann hakkarakeppni Háskólans í Reykjavík?

3 Í hvaða borg farðaði Ísak Freyr Helgason á tískuviku?

SVÖR:

1. 2,6 milljarða, 2. Baldur Gíslason, 3. New York.

IKEA styður bágstödd börn: Kaup á mjúkdýri hjálpa

SAMFÉLAGSMÁL Þeir sem kaupa mjúkdýr hjá IKEA til 23. desember styrkja um leið bágstödd börn.

Styrktarsjóður fyrirtækisins, IKEA Foundation, gefur eina evru til verkefna UNICEF og Barnaheilla til að efla menntun barna.

Frá því að fyrsti mjúkdýraleiðangurinn fór í gang árið 2003 hefur sjóðurinn gefið 35,2 milljónir evra til mismunandi verkefna í 45 löndum í þremur heimsálfum.

Á þessum tíma hefur átta milljónum barna verið hjálpað til að fá þá menntun sem þau eiga rétt á, að því er segir í fréttatilkynningu frá IKEA.

Öll mjúkdýr sem safnast í söfnunarkassa við útgang verslunarinnar fá nýtt heimili á Barnaspítala Hringins. - ibs

Í átján mánaða fangelsi:

Seldi eiturylf til að borga skuldir

DÓMSMÁL Fimmtugur karlmaður hefur verið dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir vörslu og sölu fíkniefna, kannabisræktun og landabrug.

Á árunum 2006 til 2010 tók maðurinn við samtals einu kíló af amfetamíni og 400 grömmum af hassi og seldi hluta efnanna.

Í frystigámi sem staðsettur var á plani við sláturhús ræktaði hann 24 til 26 kannabisplöntur sem gáfu af sér um 300 grömm af kannabis sem hann seldi. Í bragga við hesthús bruggaði hann fimmtán lítra af landa. Loks hafði hann í sinni vörslu talsvert magn af fíkniefnum sem hann hafði falið í hesthúsi og kjötvinnslu, í frystikistu og ferðatösku í bílskúr við heimili foreldra sinna. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Maðurinn sagðist hafa verið í fjárhagsörðugleikum og fengið lánaða fjármuni. Hann hefði ekki getað endurgreitt féð og hafi hann verið þvingaður til að selja fíkniefni. - jss

Nýsköpunarverðlaunin voru veitt í átjándi sinn á Nýsköpunarþingi:

Mentor hlaut nýsköpunarverðlaunin

IDNADUR Þekkingarfyrirtækið Mentor hlaut í vikunni Nýsköpunarverðlaun



VILBORG EINARSDÓTTIR

Íslands 2011. Fyrirtækið hefur í rúm 20 ár þróað upplýsingakerfi fyrir skóla og heimili sem heldur utan um námsframvindu nemenda.

Íslands 2011. Fyrirtækið hefur í rúm 20 ár þróað upplýsingakerfi fyrir skóla og heimili sem heldur utan um námsframvindu nemenda.

Verðlaunin eru veitt til fyrirtækja sem þykja hafa skarað fram úr í þróun nýrrar vöru eða þjónustu sem byggir á rannsóknar- og vísindastarfi. Verðlaunin hafa verið veitt frá árinu 1994.

Í tilkynningu frá Rannís segir að Mentor sé í fremstu röð á Norður-

löndum á sviði upplýsingakerfa fyrir skólasamfélagið.

Þá kemur þar fram að fyrirtækið þjónusti rúmlega 1.000 skóla en alls starfa 55 starfsmenn hjá fyrirtækinu sem hefur starfsemi í fimm löndum.

Árið 2007 sameinaðist Mentor sænska fyrirtækinu P.O.D.B. en í Svíþjóð starfa nú 20 manns hjá fyrirtækinu. Auk þess voru á þessu ári opnaðar starfsstöðvar í Sviss, Þýskalandi og Bretlandi. Þá hefur fyrirtækið unnið að því á árinu að innleiða upplýsingakerfi sitt í framhaldsskólum í Svíþjóð. - mþl

Bræðurnir að tapa eign sinni í Bakkavör

Framlegð Bakkavarar Group er ekki í takt við það sem nauðasamningur þess gerði ráð fyrir. Kröfuhafar, íslenskir bankar og lífeyrissjóðir, telja litlar sem engar líkur á að skuld við þá verði greidd. Þeir muni því breyta kröfum í hlutfé.

VIÐSKIPTI Bakkavör Group skilar ekki þeirri framlegð sem nauðsynleg er til að tryggja bræðrunum Ágústi og Lýði Guðmundssonum áframhaldandi yfirráð yfir félaginu. Félagið tapaði um 2,5 milljörðum króna í fyrri og heimildir Fréttablaðsins herma að litlar sem engar líkur séu á að það geti greitt kröfuhöfum sínum þá rúmlega 90 milljarða króna sem nauðasamningur Bakkavarar gerði ráð fyrir að þeir myndu fá greiddar um mitt ár 2014. Þess í stað munu þeir breyta kröfum í hlutfé og taka yfir eign bræðrana í Bakkavör. Stærstir þeirra eru Arion banki, skilanevnd Glitnis, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Gildi lífeyrissjóður og Lífeyrissjóður verslunarmanna.

Bakkavör Group, móðurfélag samstæðunnar, gaf út skuldabréf upp á 300 milljónir punda, 55,2 milljarða króna, fyrir bankahrun. Engar eignir voru þó inni í því félagi þar sem allur rekstur var, og er, girtur af í dótturfélagum. Lánardrottinn rekstrareininga Bakkavarar eiga því veð í öllum eiginlegum eignum hennar.

Í mars 2010 var samþykktur nauðasamningur sem gerði ráð fyrir því að kröfuhafarnir ættu að fá allar kröfur sínar greiddar með vöxtum fyrir lok júnímánaðar 2014. Samtals myndi það þýða að Bakkavör þyrfti að greiða kröfuhöfum sínum um 500 milljónir punda, um 92 milljarða króna, á tímabilinu. Samkvæmt endurskipulagningaráætlun Bakkavarar, sem kölluð var „Project Crocodile“, myndu Ágúst og Lýður Guðmundsynir geta eignast allt að 25% hlut í félaginu ef greiðslurnar til kröfuhafa myndu ganga eftir. Þeir fengu auk þess að reka fyrirtækið áfram fram á mitt ár 2014. Lýður er í dag



BRÆÐUR Lýður og Ágúst Guðmundsynir stofnuðu Bakkavör Group árið 1986. Þeir eiga nú á hættu að tapa eign sinni í félaginu.

Endurfjármögnuðu dótturfélög í febrúar

Bakkavör Group endurfjármagnaði lán dótturfélaga sinna 7. febrúar á þessu ári með því að gefa út 350 milljóna punda, 64,4 milljarða króna, skuldabréfaflokk og fá sambankalán upp á 380 milljónir punda, 69,9 milljarða króna. Skuldabréfaflokkurinn er á gjalddaga í febrúar 2018 en sambankalánið um mitt ár 2014. Með þessu var öll fjármögnun dótturfélaga samstæðunnar sameinuð undir einum hatti. Féð var notað til að gera upp 650 milljóna punda, 119,6 milljarða króna, sambankalán til 17 banka, meðal annars Royal Bank of Scotland (RBS) og Barclays.

stjórnarformaður Bakkavarar og Ágúst forstjóri. Ef Bakkavör tækist ekki að greiða kröfuhöfum til baka þá myndu þeir breyta kröfum sínum í hlutfé í Bakkavör og taka yfir allan eignarhlut bræðrana.

Bakkavör Group tapaði um 2,5 milljörðum króna í fyrri. Heimildir Fréttablaðsins herma að afkoman sé fjarri því að vera í takt við það sem gert var ráð fyrir í nauðasamningi Bakkavarar. Miklar hækkningar á hrávöru á borð við prótín og mjólkurvörur, sem

Bakkavör notar í framleiðslu sína, hafa haft mikil áhrif á framlegð félagsins á sama tíma og gríðarleg samkeppni ríkir í smásölu. Neysla í Bretlandi, stærsta markaði Bakkavarar, hefur auk þess dregist saman.

Samkvæmt heimildum blaðsins telja kröfuhafar Bakkavarar litlar sem engar líkur á að skuld þeirra verði greidd, nema þá að litlu leyti. Því muni þeir breyta kröfum sínum í hlutfé þegar þar að kemur. thordur@frettabladid.is

Banki treystir boðleiðir:

Sakaður um áreitni og hætti

SAMFÉLAGSMÁL Yfirmaður í Arion banka, sem sakaður var um að áreiða samstarfskonur sínar kynferðislega, hefur sagt upp störfum í bankanum. Pressan.is greindi frá ásökunum í október og í kjölfarið fór maðurinn í leyfi.

Bankinn fékk utanaðkomandi aðila til að fara yfir málið en þeirri skoðun var sjálfhætt þar sem engin kæra var lögð fram. Bankinn hefur treyst boðleiðir þannig að þeir sem telja á sér brotið eigi hægara um vik að koma kvörtunum áleiðis. - sh

Málþing í Háskólanum:

Ræða skinkur og Strauss-Kahn

MENTUN Dominique Strauss-Kahn, skinkur og umhverfismál er meðal þess sem tekið verður fyrir á alþjóðlegri ráðstefnu í Háskóla Íslands í dag og á morgun. Það er RIKK, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, sem boðar til ráðstefnunnar, sem er haldin í tilefni af tuttugu ára afmæli stofnunarinnar og hundrað ára afmæli háskólans.



CYNTHIA ENLOE

Þrjár þekktar erlendar fræðikonur munu halda lykilyrilestra á ráðstefnunni: Joni Seager, prófessor í hnattrænum fræðum við Bentley-háskólann, Beverly Skeggs, prófessor við félagsfræðideild Goldsmiths-háskólans, og Cynthia Enloe, stjórnmaláfræðingur og prófessor við Clark-háskóla í Bandaríkjunum, sem mun halda fyrirlestur um Strauss-Kahn og kynjameningu Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins og alþjóðlegra stofnana í dag.

Dagskrá ráðstefnunnar má sjá á heimasíðu RIKK, rikk.hi.is. - þeb

Svæfingalæknir dæmdur:

Skilorðsbinding vegna dráttar

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest tólf mánaða fangelsisdóm yfir svæfingalækni sem sveik vel á fimmtu milljón út úr Tryggingastofnun á árunum 2005 og 2006.

Héraðsdómur skilorðsbatt níu mánuði refsingarinnar en Hæstiréttur skilorðsbinding hana alla, þar sem þrjú ár liðu frá því að rannsókn málsins hófst og þar til ákæra var gefin út. Á þeim drætti hafi engin skýring verið gefin.

Læknirinn gaf út 265 tilhæfulausa reikninga þar sem hann rukkadi fyrir um 800 ónna tíma. Taldi héraðsdómur brot hans „serlega ófyrirleitni“. - sh

Lögreglan rannsakar þjófnaði úr verslunum:

Þjófur ræktaði kannabis

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu yfirheyrði í gær dag konu, sem grunuð er um að hafa stolið allmiklu af fatnaði úr verslunum. Að auki hafði hún í vörslu sinni nokkrar kannabisplöntur.

Þetta mál er ótengt málinu sem upp kom þegar mæðgur voru teknar við að stela fatnaði í Smáralind. Þær reyndust hafa safnað geysmiklu af fötum, skóm og fylgihlutum, þegar húsleit var gerð á heimilum þeirra. Móðirin reyndist einnig vera með litla kannabisræktun í sérútbúnu herbergi heima hjá sér. Mæðgurnar losnuðu úr gæsluvarðhaldi í fyrradag, enda ekki lögð fram krafa af hálfu lögreglu um framlengingu.

Rannsókn þess máls leiddi lögreglu á spor þriðju konunnar, sem er af austurlensku bergi brotin eins



KANNABISRÆKTUN Konan var með nokkrar kannabisplöntur í ræktun.

og hinar tvær. Hún var handtekin í fyrradag og yfirheyrð í gær eins og áður sagði. Húsleit var gerð heima hjá henni í Grafarholti, að fengnum úrskurði. Þar fannst allmiklu magn af fatnaði, sem talinn er vera stolinn, auk plantanna, sem hún ræktaði í sérútbúnu rými.

Konan sem um ræðir er um þrjú og hefur búið hér á landi um skeið. - jss

Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.- Umfelgun á smájeppa 6490.-

Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4900.- Umfelgun á smájeppa 5900.-



Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

DOMO
DO-9036 Bistro mínútu-grill
Meiriháttar flott 2000W mínútu-grill með stórum grillflet og hitastilli. Rifflaðar plötur sem laga sig að þykktinni. Stál ytra byrði. Auðvelt í þrifum.
Verð áður kr. 16.990

11.990
30% AFSLÁTTUR

TRISTAR
RK-6103 Hrisgrjónapottur
Hrisgrjónapottur 1 líter. Syður og heldur grjónunum heitum. Verð áður kr. 6.490

3.990
39% AFSLÁTTUR

Electrolux
EKF-7000 Kaffivél
Alvöru kaffivél sem hitar 96°C. Fékk bestu gæðaeinkunn sænsku neytenda-samtakanna TestFakta 1400W hitaelement
✓ Timer/klukka
✓ AutoOff 120 mín.
✓ Aroma stilling
✓ Fullt verð kr. 17.990

12.490
32% AFSLÁTTUR

DOMO
DO-425K Kaffivél með kvörn
Frábær kaffivél sem bæði malar kaffibaunir og hellir uppá í einni lotu.
Verð áður kr. 22.990

16.990
26% AFSLÁTTUR

MEÐ KVÖRN

TOPPMÓDEL

Electrolux
ESB-4400 Blandari
Byltingarkenndur ofur-hljóðlátur blandari með kraftmiklum 600W mótör. Þríhrymingslóguð glerkanna sem blandar betur og hraðar. 6 hraðastillingar. Auðveldur í þrifum. Malar ís létt.
Verð áður kr. 21.900

14.900
32% AFSLÁTTUR

MALAR ÍS

Electrolux
ESTM-4200 Töfrasproti
Vandaður töfrasproti með sérhönnuðum hljóðdempuðum mótör. Stálfótur sem þolir að fara í heitan pott. Þeytari, hakkari og skál fylgir. Verð áður kr. 14.990

9.990
34% AFSLÁTTUR

TOPPMÓDEL

MEST SELDI!

1000W GRILL

Electrolux
EMS-21400S Örbylgjuofn
Flottur sílfurlitadur örbylgjuofn með mörgum stillingum með eða án grills
✓ 800W örbylgjuofn
✓ 1000W grill sem gefur matnum brúna og fallega áferð
✓ Stór 27 cm snúningsdiskur
✓ Klukka og skjár
✓ Verð áður kr. 34.900

22.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
SPARAÐU 12.000

20 TÆKI Á
2.990
pr. stk

Hraðsuðukanna 1,7 lítra 2000W
Verð áður kr. 4.990

Samlokugrill
Verð áður kr. 4.990

Brauðrist hvít tveggja sneiða
Verð áður kr. 3.990

Eldhúsvog digital með glerplötu
Verð áður kr. 4.990

Handdryskuga hlaðanleg Wet&dry
Verð áður kr. 4.990

Hitablásari 2000W með hitastilli
Verð áður kr. 4.990

Einnig:
kaffivél • handþeytari • töfrasproti • dósaopnari • safapressa rafmagnshnífur • eggjasjóðari • hárblásari • hárklippisett sléttujárn • baðvog • útvarpsvekjari • gufustraujárn • töskuvog

KLÁRAÐU JÓLIN SNEMMA!
SMÁTÆKJA BOMBA

OPIÐ ALLA HELGINA
LAUGARDAG 10-18
SUNNUDAG 13-17

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
5.990
SPARAÐU 40%

BELGÍSKAR VÖFFLUR!

TRISTAR
WF-2141 Vöfflujárn
Vinsælasta vöfflujárn sem bakar ektu hnausþykkar belgískar vöfflur.
✓ Burstað stál
✓ Hitastillir og ljós
✓ 1000W
✓ Verð áður kr. 9.990

Electrolux
EDB-5130 Gufustraujárn 4Safety
Topp gufustraujárn, hlaðið nýrri tækni og þægindum. 4Safety öryggisbúnaður sem slekkur á straujárninu ef þú gleymir því í sambandi eða það dettur/veltur á hliðina.
✓ 2200W - tilbúið til notkunar á örkotsstundu
✓ Mjög gott gúmmigrip
✓ Vandaður keramikhúðaður sóli
✓ Mjög öflugt 100 g gufuskot og jöfn gufa.
Sparar þér tíma og fyrirhöfn þegar þú straujar
✓ 2,5 metra snúra með 360° snúru
✓ Verð áður kr. 9.990

6.490
35% AFSLÁTTUR

DO-3011 Hnókrarakvél
Verð áður kr. 1.490

890
40% AFSLÁTTUR

25%
AFSLÁTTUR AF RYKSUGUM

VERÐ FRÁ KR. 7.490
SPARAÐU 25%

Electrolux
AEG TRISTAR

13 GERÐIR!

50%
AFSLÁTTUR AF PÖNNUM
Vandaðar pönnur í öllum stærðum og gerðum

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
1.750
SPARAÐU 65%

TRISTAR
WG-2421 Baðvog digital úr gleri
Flott baðvog úr gleri með stórum LCD skjá.
✓ Hárnákvæm +/- 100 g
✓ Lithium rafhlöður fylgja
✓ Verð áður kr. 4.990

Rafha ehf

Opið virka daga 10-18
laugardag 5.11 10-18
sunnudag 6.11 13-17

Suðurlandsbraut 16 108
Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is



PRINSINN BÚINN UNDIR ATHÖFN
Japanski prinsinn Hisahito, sem er fimm ára, var tekinn formlega inn í japönsku keisarafjölskylduna með viðhöfn.



AKUREYRARFLUGVÖLLUR Talið er að um 200 þúsund manns fari um völinn á ári, en engar almenningssamgöngur eru þangað frá bænum.

Akureyringar vilja strætóferðir:

Meirihluti vill ferðir á flugvöll

AKUREYRI Mikill meirihluti Akureyringa, eða 84 prósent, vill láta taka upp strætóferðir á Akureyrarflugvöll frá miðbænum. Frá þessu er greint í vikublaðinu Akureyri.

Þetta eru niðurstöður símakönnunar á vegum félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri sem fram fór í október. Einungis þrjú prósent aðspurðar segjast andvíg. 506 manns svöruðu könnuninni. Ókeypís er í strætó á Akureyri og talið er að um 200 þúsund manns fari um flugvöllinn á hverju ári. - sv

Norskur nafnasérfræðingur:

Finnst of mikið horft til útlanda

NOREGUR Norskir foreldrar líta í of miklum mæli til útlanda eftir innblæstri fyrir nöfn á börnin sín. Þetta segir norskur prófessor í málvísindum í samtali við vef VG.

Guldbrand Alhaug segir að ráð væri að líta sér nær og skapa ný afbrigði af gömlum og gildum norskum nöfnum. Hann segir jafnframt að mikið sé horft til bókmennta og nafngifta hjá kóngafólki.

Nafnalög í Noregi þykja ansi frjálslæg og gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. Meðal gildra eiginnafrána eru Keikoburger og Kolautomat. - þj

ÍMARK útnefndi Markaðsmann og Markaðsfyrirtæki ársins við hátíðlega athöfn á Hilton Reykjavík Nordica: Íslandsstofa og Icelandair verðlaunuð

VIÐSKIPTI ÍMARK, félag Íslensks markaðsfólks, útnefndi í gær Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóra Íslandsstofu, og Icelandair Markaðsmann og Markaðsfyrirtæki ársins 2011.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, veitti Jóni og Icelandair verðlaun af þessu tilefni á Hilton Reykjavík Nordica. Er þetta í 21. sinn sem ÍMARK veitir verðlaunin.

Í tilkynningu frá ÍMARK segir að Jón hafi náð miklum árangri með Íslandsstofu en hlutverk hennar er að sjá um markaðs-

starf Íslands á erlendri grundu. Vísaði ÍMARK sérstaklega til Inspired By Iceland-herferðarinnar sem Íslandsstofa hafði veg og vanda af.

Telur ÍMARK að herferðin hafi verið vel skipulögð og markviss og bendir á að hún hafi skilað eftirtektarverðum árangri og fengið viðurkenningar erlendis.

Um Icelandair segir í tilkynningunni að fyrirtækið hafi tekist á við margar og krefjandi áskoranir á árinu sem er að líða. Það hafi tekist á við eldgos, jökulhlaup, óróleika í efnahagsmálum

og verkföll stéttarfélagana en samt sem áður stefni í besta rekstrarár í sögu fyrirtækisins. Það sem hafi hjálpað fyrirtækinu einna mest við að ná þessum árangri sé sterkt og vel skipulagt markaðsstarf.

Auk Icelandair komu Nova og Össur til greina sem Markaðsfyrirtæki ársins.

Í tilkynningu ÍMARKS segir að fyrirtækin hafi öll sýnt frábæran árangur á sínu sviði og haldið úti mjög faglegu markaðsstarfi.

- mþl



NORDICA Í GÆR Jón Ásbergsson tók við verðlaununum úr hendi Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, á samkomu ÍMARK í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Grikkir reyna að mynda þjóðstjórn um björgunina

Papandreú lét undan þrýstingi í gær og hætti við þjóðaratkvæðagreiðslu um björgunarpakka. Hóf viðræður við stjórnarandstöðuna um þjóðstjórn. Framtíð Grikklands innan evrusvæðisins hangir á bláþræði.

GRIKKLAND Georg Papandreú, forsætisráðherra Grikklands, lét í gær undan þrýstingi um að hætta við þjóðaratkvæðagreiðslu um björgunarpakka Evrópusambandsins og fallast á myndun þjóðstjórnar.

Slík þjóðstjórn yrði þó líklega aðeins bráðabirgðastjórn sem hefði það hlutverk eitt að afgreiða björgunarpakkann. Að því búnu yrði efnt til kosninga.

„Það þurfti að velja – annaðhvort raunverulegt samkomulag eða þjóðaratkvæðagreiðsla. Ég sagði það í gær að þegar samkomulag væri fengið þá þyrfti enga þjóðaratkvæðagreiðslu,“ sagði Papandreú í yfirlýsingu, sem hann sendi frá sér í gær.

Með því að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu virðist hann hafa ætlað að knýja það fram, að Grikkir féllust á björgunarpakka ESB og meðfylgjandi aðhaldsaðgerðir grísku stjórnarinnar, annaðhvort í þjóðaratkvæðagreiðslu eða með því að traustur þingmeirihluti fengist.

Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, Nýtt lýðræði, virðist hafa fallist á björgunaraðgerðirnar gegn því að fá aðild að ríkisstjórn með sósíalístaflökki Papandreús, að því tilskyldu að Papandreú léti af embætti forsætisráðherra.

„Ég er ánægður ef öll þessi umræða hefur að minnsta kosti orðið til þess að koma vitinu fyrir fólk á ný,“ sagði hann á ríkisstjórnarfundum.

Viðræður hófust í kjölfarið við Nýtt lýðræði, stærsta flokk hægrimanna, um myndun þjóðstjórnar, en Papandreú virtist ekki ætla að gera sig líklegan til að segja sjálfur af sér, þrátt fyrir harðar kröfur þar um.

Þrýstingurinn á Papandreú kom úr öllum áttum, þar á meðal frá eigin flokksmönnum og frá leiðtogum Evrópusambandsins, sem nú sitja á leiðtogafundi G20-ríkjana í Cannes í Frakklandi.

Angela Merkel Þýskalandskanslari og Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti sögðu Papandreú, á fundi þeirra í Cannes á miðvikudag, að Grikkir muni ekki fá neina frekari fjárhagsaðstoð frá Evrópusambandinu fyrr en þeir hafi gert upp við sig hvort Grikkland eigi að vera áfram með evruna.



GEORG PAPANDREÚ Forsætisráðherra Grikklands mætir til ríkisstjórnarfundar í gær, sem varð einn sviptinga-samasti dagurinn í stjórnartíð hans.

NORDICPHOTOS/AFP

Ráðviltir leiðtogar

Atburðirnir í Grikklandi hafa skyggt á tveggja daga leiðtogafund G20-ríkjana í Frakklandi, raskað dagskránni og að því er virðist dregið úr líkum á að unnt verði að afgreiða næstu viðbrögð leiðtoganna við bankakreppunni.

Leiðtogarnir biðu spennir fréttu af framvindu mála í Grikklandi, reyndu að hafa áhrif á þróun mála en fögnuðu ákvörðun Georgs Papandreús um að hætta við þjóðaratkvæðagreiðslu um björgunarpakkann, sem samþykktur var á leiðtogafundum Evrópusambandsins í síðustu viku.

Í gær sagði svo Jean-Claude Juncker, leiðtogi evrusvæðisins, að evruríkin væru strax farin að búa sig undir brotthvarf Grikklands. Hvort sem af því verður eða ekki þurfi hin evruríkin að verja sig gegn tjóni,

Nikolas Sarkozy Frakklandsforseti sagði nauðsynlegt að koma í veg fyrir upplausn evrunnar, því hún myndi hafa í för með sér upplausn Evrópusambandsins.

Auk Grikklands hafa leiðtogar G20-ríkjana verulegar áhyggjur af framvindu mála á Ítalíu, þar sem óvíst er bæði hvort Silvio Berlusconi forsætisráðherra tekst að tryggja fylgi þingsins við aðhaldsaðgerðir og einnig hvort þær aðgerðir muni duga til að forða Ítalíu frá verulegum efnahagsvandræðum.

fari svo að Grikkland gefi evruna upp á bátinn.

„Ég vil að Grikkland verði áfram með, en þá þurfa Grikkir líka að standa við skuldbindingar sínar.“

gudsteinn@frettabladid.is

ALLT Á 15-60% AFSLÆTTI! *

LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR

Allir leður mótórhjólagaðar
30% afsláttur

Öll mótórhjól
15-25% afsláttur

Motocrossgallar
30 - 60% afsláttur



Mótórhjóla skór/stígvél
25% afsláttur

Hjálmar
25-55% afsláttur

Allir varahlutir
25% afsláttur

*Tilboðin fást aðeins hjá Nitró á meðan birgðir endast. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum.



N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9, REYKJAVÍK. SÍMI 440 1220
N1 VERSLUN TRYGGVABRAUT 18-20, AKUREYRI. SÍMI 461 5522
Egilsstöðum, Reyðarfirði, Höfn, Selfossi, Akranesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum, Ísafirði og Ólafsvík.

SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLU ER
LAUGARDAGURINN 5. NÓVEMBER



Bæjarstjórn Reykjanesbæjar: Fulltrúar setja sér siðareglur

REYKJANESBÆR Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur sett siðareglur fyrir kjörna fulltrúa. Þá var tillaga um stofnun ungmennaráðs samþykkt.

Markmið siðareglanna er að skilgreina það háttarni sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd bæjarfélagsins og upplýsa íbúa um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra, að því er segir á vef Víkurfréttu.

Fulltrúi Framsóknarflokksins, sem er í minnihluta, lagði tillögurnar fram síðasta haust.

Tilgangur ungmennaráðsins er að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í bæjarfélaginu.

Báðar tillögurnar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

- kh



Fjármálin á mannamáli

„Fjármál heimilisins kalla á skynsemi, aga og skipulag. Svólítið eins og langhlaup.“

Halldóra Gyða Matthíasdóttir,
útibússtjóri og leiðbeinandi
frá Íslandsbanka.

Námskeið um fjármál fjölskyldunnar

Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um mikilvægi markmiðasetningar, sparnað, lán, fjárfestingar, lífeyrissparnað og heimilisbókhaldið Meniga.

Kennari verður Þór Clausen, M.Sc. í fjármálum, ásamt leiðbeinendum frá Íslandsbanka.

Námskeiðin fara fram í Íslandsbanka, Suðurlandsbraut 14 (gengið inn á vesturgafli hússins) og eru öllum opin. Þátttökugjald er 1.000 kr.

Námskeiðin verða:

- Miðvikudaginn 9. nóvember kl. 17.30–20.30
- Mánudaginn 14. nóvember kl. 17.30–20.30

Nánari upplýsingar og skráning á www.islandsbanki.is/fjarmalanamskeid og einnig í síma 440 4000.



islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000



Íslandsbanki

Það tekur alla tíma að aðlagast

Íslendingar eru sterkir þegar kemur að málefnum innflytjenda, en alltaf má gera betur. Menntakerfið þarf að hlúa að þörfum barna og veita þeim tíma til aðlögunar. **Anna Kirova**, sérfræðingur í innflytjendamálum, ræddi við *Sunnu Valgerðardóttur*.

Þjóðin hefur staðið sig mjög vel í að bjóða innflytjendum velkomna og mér þykir mikið til koma. Ég finn fyrir miklum samhug þann stutta tíma sem ég hef verið hér og á þeim stöðum sem ég hef heimsótt. En ég er líka viss um að það sé mikill vilji fyrir því að gera hlutina betur en nú þegar hefur verið gert og efla þetta mikilvæga starf.

Þetta er skoðun Önnu Kirova, prófessors á menntavísindasviði við Háskólann í Alberta í Kanada. Anna er nú stödd hér á landi til að kynna sér málefni innflytjenda og halda erindi á fjölmenningsráðstefnu á Akranesi, Brjótum múra, á vegum Rauða kross Íslands um helgina. Anna hefur einbeitt sér að því að rannsaka málefni barna innflytjenda og þá sér í lagi þann einmanaleika sem þau oft upplifa í nýjum menningarheimi. Hún segir einangrun mjög algengt vandamál, sem tekur sér oft aðrar birtingarmyndir eins og einelti og útskýfun af hendi jafnaldranna.

Önnu þykir mikið koma til afstöðu Íslendinga í málefnum innflytjenda, miðað við þann stutta tíma sem tekið hefur verið á móti fólki til landsins.

„Ég hef rannsakað þetta mikið og hef komist að þeirri niðurstöðu að börn innflytjenda eru oft og tíðum misskilin. Einmanaleiki meðal barna hefur margar birtingarmyndir, en sú algengasta er slæm framkoma eða óþekkt. Þau verða oft og tíðum trúðarnir í bekknum til að draga að sér athygli frá jafnöldrum sínum vegna þess að það er það sem þau þrá umfram allt annað.“

Anna segir börn innflytjenda ekki hafa þann orðaforða sem til þarf til að koma því á framfæri sem þau þarfnast á réttan hátt.

„Þau skilja ekki hver viðtekin venja er í þessu nýja samfélagi og bregðast því oft við með ágengni og verða fyrir einelti í kjölfarið. Þau gera sér ekki eins vel grein fyrir þeim afleiðingum sem gjörðir þeirra hafa vegna þess að þau hafa ekki þá pólitísku réttþugsun sem tíðkast í landinu. Þau geta meðal annars oft verið hreinskilnari en jafnaldrar þeirra þegar þau eru ósátt við eitthvað.“

Hvernig er hægt að bæta íslenska skólakerfið fyrir börn innflytjenda?

„Það er mjög mikilvægt að virkja þessi börn á einhvern hátt sem krefst ekki tungumálakunnáttu. Það þarf að gefa þeim tíma til að aðlagast skólaumhverfinu á þeim hraða sem þau ráða við. Fólk hefur ólíka tungumálhæfni, sumir læra þau snemma og hratt, aðrir þurfa lengri tíma. Eitt sem við vitum er að það tekur að meðaltali fjögur til fimm ár fyrir barn að læra að beita orðaforða á öðru tungumáli vel, og það tekur fimm til sjö ár að læra tungumál á akademísku stigi. Við þurfum að vera raunsæ í tilætlunum okkar til barna, sér í lagi vegna þess að þau eru líka beitt þrýstingi að heiman. Foreldrar barnanna vilja líka að þau aðlagist og eignist vini, það eru jú þeir sem komu með þau til þessa lands til að þeim líði betur og öðlist betra líf. Stundum verður þessi þrýstingur of yfirþyrmandi og því meira sem við beitum honum, þeim mun meira streitast þau á móti.“

Ekki halda börnum í sundur

Eitt mikilvægt atriði sem Anna bendir á er að halda ekki börnum frá sama menningar- eða tungumálahópi í sundur. Hún segir þann ótta hafa verið fyrir hendi að sé þeim leyft það þá læri þau ekki íslensku og muni ekki ná að kynnast og leika við börn frá Íslandi.

„Það er einfaldlega ekki rétt. Börn vilja verða partur af hópi, þau vilja eignast vini og læra það tungumál sem er í þeirra umhverfi. Það er ástæðulaust að óttast að þau muni ekki ná að kynnast heimameningunni eða læra nýtt tungumál. Það er einfaldlega ekki hægt að ætlast til þess að börn aðlagist nýjum aðstæðum á skömmum tíma. Það á ekki að búast við skyndilausnum.



ANNA KIROVA Anna segir að mikilvægt sé fyrir skólafræðingum í landinu að veita börnum innflytjenda tækifæri til þess að tjá sig á annan hátt en með orðum. Með því að beita þau of miklum þrýstingi að læra nýtt tungumál geta þau orðið því afhuga, farið í baklás og orðið óörugg. Fjölmörg tækifæri eru fyrir hendi til þess að gefa þessum börnum tækifæri til að tjá sig, á meðan þeim er sýndur víðeigandi skilningur á því að það tekur tíma að aðlagast nýjum menningarheimum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Málfræði er leiðinleg

„Flestum börnum þykir málfræði leiðinleg, hvort sem hún er á þeirra móðurmáli eða öðru tungumáli. Málfræði er ekki besti vettvangurinn fyrir neinn til að læra tungumál. Hins vegar læra börnin að tala þegar þau leika sér saman og eru að gera eitthvað skemmtilegt, þannig að ég vil hvetja Íslendinga til að leyfa þeim að gera það.“

Anna telur að íslenskir skólar geti gert meira af því að bjóða upp á verkefni fyrir börn þar sem þau fá að njóta sín án þess að reyna að tala tungumál sem þau kunna ekki, eins og í gegnum listir eða íþróttir.

„Þar ná þau að tjá sig og koma á framfæri því sem þau hafa ástríðu fyrir. Þá sjá börnin í heimameningunni líka að þessi börn vita eitthvað um heiminn. Og á endanum kynnast þau þeim og verða vinir.“

„Það eru margar leiðir til að virkja börn á annan hátt en í gegnum tungumál. Það má ekki styðjast eingöngu við tal, því það getur reynst þessum hópi mjög erfitt og þeim líður endalaust eins og þau séu ekki nægilega hæf til að taka þátt í verkefnum. Því hvet ég skóla til að leggja meiri áherslu á verkefni þar sem tungumálakunnátta spilar ekki aðalhlutverk.“

Sýna, ekki segja

Eitt af rannsóknarverkefnum Önnu og samstarfsmanna hennar á börnum innflytjenda í Kanada var stofnun ljósmyndaklúbbs fyrir 12 til 13 ára börn, þar sem þau fengu öll sínar myndavélar og ákveðin verkefni til að leysa. Börnin komu frá sjö mismunandi menningarþjóðum.

„Við sendum þau út að ljósmynda staðina í skólanum sem þeim líkaði vel



Rannsóknir hafa sýnt að besti aldurinn til að læra annað tungumál er fjórtán ára. Á þeim aldri læra börnin hægar en þau sem yngri eru, en þau eru jafnframt meðvitaðri um framburð en fullorðnir.

Foreldrar verða að vera meðvitaðir

„Foreldrar verða að hafa í huga það sem þeir segja inni á heimilinu,“ segir Anna. „Þau orð sem valin eru þegar rætt er um útlendinga fara oft út fyrir vegg heimilisins – vegna þess að börn læra það sem fyrir þeim er haft. Það er því gríðarlega mikilvægt fyrir foreldra að vera meðvitaðir um hvaða nöfn og orð eru valin þegar rætt er um innflytjendur og útlendinga almennt. Sérstaklega á tímum efnahagskreppu og störf í samfélaginu eru af skornum skammti, þegar ólíklegra er að almenningur sé skilningsríkur og taki innflytjendum opnum örmum. Þannig verða fordómar til.“

við eða þeim þóttu óhugnanlegir. Með því sýndu þau sögurnar sínar án þess að segja þær. Þá tókum við eftir því að sumir krakkarnir segja hluti sem þeir eru ekki að hugsa og hugsa hluti sem þau segja ekki. Í gegnum svona verkefni er auðveldlega hægt að finna út á hverju börnin hafa áhuga, hvað þau óttast og hvað þeim finnst annaðhvort ljótt eða fallegt.“

Einelti var eitt af atriðum sem komu upp í verkefninu. Í gegnum myndaval barnanna áttuðu Anna og samstarfsfélagar hennar sig á því að körfubolta-völlurinn var staður sem hræddi þau börn sem ekki töluðu ensku og því forðuðust þau hann. Þar voru þau skilin útundan og þeim var strítt og þau máttu ekki spila með. Þá voru ræddar leiðir til að takast á við það.

Fjórtán ára besti aldurinn

Fjórtán ára er besti aldurinn til að læra annað tungumál. Anna segir að sökum þess að unglingar sem flytja til nýs lands eigi erfðara með að aðlagast umhverfinu og tungumálinu en þau sem yngri eru, þurfi að veita þessari staðreynd sérstaka athygli.

„Við höfum komist að því að þau börn

sem koma seint til annars lands eiga fyrst sinn í erfiðleikum með að læra tungumálið, vegna þess að þau hafa vel þróað móðurmál. En seinna tungumálið lærist þá á efra stigi og því betur, jafnvel þótt þau hafi sterkan hreim.

Þess misskilnings hefur gætt að þeir sem eru með sterkan hreim hafi ekki þar með nægilega góða kunnáttu á málinu. Anna segir það ekki rétt og á þessu tvennu sé afar mikilvægur munur.

„Ef móðurtungumálið er ekki nægilega vel þróað, eins og í tilviki ungra barna, þá heldur sú þróun áfram yfir á næsta tungumál, það er að segja, það þróast ekki nægilega vel, þrátt fyrir að hreimurinn sé enginn. Þó að öðru hafi verið haldið fram, þá er betra að hafa vel þróað fyrsta tungumál og bæta svo við það. Rannsóknir hafa sýnt að besti aldurinn til að læra annað tungumál er fjórtán ára. Á þeim aldri læra börnin hægar en þau sem yngri eru, en þau eru jafnframt meðvitaðri um framburð en fullorðnir. Þetta vita fáir og því er þessu ekki veitt næg athygli í skólakerfinu. Ég held að við höfum tækifæri til að vinna með unglungum á vettvangi sem fólk gerir sér ekki grein fyrir og þar liggja margir möguleikar.“



DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN

Columbia
Sportswear Company

SÍÐUSTU DAGAR ÚLPU- DAGA ELLINGSEN

PIPAKTÉVA • SÍA • 112883



DIDRIKSONS EXPEDITION ÚLPA
Stærðir 36-44, einnig til í bláu

23.992 KR.
FULLT VERÐ 29.990 KR.



COLUMBIA LAY 'D DÚNÚLPA
Stærðir XS-XL, einnig til í rauðu

35.992 KR.
FULLT VERÐ 44.990 KR.



DIDRIKSONS CAMDEN
BARNAÚLPA
Einnig til í gráu og bleiku

10.392 KR.
FULLT VERÐ 12.990 KR.



DIDRIKSONS GILBERT
ÚLPA
Stærðir S-XXL

19.992 KR.
FULLT VERÐ 24.990 KR.

COLUMBIA ALASKAN DÚNÚLPA
Stærðir M-XXL

39.992 KR.
FULLT VERÐ 49.990 KR.



DIDRIKSONS RALPH ÚLPA
DIDRIKSONS ESTELLE ÚLPA
Stærðir 130-170
Einnig til í svörtu og fjólubláu

13.592 KR.
FULLT VERÐ 16.990 KR.



MOUNTAIN HARDWARE
CHILLWAVE DÚNÚLPA
Stærðir S-XL, einnig til í svörtu

55.992 KR.
FULLT VERÐ 69.990 KR.



NIKE ALLURE DÚNÚLPA
Stærðir S-XL

23.992 KR.
FULLT VERÐ 29.990 KR.



MOUNTAIN HARDWARE
NITROUS DÚNÚLPA
Stærðir M-XXL

43.992 KR.
FULLT VERÐ 54.990 KR.

NIKE BASECAMP
PRIMALOFT JAKKI
Stærðir S-XXL

23.992 KR.
FULLT VERÐ 29.990 KR.




Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is



Ellingsen

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA




ISLANDS LAMB

Ferskt ókryddað

1395
KR. KG



ISLANDS LAMB

Ferskt jurtakryddað

1395
KR. KG

FERSKT SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI - MINNA BEIN MEIRA KJÖT



Mango lamb
úrbeinað lambalæri

1998
KR. KG

**FERSKT MANGÓKRYDDAÐ
ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI**



NORÐLENSKT
KOFAREYKT
HANGIKJÖT

2598
KR. KG.

KJARNAFAEDI
KOFAREYKT
ÚRB. HANGILAERI



TILBOÐ
Ali
tilboð
tilboð
ALI BJÚGU

359
KR. 750G

ALI BJÚGU 4 STK.



898
KR. KG

**NAUT - GRÍS - LAMB
BLANDAÐ HAKK**



Ali

998
KR. KG

FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



KJÖRFUGL

1995
KR. KG

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



Kyckling/Kylling

**FROSINN 1.6 KG.
DANSKUR
KJÚKLINGUR**

MEIRA KJÖT, MINNA BEIN
MATUR FYRIR ALLT AÐ FJÓRA!

1298 KR. STK



Ali
TILBOÐ
Ali
Reykt medisterpylsa

598
KR. KG

ALI REYKT MEDISTERPYLSA



KJÖRFUGL

695
KR. KG

FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR



NÝTT Í
BÓNUS

nordanfiskur

LÉTTSAFTAÐIR ÞORSK-HNAKKAR

1998 KR. KG

Mun Ísland taka við flóttamönnum á næsta ári?

Við gerum of lítið

Fréttablaðið segir frá því í dag að formaður flóttamannanefndar velferðarráðuneytisins, Íris Björg Kristjánsdóttir, vonist til að hægt verði að taka á móti flóttafólki á vegum Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna, svokölluðum kvótaflóttamönnum, á næsta ári. Þó sé óvíst að fjárveitingar fái til þess.

Ísland hefur í gegnum tíðina staðið sig mun verr en nágrannalöndin í móttöku flóttamanna. Undanfarinn hálfan annan áratug, eftir að sérstakt flóttamannaráð var stofnað (það heitir núna flóttamannanefnd), hefur þó orðið ákveðin breyting til batnaðar. Frá 1995 hafa þannig komið að meðaltali um tuttugu flóttamenn á ári hingað til lands á vegum Flóttamannahjálparinnar.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Ef við horfum til hinna norrænu ríkjanna taka Svíar á móti um 1.900 kvótaflóttamönnum árlega, Norðmenn á móti 1.200, Finnar 750 og Danir 500. Norðmenn standa sig hlutfallslega bezt; ef við ætluðum að taka á móti jafnmörgum flóttamönnum á ári á hverja þúsund íbúa og þeir

gera þyrftum við að bjóða um 80 manns nýtt heimili hér á landi á ári. Ef við vildum gera jafn vel og Danir tækjum við á móti 29 manns á ári.

Eftir hrun hafa hins vegar aðeins sex flóttamenn komið til Íslands á vegum Flóttamannahjálparinnar. Þeir komu frá Kólumbíu og fengu heimili í Reykjavík í fyrra.

Vissulega hefur þurft að skera niður í ríkisútgjöldunum eftir hrun. Það breytir ekki siðferðilegri skyldu Íslendinga til að hjálpa bágstöddu fólki sem hvergi á höfði að að halla. Við erum áfram rík þjóð, margfalt ríkari en þau lönd sem taka að sér meiripartinn af flóttamönnum á heimsvísu.

Það er nefnilega bábilja að á Vesturlöndum sé eitthvert ógurlegt flóttamannavandamál. Áttatíu prósent þeirra 44 milljóna manna sem eru á vergangi eftir að hafa flúið stríð, náttúruhamfarir eða hungursneyð í heimahögunum hafast við í fátækum ríkjum í þriðja heiminum sem eiga miklu minna aflögu til að hjálpa þeim en við.

Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna hefur kallað eftir því að vestræn iðnríki stækki sína árlegu kvóta og taki á móti fleiri flóttamönnum. Víða er þó andstaða við slíkt. Í Noregi, Danmörku og Finnlandi starfa til dæmis stjórnmalaflokkar sem berjast fyrir því að tekið verði á móti færri flóttamönnum en undanfarin ár.

Lausn okkar Íslendinga er að tala bara alls ekki um flóttamenn eða hvernig við getum aðstoðað þá. Íris Björg segir í blaðinu í dag að almennan áhuga á málefnum flóttamanna vanti hjá Íslendingum. Fari umræðan hins vegar af stað fyrir alvöru muni það skila sér til þeirra sem taki ákvarðanir um hvort tekið verði við flóttamönnum á ný.

Í haust kom út bók eftir Sigríði Víðis Jónsdóttur, Ríkisfang ekkert, þar sem fjallað er um palestínsku flóttamennina frá Írak sem fengu heimili á Akranesi haustið 2008. Það er áhrifamikil bók. Þeir sem hafa lesið hana ættu að geta látið að sér kveða í umræðum um flóttamannamál og skorað á stjórnvöld að halda áfram þar sem frá var horfið fyrir hrun. Staðreyndin er nefnilega sú, eins og formaður flóttamannanefndar bendir á, að það litla sem Ísland hefur gert í málefnum flóttamanna hefur verið gert nokkuð vel.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

15% AFSLÁTTUR

Nicorette Fruitmint 15% afsláttur af öllum pakkningastærðum til 15. desember

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER
APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ferðasirkus og loftfímléikar

Í óundirbúnum fyrirsurnatíma á þingi í gær bar margvísleg forvitnilegt á góma. Gunnar Bragi Sveinsson spurði iðnaðarráðherra út í byggðastefnu ríkisstjórnarinnar á Vestfirðum. Hann hafði það á orði í gagnrýni sinni að ríkisstjórnin hefði farið eins og ferðasirkus um landið og lofað öllu fögru. Að samtali þeirra loknu fór Ólöf Nordal í pontu og ræddi skuldavanda heimilanna. Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, var til andsvara og sótti líkingu í sömu átt og Gunnar Bragi; sagði innstæðulausa loftfímléika einkenna tillögur Sjálfstæðisflokksins í málaflökknum.



Syfjulega gáfnaljósíð

Grein eftir Jón Baldvin Hannibals-son, fyrrum ráðherra og formann Alþýðuflokksins, birtist í Fréttablaðinu í gær. Þar fjallaði Jón um umræður ræðumanna á ráðstefnu stjórnvalda og AGS í Hörpu í síðustu viku og mærdi Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands, fyrir að slá öllum erlendum kollegum sínum við.

EKKI var nóg með það heldur gaf Jón Gylfa nýtt viðurnefni; syfjulega gáfnaljósíð.

Höfuðið og steinninn

Óhefðbundið orðfæri Vígðisar Hauksdóttur hefur vakið nokkra



athygli undanfarið. Skemmst er að minnast þegar hún sagði forsætisráðherra kasta grjóti úr steinhúsi og áður þegar hún sagði sjálfa sig ekki stinga höfðinu í steininn. Aðrar og hefðbundnari útgáfur eru til af þessum orðatiltækjum en Vígðis sneri fljótlega vörn í sókn, sagði orð sín einungis vera öðruvísi og fyrir bragðið áhrifameiri. Hún virðist nú reyna að festa orðatiltæki sín í sessi því í gær sagði hún fjármálaráðherra stinga höfði sínu í steininn.

magnusl@frettabladid.is
thorunn@frettabladid.is

HALLDÓR



Tregur vilji

Menntamál



Sigurður Konráðsson
prófessor

Alþingi hefur gengið ótulllega fram í að samþykkja ýmis lög og þingsályktanir sem varða íslenskt mál. Íslensk málnefnd hefur starfað vel að marghátuðum undirbúningi sem tengist þessari vinnu. Í lögum þessum og samþykktum er meðal annars lögð áhersla á kennslu íslensku sem móðurmáls á öllum skólastigum. Afar misjafnt er hvernig við hefur verið brugðist í skólum landsins. Hvers vegna er tregða til að bregðast við eindregnum vilja opinberra aðila þegar viðfangsefnið er íslensk tunga? Ekki fór mikið fyrir umræðum um VII. kafla í lögum um Stjórnarráð Íslands (nr. 115/2011, samþykkt 17. september, lögin tóku gildi 23. september). Þar er meðal annars sagt að „Forsætisráðherra mót[i] Stjórnarráðinu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd“. Enn fremur segir að „[m]ál það sem notað er í starfsemi Stjórnarráðsins eða á vegum þess skal vera vandað, einfalt og skýrt“. Í lögum er gerð krafa um vandaða málnotkun og málstefna skal vera til.

Íslensk málnefnd sendi frá sér tillögur að íslenskrí málstefnu í ritinu „Íslensku til alls“ árið 2008. Tillögur þessar voru samþykktar einróma sem þingsályktun á Alþingi 12. mars 2009 (þskj. 699). Megin-efnið er þetta:

„Þingsályktun um íslenska málstefnu.

Alþingi ályktar að samþykkja tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskrí málstefnu sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu.“

Þar með varð í fyrsta skipti í sögunni til íslenskrar málstefna. Alþingi lét ekki þar við sitja. 7. júní 2011 voru samþykkt Lög um stöðu íslenskrar tungu og táknmáls (nr. 61/2011). Fleira mætti nefna þar sem fram kemur eindreginn vilji stjórnvalda, til dæmis um aukinn hlut íslensku í kennslu í grunnskóla (kemur fram í viðmiðunarstundaskrá) og áhyggjur af stöðu íslensku í skólakerfinu, ekki hvað síst í menntun kennara.

Hverjum sem fylgst hefur með umræðu um íslenskt mál hér á landi og umræðu um móðurmál og móðurmálskennslu í nágrannalöndum hefur brugðið þegar hann áttar sig á hve víða er að finna afar tregan vilja til þess að fara eftir því sem ætlast er til af stjórnvöldum. Svo gæti virst sem ekki dugi að setja lög, að Alþingi samþykki þingsályktun, að Íslensk málnefnd lýsi yfir stefnu í lögbundnum ársskýrslum, að mennta- og menningar- málarráðherra sendi stærstu kennaramenntunarstofnun bréf þar sem minnt er á íslenska málstefnu og þótt háskólakennarar fari í bréfum fram á að tekið verði tillit til þess vilja sem hér hefur verið lýst. Hvers vegna?

Hagsmunaráðuneyti

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Ríkisendurskoðun gerði fyrr á þessu ári úttekt á útivistun opinberra verkefna til Bændasamtakanna. Niðurstöðurnar voru þær að samtökunum væri falið opinbert vald meðan fjárhagslegt og faglegt eftirlit á eftirfylgni samninga við þau skorti. Einnig var mælt til að stjórnvöld söfnuðu sínum eigin tölfraeðiupp- lýsingum um landbúnað í stað þess að reiða sig á gögn hagsmunasamtaka.

En það er annar vandi í þessu sem er ekki minni. Í raun væri líttill fengur í því að færa opinber verkefni frá Bændasamtökunum til ráðuneytis landbúnaðarmála meðan það síðara er einungis opinber stjórnsýsluarmur þess fyrrnefnda. Lenda ráðherrar búnaðarmála oft í harðvítugum deilum við samtök bænda? Nei, þeir eru talsmenn hagsmunahópsins, á þingi jafnt sem í ríkisstjórn.

Þegar kemur að viðbrögðum við áður nefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar þá ver ráðuneytið stöðu Bændasamtakanna af meiri eldmóð en Bændasamtökin gera sjálf.

„Ráðuneytið tekur ekki undir þá almennu skoðun Ríkisendurskoðunar að framsal verkefna samkvæmt búnaðarlögum til Bí sé óæskilegt og feli í sér hættu

Pað er auðvitað grátbroslegt að ráðuneytið beri fyrir sig fjárskort þegar kemur að því fylgjast með því hvert fjármunir þess fara.

búnaðarráðuneytis við umræddri skýrslu voru að jánka sumu, neita öðru en gera alltaf sitt.

Ráðuneytið telur þannig að Bændasamtökin taki „hófllegt gjald“ fyrir þjónustu sína og því sé „ljóst“ að flutningur verkefna þaðan mundi þýða aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Nú legg ég til að ráðuneytið leggi strax í dag fram þau gögn sem sýna hve mikla kostnaðaraukningu tilfærsla þessara opinberu verkefna til hins opinbera hefði í för með sér. Þær tölur hljóta að liggja fyrir.

Fer féð til fjár?

Pað er auðvitað grátbroslegt að ráðuneytið beri fyrir sig fjárskort þegar kemur að því fylgjast með því hvert fjármunir þess fara. Dálítið eins og maður sem segir: „Ég hef ekki tíma til að fylgjast með því hverju ég eyði peningum í. Þá gæti ég misst af einhverju góðu tilboði á hópkaup.“ Gleymum því ekki að þeir fjármunir sem fara í stuðning við landbúnaðarframleiðslu eru ekki lágir. Þeir eru með þeim hæstu í heimi. Pað er, vel á minnst, ein af fáum fullyrðingum í efsta stigi um íslenskan landbúnað sem ég hef séð studda gögnum.

Gagnaöflun á sviði búnaðarmála er síðan annað mál. Hagstofan geymir fáar tölur um landbúnað, flest frumgögnin eru geymd annars staðar, meðal annars hjá Bændasamtökunum. Nú er þar með ekki sagt að það sé vont að hagsmunaaðilar reki margvíslega upplýsingasöfnun fyrir félagsmenn sína. En það er nauðsynlegt að gögnum sem nýta á í opinberri umræðu sé einnig safnað, eða þau í það minnsta sannreynd, af einhverjum sem ekki hefur beinna hagsmuna að gæta. Myndum við velja inn í skóla á grundvelli einkunna sem nemendur hafa gefið sér sjálfir?

á hagsmunaaðrekstrum. Þvert á móti geti verið sterk rök fyrir því að þetta sé árangursríkt fyrirkomulag. Þá er algengt í öðrum löndum að leiðbeiningaþjónusta og kynbótastarf sé rekið á vegum bændasamtaka. Í aðildarlöndum Evrópusambandsins er t.d. mælt fyrir um að ríkar heimildir ríkjanna til að veita fjárstuðningi til leiðbeiningarþjónustu.“

Svona svara okkar fulltrúar. „Samkrull er gott. ESB styrkir fræðsluþjónustu hagsmunasamtaka. Við látum hagsmunasamtök til viðbótar greiða út framleiðslu- styrki. Sama kartaflan.“

Að láta ekki múta sér til fagmennsku

En hafi ráðherra sjávar og sveita áhyggjur af þeim kostnaði sem hlotist getur af tilfærslu opinberra verkefna til hins opinbera þá er raunar smávon til að lækka þann kostnað. Svo vill til að þær athugasemdir sem Ríkisendurskoðun gerir eru að meginstofni þær sömu og ESB gerir við fyrirkomulag búnaðarmála hérlandis. Innan sambandsins eru til sjóðir sem geta komið til móts við slíkan kostnað, kostnað sem kemur til vegna væntanlegrar ESB-aðildar Íslands. En það vilja menn auðvitað ekki gera. Pað væri aðlögun.

Pað væri auðvitað æskilegt að ríkið sinnti eðlilegu eftirlits- og stjórnsýsluhlutverki sínu á sviði landbúnaðar, óháð því hvort við endum í ESB eða ekki. En ráðuneytið og hagsmunasamtökin veðja á að geta staðið fyrir utan og haldið þannig áfram samkrullinu. Tala svo um að aðlögun. Já, hver spurði íslenska kjósendur að því hvort þeir vildu vandaðri stjórnsýslu og óháða hagskýrslugerð í landbúnaði? Ha, enginn? Á bara að troða þessu ofan í kokið á þjóðinni?

Jafnvægi í náttúrunni

Dýravernd

Ari Trausti Guðmundsson
ríthöfundur og jarðvísindamaður



Veidinytjar eru eðlilegur þáttur í mannvist á Íslandi. Ég hef stundað fugla- og fiskveiðar og horft á veiðar á sjávar- og landspendýrum. Enda þótt veiðisaga landsins einkennist af athöfnum sem miða að ásættanlegri mataröflun og útivist er þar líka annað að finna; allt frá sorglegum veiðibjófnaði eða drápum á friðuðum dýrum til athafna sem miða að því að fækka því sem okkur hefur orðið tamt að kalla meindýr eða varg. Þegar kemur að fuglum eða spendýrum er t.d. átt við hrafn, ref og háhyrning. Hugmyndafræðin er þessi: Ef við drepum ekki nógu marga einstaklinga ræna þeir af okkur bráð eða spilla landbúnaði. Einfalt og klárt. Um leið er að mestu litið framhjá þeim flóknu ferlum í náttúrunni sem stjórna því að ein tegund (sem hefur átt sér langtíma þróun í landinu) hvorki útrýmir né knésetur margar aðrar.

Pað var meginatriði í grein minni 12. okt. sem Árni Lund gerir rökstuddar og hógværar athugasemdir við. Og þess vegna dró ég upp mynd af Íslandi fyrir landnám þar sem ekki eigruðu tugþúsundir svangra refa um rjúpnalaust land og þúsundir arna skyggðu ekki á sólarljósið. Sambýli gæsa og refa í Þjórsárverum er dæmi um raunveruleikann. Æti refa er sennilega ekki sú stærð sem margir halda.

Innbyrðis atferli dýra og eðli þeirra skýrir af hverju örfá hundruð arna, örfá þúsund fálka og smyrta, allmörg þúsund refa og óteljandi tugþúsundir alls konar fugla gætu þrífist á 90.000 ferkílómetrum lands, að undanskildum jökluum. Fyrir 9.000 refi er 10 ferkílómetra veiðisvæði til reiðu hverju dýri, fullorönu jafnt sem yrðlingi, vilji menn einfalda málið. Vissulega hefur maðurinn áhrif á fyrrgreint jafnvægi með athöfnum, jafnvel svo að tiltekinn stofn stækkar eða minnkar, en það gerir líka veðurfar og margt fleira.

Ég hef ekki lagt til að refadrápi sé alveg hætt, heldur hvatt til þess að stofninn fái lífsrými sem hæfir þessum frumbyggja, en skilgreini það ekki því til þess skortir mig þekkingu. Refastofninn var kominn í 2.000 dýr þegar rannsóknir hófust. Pað hefði dugað til að setja hann á válista á meginlandi Evrópu. Nú er hann sagður milli 8.000 og 10.000 dýr. Líklega telja dýrafræðingar hámarkið nálgast. Væri áhugavert að þeir blönduðu sér í upplýstar umræður um rándýr, menn, sauðfé og fugla.

Fráleitt er að kenna stærri refastofni um umtalsverðar breytingar í íslensku fuglafánu. Á þeim eru auðvitað fjölmargar skýringar og á tófan þar aðeins einn hlut að máli og alls ekki stærstan. Hann eigum við að þola. Pað var inntakið í greininni.

Ágreiningur okkar Árna kristallast í einni setningu hans: „Hugmyndir sumra um að hægt sé að hafa mikið af rjúpu öðru megin á fjallinu og marga refi hinum megin ganga einfaldlega ekki upp, sbr. refafriðlandið á Hornströndum.“ Ég tel að rjúpur og refir þrífist ágætlega í bland báðum megin á fjallinu, því það sanni reynsla úr flestum löndum, t.d. Grænlandi, ásamt rannsóknnum á sambýli rándýra og bráðar.

Staðhæfingar um samstiga refafár og fuglauðn á Hornströndum og enn fremur um mikla viðvist fugla þar sem refaveiðar eru mestar gætu verið orðum auknar. Hvað Hornstrandir varðar bið ég um talnastudd rök með hliðsjón af rannsóknnum á fæðuframbóði fyrir fugla og vegferð þeirra á vetrarsetustöðum. Hvað staðbundið og blómlegt

fuglalíf og fáa refi varðar mætti biðja um skýringar á því af hverju aðrir umhverfisþættir en refafjöldi eru undanskildir mati á fuglafánu og af hverju til eru svæði með bærilega mörgum refum og býsna frjóu fuglalífi, sbr. Þingvallabjörgard og nágrenni hans.

Nútíminn hefur kennt að skipulagðar og oft óafturkræfar aðgerðir í vistkerfum til að þvinga fram gjörbreytt vægi milli ólíkra þátta eru andstæðar skynsamlegu sambýli manna og lífríkisins í kringum þá.



EITT FALLEGASTA LEIKHÚS REYKJAVÍKUR OPNAR Í KVÖLD

GÓÐA SKEMMTUN Í VETUR!

Miðasala í síma 563 4000 - www.gamlabio.is



Frumstýnt í kvöld



Forsala miða hefst í dag
Opnunarafsláttur út vikuna



Frumstýnt í október

Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlesnum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegri er að hún fái skjóta birtingu. Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagsamtökum, ráðstefnum eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til stytta efni.

Ýkjur um afskriftir í fjölmiðlum

Sveitarstjórnarmál

Sigurður Magnússon
fv. bæjarstjóri Álftanes



Fjölmiðlar hafa flutt fréttir af fjögurra milljarða afskriftum skulda hjá Sveitarfélaginu Álftanesi. Hér er verið að ýkja og líklegur að samningar náist um einn milljarð í afskriftir, eða leiðréttingu bankalána og eru þá meðtalin lán Fasteignar vegna Álftaneslaugar. Gegnir furðu að bæjarfyrirvöld skuli ekki leiðrétta þennan fréttaplutning og gefa íbúum Álftanes réttar upplýsingar um stöðu mála. Þöggunin á þeim bæ getur ekki þjónað hagsmunum íbúanna þótt að sjálfsgöðu þurfi að virða trúnað um einstök samningsgögn.

Erlend lán vafalaust ólögleg miðað við dóma

Auk samninga um bankalán vinnur fjárhaldsstjórnin að öðrum samningum við endurskipulagningu fjármála. Áformað er að kaupa sund- og íþróttamiðstöð af Fasteign. Kaupin breyta eigna- og skuldfærslu í bókhaldi um einn milljarð þar sem lán færast með öðrum hætti en leigusamning. Rífta á samningum við Búmenn um uppbyggingu á miðsvæðinu og lækka þá skuldbindingar bæjar-sjóds um milljarð. Á-listinn hefur gagnrýnt riftum þessara samninga, enda skapa þeir bæjarsjóði nýjar tekjur sem verða hærri en skuldbindingin.

Að lokum kemur milljarður frá Jöfnunarsjóði. Greiðslurnar frá Jöfnunarsjóði má líta á sem

síðbúna leiðréttingu á margra ára misrétti sem Álftanes hefur búið við. Heildaráhrif þessara fjárhaldsgjörninga kunna að vera rúmírfjór milljarðar, en afskriftir skulda eða leiðrétting lánna eru um milljarður. Reyndar er eðlilegra að tala um leiðréttingu bankalána en afskriftir vegna þess að erlend lán sveitarfélagsins eru ólögleg, sé tekið mið af nýlegum dómum. Tjón sveitarfélagsins vegna erlendra lána er rúmlega sú leiðrétting sem verið er að semja um.

Klíkstjórnarsýsla

Hverjir hafa hagsmuni af því að ljúga afskriftum upp á Álftanes og segja einn milljarð vera fjóra og eiga greiðan aðgang að fjölmiðlum? Eru þetta sömu aðilar og sögðu skuldarnar vera sjö milljarða 2009 þegar nær var að tala um rúma fimm? Á þessi fréttaplutningur að draga kjark úr Álftanesingum? Getur verið að þetta séu sömu öfl og hafa lagt áhersu á að sameina Álftanes og Garðabæ? Það er ekki gleymt að tveir af þremur fulltrúum í Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaganna sem D-listinn kallaði til eftir að meirihluti Á-lista féll, haustið 2009, hafði fyrir fram mótaðar skoðanir um sameiningu við Garðabæ. Formaður var að auki endurskoðandi Garðabæjar til margra ára. Dæmigerð íslensk klíkustjórnarsýsla sem þyrfti að rannsaka.

Heildstæð sameining og friðun við Skerjafjörð

Þegar samningum fjárhaldsstjórnar lýkur á næstu vikum munu sameiningarviðræður við Garðabæ hefjast aftur eftir hlé. Betra væri þó, í samráði við íbúana, að skoða málin upp á

nýtt. Eins og aðstæður eru á höfuðborgarsvæðinu ætti að ræða heildstæða sameiningu. Samkvæmt nýjum sveitarstjórnarlögum má hlutfall skulda af tekjum ekki vera hærra en 150%. Mörg sveitarfélög eru þó yfirskuldsett, s.s. í þéttbýlinu. Þannig er skuldahlutfall t.d. hjá Kópavogi, Reykjavík og Hafnarfirði á bilinu 250-350%.

Hagræðing er því aðkallandi um leið og verja þarf þjónustu við íbúana. Stór sameining opnar líka ný tækifæri í skipulags- og umhverfismálum. Í viðræðum um sameiningu þyrftu Álftanesingar að semja um bættar þjónustu og atvinnu í heimabyggð með uppbyggingu á „grænum miðbæ“ sem búið er að skipuleggja. Semja þarf um verndun einstakrar náttúru á Álftanesi og að unnið verði með Umhverfisstofnun að friðun Bessastaðaness og strandsvæða.

Fjöldi skuldsettra sveitarfélaga og ný lög

Nýsamþykkt sveitarstjórnarlög boða íbúalýðræði og er það fagnaðarefni. Í þeim eru einnig ákvæði um hámarksskuldsetningu sveitarfélaga, hliðstætt þeirri forskrift sem fylgt er við endurskipulagningu fjármála á Álftanesi. Munur er þó á. Lögin gera ráð fyrir reglugerð sem heimilar aðlögun skuldsettra sveitarfélaga í allt að tíu ár meðan Álftanes á að uppfylla þetta ákvæði strax, eða að öðrum kosti sameinast öðru sveitarfélagi. Fyrirhuguð reglugerð ætti að gera kleift að endurskoða áætlanir á Álftanesi, s.s. um uppbyggingu á miðsvæðinu. Hvernig sem ræðst úr sameiningarmálum á markmiðið að vera sjálfbær byggð á Álftanesi með góða þjónustu.

Það læra börnin sem fyrir þeim er haft

Samfélagsmál

Guðrún Jónsdóttir

verkefnastjóri hjá Heimili og skóla - landsamtökum foreldra



Eineltismál hafa verið í umræðunni að undanfögnu, því miður ekki að ástæðulausu. Þetta virðist vera mein sem er viðvarandi. Afleiðingarnar geta verið hræðilegar og því er þarft að ræða þessi mál þótt þau séu illviðráðanleg og viðkvæm. Samfélagið þarf að vera meðvitað og skoða hvað það er í uppbyggingu þess sem viðheldur þessari hegðun. Við erum öll ábyrg fyrir því að taka á vandanum.

Í skólum landsins hafa verið gerðar ýmsar tilraunir til að bregðast við einelti þegar það kemur upp. Heimili og skóli - landsamtök foreldra hafa bent foreldrum á leiðir til að stemma stigu við því með ýmsum hætti. Meðal þess sem við kynnum fyrir foreldrum í fyrirlesturum okkar eru svokallaðir vinahópar. Þá taka foreldrar sig saman og skipta bekk eða árgangi upp í smærri

muna að það er lærð hegðun, ekki meðfædd.

Skólar landsins virðast úrræðalitlir þegar kemur að því að eiga við einelti. Það má merkja á því að oft hrekjast þolendur eineltis úr skóla sínum til að flýja ofbeldið. Láti það hver sem vill foreldri að taka barn úr skóla sem þurft hefur að þola einelti árum saman. Þegar svo er komið er yfirleitt búið að halda marga fundi með skólustjórnendum, umsjónarkennara og námsráðgjafa með foreldrum þolenda og gerenda. Einhvern veginn virkar ekkert og á endanum taka foreldrar barnið úr skólunum.

Eftir það er oft ekkert meira aðhafst. Þolandiinn er bugaður og hrakinn á brott. Skila-boðin frá samfélaginu eru að hann hafi þurft að lúta fyrir ofbeldinu. Gerandiinn lærir að ofbeldið hafi borið árangur og sú hegðun virki fyrir hann. Hvað verður um þann einstakling í samfélaginu? Hvað mun hann leggja af mörkum framvegis? Hvernig mun hann ná sínu fram á sínum vinnustað? Sömuleiðis spyr maður hvernig þolandiinn muni dafna í framtíðinni?

Börnin eru framtíðin og við eigum að leggja allt á okkur til að að fyrirbyggja og taka á einelti í skólum landsins. Það mun bera ávöxt.

hópa til að hjálpa börnunum að tengjast á jákvæðan hátt í náinni umsjón ábyrga aðila. Markmiðið er að gera eitt-hvað uppbyggilegt og skemmtilegt til að hjálpa börnunum að tengjast og umgangast hvert annað af virðingu.

Stundum kemur það upp að einhverjir foreldrar eru ekki með aðstöðu til að taka þátt. Þá er vert að hafa í huga að það eru oftast ekki börn þessara foreldra sem þurfa hvað mest á því að halda að vinahópar séu myndaðir. Þeir sem eru sterkari leggja sitt af mörkum til að hlúa að hinum sem minna mega sín.

Ef til vill er þetta hornsteininn að því að útrýma einelti. Þegar skilningur er fyrir því að við byggjum betri lífs-gæði fyrir heildina með því að huga vel að öllum. Þegar hver hugsar aðeins um sig og sinn hag tviðstrumst við og sumir verða utanveltu. Þetta þarf ekki að vera svona. Við eigum að vera komin lengra en svo. Einelti er ekki eðlilegur fórnarkostnaður. Einelti er mjög frumstæð hegðun sem byggir á mikilli skammsýni. Framsýni á að vera markmið þróaðs samfélags, og það að huga að velferð hópsins sem heildar kemur sér vel fyrir alla þegar fram horfir.

Einelti er ekki bundið við börn og unglíng. Það á sér einnig stað hjá fullorðnum. Þetta er samfélagsmein. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Talsmáti á heimili og framkoma við annað fullorðið fólk hefur mikil áhrif á það hvernig börnin okkar haga sér. Börn eru óvitar. Þau horfa til okkar uppalendanna um leiðsögn og fyrirsmæli. Þegar barn leggur ánað barn í einelti og sú hegðun er ekki leiðrétt erum við ekki að sinna skyldum okkar sem uppalendur. Það er afar mikilvægt að kenna börnum nærgætni og umburðarlyndi og jafn mikilvægt að

Öll börn eiga rétt á viðunandi aðstöðu til náms innan síns sveitarfélags. Ábyrgð skóla er því rík að skapa umhverfi þar sem allir geta þrífist. Við eigum að geta krafist þess að þessar stofnanir bregðist við og leysi vandamál sem koma þar upp. Jafnframt þurfa foreldrar að axla sína ábyrgð og koma að lausn málsins eins og þeim er kleift. Íþróttafélög eru hér ekki undanskilin. Þar er ýtt undir samkeppni og slíkur samanburður getur leitt til eineltis. Þau þurfa að vera meðvituð um og vakandi fyrir að íþróttir hafa uppeldislegt gildi. Foreldrar eiga að fara fram á að þar séu allir hvattir og studdir jafnt. Fjölbreytileikinn er nauðsynlegur en hann þrífist ekki ef við reynum að steypa alla í sama mót. Það er ábyrgðarhlutur að vera þátttakandi í samfélagi. Innan þess eru ýmsar stofnanir sem gegna tilteknum skyldum til að gera það skilvirkara og betra. Ef þessar stofnanir og kerfi eru ekki að virka sem skyldi, þá kemur upp villa. Sú villa gegnsýrir síðan allt kerfið um ókomna tíð ef ekkert er gert til að laga það og leiðrétta.

Það er mikilvægt að finna lausn og það er eðlilegt að leggja grunninn í upphafi þegar einstaklingurinn er að mótast. Börnin eru framtíðin og við eigum að leggja allt á okkur til að að fyrirbyggja og taka á einelti í skólum landsins. Það mun bera ávöxt. Við munum uppskera vandaðra og betra samfélag sem einkennist af gagnkvæmri virðingu og umhyggju þar sem allir fá sín notíð og fjölbreytileikinn fær að dafna.

Við bendum foreldrum á bæklinginn Einelti – góð ráð til foreldra sem unninn var í samvinnu við Þorlák H. Helgason, framkvæmdastjóra Ölweusaráætlunarinnar á Íslandi. Má m.a. nálgast hann á heimasíðu samtakanna, heimiliogskoli.is.

Óöryggi eða hroki

Stjórnarmál

Sigurjón Þórðarson

formaður Frjálslynda flokksins



Ríkisstjórn Samfylkingar og VG sem kenndi sig í fyrstu við norræna velferð hefur lagt alla áherslu á að breyta sem allra minnst þeim kerfum sem komu þjóðinni í afar þrönga stöðu. Frá kosningum hefur ríkisstjórnin dregið lappirnar í hverju málinu á fætur öðru. Ferillinn er með svipuðu sniði, reynt er að draga mál á langinn. Þegar almenningur er við það að missa þolinmæði eru skipaðar nefndir sem á stundum eru einungis skipaðar einhvers konar sérhagsmunaaðilum sem skila álitni seint og um síðir.

Þegar niðurstaða liggur fyrir hefst rekistefna um hvort fara eigi að niðurstöðum nefndarinnar eða ekki. Þá lætur stjórnarandstaða fjórflokksins til sín taka og oftast en ekki leggur hún eitthvað illt með í púkkið.

Með þessum hætti hefur ferillinn verið í því hvernig taka eigi á skuldavanda heimilanna, endurbótum á stjórnarskrá og illræmdu kvótakerfi í sjávarútvegi sem brýtur í bága við mannréttindi og skilar stöðugt færri þorsksporðum á land. Allir nema þeir sem eru blindaðir af þröngum sérhagsmunum sjá að þessi kerfi eru annað hvort ónýt eða þarfnast verulegra endurbóta. Samt sem áður gerist lítið sem ekkert. Tillögurnar sem fallist er á fela oftast ekki annað í sér en að kafa eitthvað utan í kerfin með pínulitum teskeiðum.

Í kjölfar síðustu mótmæla hefur ríkisstjórnin enn og aftur fengið hóp hagfræðinga í Háskóla Íslands

sem handgenginn er fjármálafyrirtækjunum til að fara yfir sanngjarn kröfur Hagsmunasamtaka heimilanna, kröfur sem ganga að mestu út á að afnema verðtrygginguna og koma til móts við algjöran forsendubrest lántakenda. Ekki veit ég hvað er lengur óljóst sem ríkisstjórnin þarf að kanna, þar sem forsætisráðherrann er sérfræðingur í meinsemd verðtryggingarinnar og á vordögum kom út sérstök skýrsla á vegum efnahagsráðuneytisins um forsendur verðtryggingar og afnám hennar. Sömuleiðis er ekki líðið ár síðan ríkisstjórnin lét vinna mikla vinnu um hvernig leysa mætti skuldavanda heimilanna.

Það er einfaldlega ekkert óljóst í málinu, heldur er ríkisstjórnin einungis að kaupa sér tíma til að gera sem minnst. Það blasir við að þjóðin hefur ekki lengur efni á kyrrstöðunni þótt reynt sé að telja fólk trú um annað. Árangurinn sem Steingrímur J. og Jóhanna greina frá er helst að finna í framtíðaráætlunum um hagvöxt og jákvæðan rekstur ríkissjóds. Rauntölur um rekstur hins opinbera segja aðra sögu, þ.e. að reksturinn sé mun verri en væntingar stöðu til.


Réttmætt er að spyrja hvers vegna í ósköpunum ríkisstjórnin taki ekki til í þeim kerfum sem hafa brugðist. Auknar fiskveiðar myndu örugglega létta efnahagslegan lífröður Íslendinga. Ekki má heldur koma fjölskyldum á vonarvöl á sama tíma og norræna viðunursstjórnin dekrar við höfuðpaura hrunsins með sérstökum milljarða-afskriftum. Hvort sem ástæðan er verkkvæði, óöryggi við að hröfla við sérhagsmunum eða einfaldlega hroki hefur ríkisstjórnin sýnt það í verkum sínum að hún þarf að fara frá sem allra fyrst.

TAKTU VEL
Á MÓTI
OKKUR




SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Þetta er neyðarkall til þín!



Þökkum frábærar viðtökur



Vegna stóraukinnar eftirspurnar á Fjörmjólk undanfarnar vikur hefur Mjólkursamsalan ekki haft undan að framleiða.

Því miður hefur Fjörmjólkin víða klárast í verslunum í þessari viku og beðist er velvirðingar á því. Nú er unnið að því hörðum höndum að auka framleiðsluna. Þess má vænta að í dag og um helgina verði Fjörmjólkin aftur fánleg í öllum verslunum.

Mjólkursamsalan þakkar fyrir góðar viðtökur á þessum holla og fjörmikla drykk.

Fjörmjólk - vinsælasta mjólkin í dag!



www.ms.is

Lattelepjandi lopa- treflar eru líka fólk

Samfélagsmál

**Benóný
Ægisson**
íbúi í miðbænum



Ég er einn af þeim sem er þeirrar gæfu aðnjótandi að búa í miðborginni. Að vísu fylgja því nokkrir ókostir en hvergi nærri nógu miklir til að yfirgnæfa kostina. Einn af ókostunum er sá að stundum er eins og við íbúarnir séum ósýnilegir, svona einskonar huldufólk og er eftirfarandi saga til marks um það:

neinum að íbúarnir gætu verið hagsmunaaðilar.

Ég hef líka setið marga fundi um miðborgina og flestir hafa þeir verið um skipulagsmál, bílastæðavandann, Vatnsmýrina eða hátækisjúkrahúsið svo eitthvað sé nefnt, eða þá næturlífið, ofbeldið og sóðaskapinn. Aldrei hafa þessir fundir fjallað um hluti sem íbúar í öðrum hverfum setja á oddinn á fundum eða í könnunum, þarfir skólubarna og öryggi þeirra á leið í skóla, útivist, íþróttaiðkun og leiksvæði. Fólk á sjálfsagt erfitt með að trúá því að við, lattelepjandi lopatreflarnir, erum upp til hópa bara venjulegt fólk



Einu sinni var kona að pissa í garðinum hjá mér um nótt. Ég fór út og spurði hana að heiti og hvar hún byggði því ég væri að hugsa um að heimsækja hana og pissa í garðinum hennar.

Einu sinni var kona að pissa í garðinum hjá mér um nótt. Ég fór út og spurði hana að heiti og hvar hún byggði því ég væri að hugsa um að heimsækja hana og pissa í garðinum hennar. Konunni brá mikið við þetta ávarp, hysjaði í snarhasti upp um sig og sagði: „Guð, ég vissi ekki að neinn byggði herna“. Mér brá nokkuð við þetta því þetta var snyrtileg kona, vel klædd og ábyggilega vel menntuð. Gat verið að fólk héldi almennt að það væru engir íbúar í miðborginni; það væri bara bísniss á daginn og þá giltu lög frumskógarins og skemmtanalíf á kvöldin og þá giltu lög frumskógarins líka.

Þegar ég fór að hugsa mig um þá áttaði ég mig á því að viðbrögð konunnar voru kannski ekki óeðlileg. Ég hef búið nógu lengi í miðborginni til að muna það að þegar fyrsti félagsskapur hagsmunaaðila í miðborginni var stofnaður, Þróunarfélagið, þá voru í því verslunareigendur, bankarnir, opinberar stofnanir og Reykjavíkurborg, það hvarflaði ekki að

sem á fjölskyldur, börn og jafnvel aldraða foreldra eða ættingja í úthverfunum eða úti á landi.

En nú er komið að því. Nú ætla Íbúasamtök miðborgar, foreldrafélög leik- og grunnskóla í miðborginni og Hverfisráð miðborgar að efna til málþings um miðborgina sem íbúahverfi laugardaginn 5. nóvember kl. 11-15 í matsal Tækniskólans á Skólavörðuholti (Íönskólabygggingunni). Á málþinginu verður hugað að innri málum hverfisins og því hvernig hægt er að bæta það sem íbúabygð. Þingið hefst á stuttum framsöguerindum, síðan verða umræður í hópum og formaðar spurningar sem lagðar verða fyrir borgarfulltrúa sem sitja í pallborði. Helstu umfjöllunarefni í umræðuhópnum verða samgöngu- og umferðaröryggi, umhverfi, útivist, skóli, frístundir og íbúaborgarinnar til að mæta á málþingið og láta í ljós skoðun sína á því hvernig þeir vilji að búseta í miðborginni þróist.

Að borga með sér við makrílveiðar

Sjávarútvegsmál

**Fríðrik J.
Arngrímsson**
framkvæmdastjóri
Landsambands
Íslenskra útvegsmanna



Vinnandi fólk sinnir daglegum störfum og þiggur laun fyrir. Af launum eru greiddir skattar til ríkis og sveitarfélaga og það sem þá er eftir fer til þess að standa straum af öðrum útgjöldum. Ríkið fær einnig sinn skerf af þeim vörum og þjónustu sem við kaupum, ýmist í formi virðisaukaskatts eða annarra skatta og gjalda af þeim sem við eigum viðskipti við og starfsmönnum þeirra.

Réttur okkar Íslendinga til hlut-

deildar í makrílstofninum byggir á aukinni gengd makrílsins í íslensku lögsögunum og því að útvegsmenn hafa haldið skipum til makrílveiða á undanförunum árum. Án veiðanna væri hlutur okkar Íslendinga afar rýr.

Frystitogari veiddi um eitt þúsund tonn af makríl sl. sumar. Aflaverðmætið var um 210 milljónir. Laun og launatengd gjöld og kostnaður nam tæpum 90 milljónum. Olía, veiðarfæri, umbúðir, hafnargjöld, löndunarkostnaður, tryggingar, flutningskostnaður, sölukostnaður, viðhald og annar kostnaður voru rúmar 68 milljónir. Ríkið og sveitarfélögin fá auðvitað sinn skerf af framangreindum fjárhæðum. Framlegð útgerðar fyrir fjármagnskostnað, afskriftir,

skatta og arðgreiðslur var rúmar 52 milljónir.

Nýlega hafa verið settar fram hugmyndir um sértækan auðlinda-skatt á makrílveiðar sem næmi í þessu dæmi um 58 milljónum króna. Tapið af veiðunum fyrir fjármagnskostnað og afskriftir yrði 6 milljónir en mun meira að teknu tilliti til þessara liða. Það sjá allir hvernig gengi að fjármagna skipakaup og rekstur slíkrar útgerðar. Að sjálfsögðu yrði ekkert eftir handa eigendunum. Þannig jafnast þessar hugmyndir á við það að ríkið hirði ekki bara öll laun launþegans heldur gott betur.

Þó að það sé gaman í vinnunni og að stunda makrílveiðar þá er í hvorugu tilfellinu vænlegt að borga með sér.

Er allt annað en fiskurinn og sauðkindin aukaatriði?

ESB-aðild

**Margrét
Kristmannsdóttir**
Formaður SVP-
Samtaka verslunar og
þjónustu



Hvað sem má segja um núverandi stjórnarsamstarf er það í augnablikinu eina sjáanlega samstarfið sem mun tryggja að umsóknarferlið að Evrópusambandinu haldi áfram – þó með hangandi haus sé.

Samkvæmt skoðanakönnunum vilja 64% landsmanna klára umsóknarferlið og innan atvinnulífsins er þetta hlutfall enn herra. Örmynt eins og íslenska krónan verður aldrei sá gjaldmiðill sem atvinnulífið þarf, enda hafa mörg stærstu fyrirtæki landsins þegar yfirgefið hana. Það getur hins vegar þorri íslenskra fyrirtækja og heimilinn ekki gert.

Að svipta þau möguleikanum á því að sjá hvernig rekstrarumhverfi og lífskjör gætu breyst með aðild er óþolandi forræðishyggja. Hlutverk stjórnmalamanna í þessu máli er einfaldlega eitt – að tryggja þjóðinni sem bestan samning. Þjóðin tekur síðan við keflinu og greiðir atkvæði um eigin framtíð í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í umræðunni um Evrópusambandið eru hagsmunir sjávarútvegs og landbúnaðar mjög áberandi en um hagsmuni annarra atvinnugreina heyrst vart. Enda vitað að þjóðin mun aldrei samþykkja inngöngu – nema það fái stóð samningur fyrir þessar tvær atvinnugreinar. Góður samningur á ekki að tryggja þessum atvinnugreinum óbreytt ástand, en tryggja verður framtíðarhagsmuni þeirra við samningaborðið. Hins vegar gætir vaxandi furðu hversu lítið er rætt um hagsmuni annarra atvinnugreina í þessu landi og lífskjör almennt ef okkur verður gert að vera utan Evrópusambandsins og með íslensku krónuna næstu áratuginum.

Á næstu árum þurfum við að skapa 20.000 störf til að eyða atvinnuleysi og taka á móti ungu fólk sem er að koma út á vinnu-markaðinn. Svo til ekkert af þessum störfum mun koma frá sjávarútvegi eða landbúnaði, heldur mun lunginn af þessum störfum koma

frá verslun, iðnaði og þjónustugeiranum.

Því er ekki síður mikilvægt að tryggja að þær atvinnugreinar, sem eiga að skapa hér framtíðarstörf búi við samkeppnishæf rekstrarskilyrði. Það gera þær ekki í dag og það á hugsanlega að vera helsta áhyggjuefni okkar.

Það vekur furðu að þeir aðilar sem berjast gegn aðildarviðræðum Íslands skuli sjálfir ekki hafa nein- ar raunhæfar lausnir í peningamálum þjóðarinnar. Framsóknarflokkurinn boðar í plani B að gera eigi úttekki á peningastefnunni og kanna framtíðarkosti – sem er ágætt í sjálfu sér – en enginn veit hvenær eða hvaða niðurstöðu þetta plan muni að lokum skila.

Fyrir skömmu birti Sjálfstæðisflokkurinn efna- hagstillögur sínar undir yfirskriftinni „Framtíðin“ og þó að sumar tillögur hafi þar verið góðar vakti ekki síður athygli sú ærandi þögn sem þar ríkti um framtíðarpeningastefnu Íslands.

Ekki eitt orð um krónuna eða hvernig á að leysa vanda örmyntar 320.000 manna þjóðar né þær byrðar sem hún leggur á fyrirtækin og heimilinn í landinu. Eftir allt sem á undan er gengið hjá þessari þjóð verður að setja spurningarmerki við hvernig hægt er að gefa út 12 síðna blað um efnahagstillögur og minnst ekki orði á eitt mikilvægasta málið – að tryggja stöðugleika með traustum gjaldmiðli.

Þegar atvinnugreinum er gert ókleift að vera samkeppnishæfar við nágrannalöndin eða helstu samkeppnisaðila, þá er það mjög alvarlegur hlutur þegar stjórn- málaöfl í landinu skella skollaeyrum við því ástandi. Af hverju hlusta menn ekki þegar forsvarsmenn margra stórfyrirtækja segja ítrekað að þeir muni ekki geta rekið fyrirtæki sín hér á landi ef íslenska krónan verður áfram gjaldmiðill þjóðarinnar? Af hverju skella menn skollaeyrum við þegar forsvarsmenn segja verða nauðbeygðir að flytja höfuðstöðvar og störf úr landi til að komast í eðlilegt rekstrarumhverfi?

Íslenska krónan er að flestra

mati ónýtur gjaldmiðill og mun aldrei gagnast íslensku atvinnulífi. Ég hef ekki enn hitt þann aðila í íslensku atvinnulífi sem hefur raunverulega trú á því að krónan muni fljóta á ný, hún muni alltaf þurfa að vera í einhvers konar höftum til að verja hana atlgömu, t.d. spákaupmanna. En forsenda afnámsins er hins vegar að fyrir liggja trúverðug peningastefna, sem getur stöðvað atlgömu og tjón vegna óhöflegra gjaldmiðla- sveiflna. Afnáms hafta án skýrrar stefnu í peningamálum er ferli með ófyrirséðum afleiðingum. Þá rússí- banareid getur verslunin ekki stutt enda fyrir- séð að mörg fyrirtæki myndu ekki lifa af það ferli, svo ekki sé minnst á afleiðingarnar fyrir íslensk heimili.



Ég vil reka mitt fyrirtæki og heimili á svipuðum kjörum og gerist í nágrannalöndunum.

Ef okkur tekst með inngöngu í ESB að jafna rekstrarskilyrði íslenskra fyrirtækja og á sama tíma að rétta af hag heimilanna þannig að lunginn af tekjunum fari ekki í að borga vexti, afborganir og að kaupa í matinn – þá er það einfalt reikningsdæmi að þetta daglega puð okkar allra, bæði fyrirtækja og heimila,

muni skilja mun meira eftir sig. Og það er kannski mergurinn málsins. Við núverandi ástand sjá mörg fyrirtæki og um 85% ungs fólks ekki sína framtíð hér á landi samkvæmt könnunum. Og ekki hefur verið mikil umræða á Alþingi eða í samfélaginu almennt um þá staðreynd.

Ég vil reka mitt fyrirtæki og heimili á svipuðum kjörum og gerist í nágrannalöndunum. Við Íslendingar eigum ekki að þurfa að skila lengstum vinnudegi, streða frá morgni til kvölds fyrir nauðþurftum í þeim missskilningi að þannig tryggjum við best fullveldi þjóðarinnar. Ef við tryggjum lykilhagsmuni okkar í aðildarviðræðunum við ESB á Ísland heima meðal vinahjóða í Evrópu – hér eftir sem hingað til. Þangað höfum við einfaldlega mun meira að sækja – en Evrópusambandið nokkru sinni að sækja hingað. Er ekki allavega sjálfsagt að láta á það reyna – klára aðildarviðræður og leyfa þjóðinni sjálfri að kjósa?

VERKFERI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á!



TILBOÐ



16.900 m/vsk

Fullt verð 22.900

IBTGCAI9402

TOPPLYKLA OG BITASETT 94 HLUTA
1/4" og 1/2" toppar og bitar | Stærðir 4 - 32 mm

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði



BYLGJAN 25
ÁRA
989

**Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið**

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn áökkunum og Gissur með fréttirnar

Kíktu á okkur fyrir jólin



**Cordia
aðventuljós**

Verð 15.900 kr.
Tilboð 12.000 kr.



**Fredrika
aðventuljós**

Verð 13.900 kr.
Tilboð 9.000 kr.



**Brede
aðventuljós**

Verð 25.900 kr.
Tilboð 19.000 kr.



**Kaskad
aðventuljós**

Verð 14.900 kr.
Tilboð 10.000 kr.



**Midja
aðventuljós**

Verð 14.900 kr.
Tilboð 10.000 kr.



LED Englar

Verð 9.500 kr.
Tilboð 7.500 kr.



Rossy

Verð 5.900 kr.
Tilboð 4.500 kr.



Berry krans

Verð 6.500 kr.
Tilboð 5.500 kr.



**Sensy star
54cm 70cm 100cm**

Verð frá 5.900 kr.



**Retrop star
67cm**

Verð 6.900 kr.
Tilboð 4.900 kr.



Expo

**20% afsláttur af
útiseríum**



Berry grein

Verð 6.900 kr.
Tilboð 5.500 kr.



Rossy grein

Verð 6.900 kr.
Tilboð 5.500 kr.

Ljósadýrð í Pfaff föstudag og laugardag

Nú er tími jólaljósanna að renna upp og því um að gera að tryggja sér falleg ljós á frábæru verði. Við bjóðum mikið úrval af hágæða inni- og útiseríum sem hafa sannað gæði sín í íslenskrri veðráttu. Leyfðu starfsfólkinu að leiðbeina þér við valið.

Fleiri frábær tilboð í gangi.
Tilboðin gilda einungis þessa tvo daga!



Systurnar

Erla og Svana Tryggvadóttir

verða jarðsagnar frá Hallgrímskirkju föstudaginn 4. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vildu minnst þeirra er bent á Barnaspítala Hringins.

Sigríður Svana Pétursdóttir Ólafur Tryggvi Egilsson
Arndís Erla Pétursdóttir Snorri Már Egilsson
Tryggvi Pétursson Guðrún Björg Egilsdóttir
Katrín Pétursdóttir
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Afgreiðsla Ríkislögreglustjórans, Skúlagötu 21, Reykjavík, verður lokuð eftir hádegi í dag vegna jarðarfara

Gísla Pálssonar
aðstoðaryfirlögreglustjóra.

Ríkislögreglustjórnin



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju vegna andláts elskulegs eiginmanns, bróður og mágs,

Jóns Lárussonar

leiðsögumans,
Brekkubyggð 35, Garðabæ.

Sigríður Guðjónsdóttir
Hrefna Lárusdóttir Kvaran Ragnar G. Kvaran
Anna Margrét Lárusdóttir Jónas Hallgrímsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Halldórsdóttir

frá Eyri, Ingólfsfirði,
Nýbýlavegi 80, Kópavogi,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 30. október.

Ingólfur Guðjónsson Jón Leifur Óskarsson
Lára Ingólfsdóttir Ingunn Hinriksdóttir
Sigurður Ingólfsson Hrönn Jónsdóttir
Halldór Kr. Ingólfsson Harpa Snorrardóttir
Guðjón Egill Ingólfsson
Þórhildur Hrönn Ingólfsdóttir Guðmundur Jóhann Jónsson
Ólafur Ingólfsson Svanhildur Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

Karl Sigurður Njálsson

Melbraut 5, Garði,

lést á líknardeild Landakots 20. október. Útför hans var gerð frá Útskálakirkju 28. október. Innilegar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á deild 11 C og 11 B Landspítala við Hringbraut og á líknardeild Landakots.

Guðrún Ágústa Sigurðardóttir
Anna Sigrún Karlsdóttir
Njáll Karlsson Lilja Víglundsdóttir
Arnar Karlsson Bergþóra Ólafsdóttir
Þóra Bryndís Karlsdóttir Hlökkver Sigurðsson
Sigrún Karlsdóttir Jón Ingi Bjarnfinnsson
Þóra Sigríður Njálsdóttir
afabörn og langafabörn.

PETTA GERÐIST: 4 NÓVEMBER ÁRIÐ 2008

Obama sigrar forsetakosningar

Þennan dag fyrir þremur árum fór Barack Hussein Obama með sigur af hólmi í forsetakosningunum í Bandaríkjunum. Þann 20. janúar 2009 var hann svo settur í embætti sem 44. forseti Bandaríkjanna. Obama er fyrsti svarti maðurinn sem gegnir embætti Bandaríkjaforseta og fimmti svarti maðurinn sem setið hefur í öldungadeildinni. Obama bauð sig fram sem fulltrúi

Demókrataflokkans og tilkynnti það í febrúar 2007. Aðalkeppinautur hans var Hillary Clinton, fyrrverandi forsetafrú, en hún þurfti að játa sig sigraða þegar forskot Obama jókst stöðugt. John McCain öldungadeildarþingmaður bauð fram fyrir Repúblikanaflokkinn. Sama ár og Obama tók við embætti forseta fékk hann friðarverðlaun Nobels. Heimild: wikipedia.org



ARKITEKTAFFÉLAG ÍSLANDS: FAGNAR 75 ÁRA SÖGU MEÐ OPNU MÁLPINGI

Arkitektar sækja á ný mið

Arkitektafélag Íslands fagnar 75 ára afmæli félagsins með veglegri dagskrá á morgun þegar haldið verður opið málþing á Hótel Borg. Logi Már Einarsson, formaður félagsins, lofar áhugaverðum fyrirlesturum þar sem erlendir arkitektar koma fram en einnig verði skyggnst inn í sögu arkitektúrs á Íslandi og staða fagsins rædd í pallborðsumræðum.

„Til okkar koma tveir erlendir fyrirlesarar frá spennandi stofum. Annar frá Snöhetta í Noregi sem er alþjóðlega þekkt stofa og er að gera gríðarlega skemmtilega hluti og sá til að mynda um að hanna operuhúsið í Ósló. Verk Snöhetta eru á mjög breiðu sviði en hinn fyrirlesarinn kemur frá bandarísku stofnunni LTL. Sú stofa er af öðrum toga og vinnur meira í meðalstórum og minni verkum,“ útskýrir Logi Már.

Þá munu sex íslenskir arkitektar, hver af sinni kynslóð, flytja erindi sem gefa mynd af þróun arkitektúrs á Íslandi gegnum áratugina. Haraldur Helgason arkitekt stiklar á stóru í sögu félagsins en sú saga hófst með fámennum hópi arkitekta árið 1936. Í dag eru félagsmenn um þrjú hundruð. Logi segir starfsemi félagsins góða þó að skuggi hrunsins hvíli enn yfir stéttinni. „Hrunið hafði mikil áhrif á okkur en þó ríkir ákveðin bjartsýni í félaginu í dag. Arkitektar hafa þurft að endurstilla kúrsinn og leita á ný mið og það



HRUNIÐ SKILAÐI MEIRI BREIDD Logi Már Einarsson, formaður Arkitektafélags Íslands, segir íslenska arkitekta hafa sitt til málnanna að leggja í framtíðaruppbyggingu landsins.

FRÉTTABLAÐID/HEIDA.IS

hefur skilað sér í meiri breidd í stéttina. Arkitektar sitja ekki lengur bara við borð að teikna eins og áður. Við finnum líka fyrir auknum skilningi í samfélaginu og hjá stjórnvöldum á því að arkitektar hafi eitthvað til málnanna að leggja til framtíðaruppbyggingar. Það er einnig jákvætt að opnar samkeppnir eru aftur farnar að sjást.“

Dagskránni lýkur með pallborðsumræðum, málþingið er öllum opið og ókeypis inn og hvetur Logi Már alla sem áhuga hafa á arkitektúr, landslagsarkitektúr, innanhússarkitektúr og skipulagsmálum til að koma. Dagskráin hefst í Gyllta salnum á Hótel Borg á morgun klukkan 14 og stendur til 18.30.

heida@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, tengdasonur, bróðir og mágur,

Jónas Guðmundsson

frá Norðurgarði,
áður til heimilis að Ljósheimum 18,

lést á dvalarheimilinu Mörk þriðjudaginn 1. nóvember. Jarðarför verður auglýst síðar.

Sólveig Jóhannsdóttir
Sigurbjörg Jónsdóttir

Ragnheiður Eiríksdóttir Gunnar Haraldsson
Sigmar Eiríksson Sigríður Ástmundsdóttir
Pétur Eiríksson Jóna Jónsdóttir
Sævar Eiríksson Inga Finnbogadóttir
Valdimar Eiríksson Guðbjörg Hrafnadóttir
Soffía Ellertsdóttir Tómas Tómasson
Ásdís Jónsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Halldór Jónsson

er látinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki Karitas og starfsfólki á deild 11B á Landspítalanum. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Karitas (karitas.is, sími 7706050). Þökkum sýndan samhug.

Sigríður G. Sigurðardóttir

Pétur Freyr Halldórsson Tryggvi Már Gunnarsson
Anna Halldórsdóttir
Kristjana Jónsdóttir
og afabörn.



Bróðir minn og frændi okkar,

Gunnlaugur Grétar Björnsson

frá Hraukbæ,

lést mánudaginn 31. október. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 7. nóvember kl. 13.30.

Kristinn Björnsson og bræðrabörn.



Elskuleg eiginkona mín,

Anna Margrét Björgvinsson (Lilla)

frá Ísafirði,

lést hinn 22. október á sjúkrahúsi í Clearwater í Florida.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Jón S. Björgvinsson.



Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna gefur út jólakort fyrir jólin. Hurðaskellir og fallett íslenskt grenitré í jólabúningi prýða kortin, sem eru af tveimur gerðum. Nánari upplýsingar er að finna á www.skb.is.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

FJÖL- SKYLDU- FJÖR

Í NÓVEMBER



ALLIR BARNARÉTTIR

290 KR.

HÁMARK 3 BÖRN
UNDIR 12 ÁRA
MEÐ HVERJUM
FULLORÐNUM



Taktu þátt í frábærum leik!

Allir krakkar sem gæða sér á barnamáltíð frá Grillhúsinu fá skemmtilega þraut sem þau skila inn til að geta unnið einn af þremur frábærum vinningum.

Leikhúsférför fyrir fjóra á leikritið Hlini kóngsson

1.-3. vinningur

Vinningshafar verða birtir á heimasíðu okkar www.grillhusid.is þann 10., 20., og 31. nóv.



Hlini kóngsson



Grillhúsið Tryggvagötu og Sprengisandi, sími: 5275000, grillhusid@grillhusid.is, www.grillhusid.is

Dagsform hefur hannað vef sem gerir veitingastöðum kleift að reikna næringarinnihald rétta sinna.

Allt uppi á borðum

Upp á síðkastið hafa verið miklar umræður í tengslum við heilsu og holdafar Íslendinga. Við erum önnur feitasta Vesturlandabjóðin samkvæmt nýlegri rannsókn og á Alþingi liggur fyrir þingsályktunartillaga þar sem stjórnvöld eru hvött til að skylda skyndibitastaði til að gefa upp hitaeningafjölda. Í dag er hins vegar hvorki einfalt né ódýrt að finna þessar upplýsingar. Vefsíðan leysir þann vanda og gæti um leið stuðlað að bættri heilsu landsmanna.

Þetta segir Dagur Eyjólfsson, einn eigenda félagsins Dagsforms sem hefur þróað nýjan vef sem verður opnaður innan skamms og gerir notendum, bæði veitingahúsum og mötuneytum, kleift að reikna út hitaeningafjölda og aðrar næringarupplýsingar í réttum þeirra.

„Veitingahús eða mötuneyti skrá sig einfaldlega á síðunni kaloriur.is gegn gjaldi og fá aðgang að forritinu. Þar er hægt að stimpla inn lýsingu á hverjum rétti fyrir sig og fá allar næringarupplýsingar samtundis,“ segir hann og getur þess að með því móti sé hægt að spara sér þann tíma og kostnað sem hlýst af því að leita álits hjá sérfræðingi.

Að sögn Dags kviknaði hugmyndin að vefsíðunni út frá fitbook.com, kerfi sem Dagsform hannaði áður með þarfir einstaklinga í huga. „Við þróun Fitbook var útbúinn áreiðanlegur upplýsingabanki um næringarinnihald matvæla, byggður á grunni Mátis, sem er sá stærsti á Íslandi. Þennan banka útfærðum við frekar til að nýta í nýju vefsíðuna,“ útskýrir hann.

Hvort sem þingsályktunartillagan verður samþykkt eða ekki segir Dagur gegnsæi gott fyrir alla; mötuneyti, veitingastaði og viðskiptavinum. „Allt er uppi á borðum, þannig að kunnarnir vita að hverju þeir ganga. Auk þess sýna rannsóknir að fólk fer frekar á staði sem gefa þessar upplýsingar upp og er tilbúið að borga meira fyrir hollari mat. Nú, vanti upp á hollustuna geta staðirnir endurskoðað matseðlinn með upplýsingarnar að leiðarljósi.“

Dagur bætir við að Dagsform leiti nú að veitingastöðum til að prófa vefinn áður en hann verður opnaður formlega. Áhugasamir geta skráð sig á kaloriur.is.

roald@frettabladid.is



Afmælistilboð Nings

og kroppurinn blómstrar

Nings í 20 ár

NINGS



Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is

Afmælistilboð fyrir tvo eða fleiri

1795 krónur á mann

Djúpsteyktar rækjur með súrsætri sósu
Woksteyktar karrýnúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti
Stökkt svínakjöt með Orange sósu
Ferskt salat og hrísgrjón.

3590 krónur fyrir tvo

Heilsutilboð fyrir tvo eða fleiri

Tröllatrefjar með eggjum kjúklingi og grænmeti
Tofukjöt og grænmeti í massaman karrýsösu
Ferskt salat og hrísgrjón.
2 L. Egils Kristall

1745 krónur á mann

3490 krónur fyrir tvo

Ef þú hringir inn pöntun og sækir færð þú frian Nings-is



Vignir Hlöðversson yfirkokkur í ríki sínu sem greinilega er alvöru eldhús.



Örvar Arnarson bakameistari kann sitt fag.

Grand Hótel kemur gestum í hátíðaskap

Það verður gaman að heimsækja Grand Hótel Reykjavík við Sigtún í aðdraganda jólanna. Hlaðborðið ilmar af krásum úr eldhúsinu og Helgi Björns og skemmtihópurinn Jólaljöllurnar gæla við hlustir gesta. Á sunnudögum verður jólabröns og frítt fyrir börn.

Við ætlum að vera með jólabröns á sunnudögum milli klukkan 11 og 15 næstu vikurnar og bjóða fjölskyldufólk sérstaklega velkomið. Börn sem eru yngri en 12 ára fá frítt að borða og svo erum við með horn þar sem þau geta púslað og litað á meðan foreldrarnir njóta veitinganna. Þetta er nýjung hjá okkur. Þannig byrjar Arnar Laufdal, hótelstjóri Grand Hótel Reykjavík, á að lýsa einum af þeim mörgum viðburðum sem fram undan eru í starfsemi hótelsins. Greinilega verður nóg um að vera á hótelinu í nóvember og desember.

Grand Hótel Reykjavík er eitt glæsilegasta hótel landsins með 311 herbergi og 14 ráðstefnusali, veitingasalinn Brasseri Grand og annan sem heitir Setrið. Hótelstjórinn Arnar heldur utan um alla þræði rekstursins og hefur skipulagt spennandi dagskrá næstu vikurnar.

„Við verðum með jólahlaðborð á hótelinu fyrir hátíðarnar eins og undanfarin ár. Fólk getur komið hingað á hlaðborð og sýningu með Helga Björnssyni, söngvara og leikara, á föstudags- og laugardagskvöldum. Sömu kvöld verða hér líka aðrir skemmtikraftar, ýmist í Brasseriinu eða inni í Setri. Þær kalla sig Jólaljöllurnar og það er líka í boði að panta hlaðborð og hlusta á þær flytja jólalög á meðan borðað er. Þetta verður bara kósý. Þessi helgarkvöld er líka



Arnar Laufdal hótelstjóri á milli Ásmundar Edvardssonar veitingastjóra og Vignis Hlöðverssonar yfirmatreiðslumeistara.

hægt að vera áfram eftir að borðhaldi lýkur því við verðum með hljómsveit sem spilar inni í salnum Gullteigi.“ Arnar getur þess að jólahlaðborðin séu ekki bara á föstudags- og laugardagskvöldum, heldur líka á fimmtudags- og sunnudagskvöldum en þá séu engir skemmtikraftar.

Fjölmargir aðrir viðburðir eru á döfni á hótelinu. Einn af þeim er brúðkaupssýning sunnudaginn 13. nóvember. „Á brúðkaupssýningunni stendur gestum til boða að kíkja á salina okkar, skoða brúðarsvítuna og smakka á veitingum. Á sýningunni verða mörg samstarfsfyrirtæki með bása til að kynna vörur sínar og þjónustu í tengslum við brúðkaup.“ Lýsir Arnar og tekur fram að sýningin standi bara þennan eina dag.

Skötuveislan á Grand Hótel Reykjavík á Þorlákssmessu er víðfræg og hefur skapað sér hefð. „Mörgum þykir tilheyrja að koma hingað í skötu og undanfarin ár hafa færri komist að en vildu,“ segir Arnar glaðlega. En skyldi hótelið verða opið á aðfangadagskvöld? „Já, já, það verður bæði matur og gisting í boði hér á aðfangadagskvöld og um áramótin er orðið nær fullbókað hjá okkur og mikill fjöldi af fólki í mat. Við bjóðum gestum okkar í salina uppi í turninum og þar getur það notið útsýnisins og horft á flugeldasýninguna.

Undanfarin áramót hafa tekist vel hjá okkur og gestir lýst yfir ánægju sinni með dvölinu. Við eigum von á að þannig verði það einnig í ár.“

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 4. nóvember 2011

Haraldur

Ari Stefánsson

Vinsæll á Facebook

- SONJA BENT FÆRIR SIG YFIR Í BARNAFÖT
- INNLITID
- UPPÁHALDSKJÓLARNIR
- Á RÚMSTOKKNUM

VERÐ

Kr. **29.950**

FRÁBÆR
KAUP

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850
HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í
BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700
• WWW.ATT.IS

AOC



24"

AOC E2440VA

24" LCD LED skjár með 1920x1080p upplausn,
5ms svartíma, e-Saver, e-Sensor, i-Menu,
innbyggðir hátalarar, D-SUB, DVI-D ofl.

núna

Notaleg haustkvöld



LEIKANDI TÓNAR Söngkonan Kristín Bergsdóttir heldur tónleika í Norræna húsinu þriðjudaginn 8. nóvember. Þar mun hún koma fram ásamt sveit sinni Tropicalia og leika suðræna tóna sem munu án efa léttu mörgum lundina á köldum haustdögum. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 og er aðgangseyrir 1.500 krónur.

meðmælin

Unglistin blómstar



Há-tíðin Unglist teygir anga sína yfir á skemmtistaðinn Bakkus í kvöld með raftónlistarkvöldi. Tónleikarnir hefjast klukkan 22 og á meðal þeirra sem fram koma eru Qualia, Mindfucker, Bypass, Kerema & Mr. Cuellar, Captain Fufanu og No Class. Frábært kvöld fyrir alla aðdáendur raftónlistar.

Markaðsdagur

Pop Up verzlunin mun reka upp höfuðið á efri hæð Kaffi Sólons á morgun. Markaðurinn hefst klukkan 12.00 og stendur til 17.00. Hægt verður að kaupa fatnað frá Helicopter, She, Hálsakoti og Fingerprint Clotting. Það er ekki vitlaust að hefja jólainnkaupin snemma í ár og styrkja um leið íslenska hönnun.



Sonja Bent snýr sér að barnafötum:

DOPPUR Á SMÁFÓLKIÐ

Mér hefði aldrei dottið þetta í hug sjálfri en vil endilega kanna þennan markað betur. Kannski er þetta óþlæggður akur, ég veit það ekki, en þetta er í það minnsta spennandi og vert að skoða," segir fatahönnuðurinn Sonja Bent, sem hefur snúið sér að hönnun barnafata, en hingað til hefur hún helst hannað litríkar, doppóttar peysur á dömum og herra.

„Ég var stödd á sölusýningu á tiskuvíkunni í París í vetur og þar var bandarískur viðskiptavinur sem hafði lagt inn pöntun fyrir herra- og dömupesur og óskaði eftir barnapeysum í stíl. Ég skoðaði málið þegar heim kom og ákvað í kjölfarið að vinna mér í þetta. Ég setti síðan nokkrar myndir á netið og viðbrögðin voru þvílík, það kom mér rosalega á óvart hversu mikil eftirspurnin var.“ Þessi góðu viðbrögð voru þó ekki aðeins frá foreldrum því að sögn Sonju eru börnin sjálf mjög hrifin af doppunum og slaufunum sem prýða peysurnar. „Fötin virðast höfða til barnanna og strákarnir eru til dæmis sérstaklega hrifnir af slaufunum.“

Barnapeysurnar fást í verslunum Ígló og Kirsuberjatrénu og verða á sérstöku kynningarverði í nóvember. Sonja segist hafa gaman af því að hanna peysur á smáfólkið og vill halda því áfram. „Það verður ekki aftur snúið úr þessu og ég hyggst halda áfram að hanna á börnin. Mér finnst bæði gaman að sjá peysurnar í svona litlum útgáfum og svo er líka gaman að sjá þessar litlu dúllur í þeim. Ég er jafnvel að hugsa um að sækja barnasýningu á næsta ári í stað fullorðinssýninganna. Ef viðtökurnar verða áfram svona góðar er aldrei að vita nema maður snúi sér alfarið að barnahönnun," segir Sonja að lokum.

sara@frettabladid.is



Góð viðbrögð Sonja Bent fatahönnuður hefur fengið ofsalega góð viðbrögð við barnapeysum sem hún hannað. Peysurnar eru algveg eins og þær sem hún hefur hannað á fullorðna. FRETTLADID/GVA

SALON REYKJAVÍK

Hvet þig til að koma og prufa NATURA KERATIN kraftaverkameðferð sem virka!

Haft eftir viðskiptavinum okkar:

Vilborg: Ég vaknaði á venjulegum tíma dreif mig í sturtu, eftir hana eyddi ég 5 mínútum í hárið, ég vissi ekki hvað ég átti að gera við næstu 45 mínúturnar sem ég yfirleitt eyddi í hárið á morgnanna!

Guðlaug: Besta fjárfestingin sem ég hef gert hvað varðar hár mitt!



BYLTINGAKENND MEÐFERÐ ÞAR SEM KERATIN OG ALOE BARBADENSIS ER NOTUÐ TIL AÐ INNSIGLA HÁRIÐ. MÖGNUM MEÐFERÐ SEM GERIR HÁRIÐ MJÚKT, SLÉTTARI, HEILBRIGT OG GLANSANDI. ÞESSI MEÐFERÐ VIRKAR EINS OG KRAFTAVERK Á ÞURRT, ÚFÍÐ, VIÐKVÆMT OG BROTTHÆTT HÁR. BESTI KOSTURINN FYRIR LITÆÐ HÁR, HÁR MEÐ STRÍPUM EDA SKEMMT HÁR.


SALON REYKJAVÍK GRANDAGARÐUR 5 101 REYKJAVÍK SÍMI: 56 85 305

Naglakkslínur fyrir karlmenn á markað:

Vel lakkaðar karlmannsneglur

Sífelt fleiri snyrtivörfyrirtæki sjá hagnað í því að framleiða sérstakar snyrtivörur fyrir karlmenn – og þá erum við ekki aðeins að tala um andlitskrem og hárnæringu.

Rokkarar á borð við Keith Richards, David Bowie, Robert Smith og Alice Cooper hafa óhræddir



notað augnblýnt til að draga fram rokkútlitið og til er sérstakur „guyliner“ sem er augnblýntur fyrir karlmenn. Nú hafa tvær naglakkslínur ætlaðar karlmönnum bæst við úrvalið og bera þær heitin Alphanail og Evolution Man. Hvor línan inniheldur nokkra ólíka liti sem karlmenn geta nú borið á neglurnar líkt og tónlistarmaðurinn Dave Navarro, sem sést sjaldan án þess að vera vel naglakkaður.

Naglakkk fyrir karlmann
Tónlistarmaðurinn Dave Navarro er aðdáandi naglakks og sést nánast aldrei án þess að vera með svart naglakkk.
NORDICPHOTOS/GETTY

augnablikið



Á UPPLÉIÐ Sænska leikkonan Noomi Rapace sló í gegn í hlutverki sínu sem Lisbeth Salander í þrileik Stiegs Larsson. Hér er hún á rauða dreglinum í Róm við frumsýningu kvikmyndarinnar Babycall.
NORDICPHOTOS/GETTY



Ljósni. Ari Magn

Farmers Market
iceland



Hún Vigdís mín er uppáhaldsverkið mitt, mynd sem Toggi vinur minn gerði. Hún er hluti af sýningu sem hann helgaði Vigdís – en myndin var gerð í fánalitunum, hvít, rauð og blá. Vigdís er líka fyrirmynd kvenna minnar kynslóðar og skýrir það líka af hverju myndin er í svo miklu uppáhaldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Uppáhaldshluturinn á heimilinu er handgerða B-ið sem kærasti minn gerði og gaf mér um síðustu jóla. Svo mikil natni og hugsun sem fór í þessa gjöf og hitti alveg í mark.



Hvað skart varðar eru Hálsakotin sem ég hanna sjálf í mestu uppáhaldi í augnablikinu, nota þau við flest tækifæri, flika upp á hvaða dress sem er.



Berglindi líður best við borðstofuborðið á heimilinu. Þar á fjölskyldan saman margar góðar stundir.

Berglind Laxdal býr í gömlu, fallegu hverfi:

Skemmtilegar pælingar fæðast við borðstofuborðið

Berglind Laxdal, markaðsráðgjafi hjá Íslensku auglýsingastofunni, er menntaður líffræðingur og fatahönnuður.

Hún fær útrás fyrir sköpunargleðina með hönnun á hálsmenum sínum sem nefnast Hálsakot. Berglind býr ásamt sambýlismanni sínum og börnum hans í litríku og sérstaklega fallegu raðhúsi í Bústaðahverfinu. Föstudagur kíkti í heimsókn til Berglindar.

Aldur: 35 ára.

Í hvaða hverfi býrðu og hver er helsti kostur hverfisins? Ég bý í Bústaðahverfinu með kærasta mínum og tveimur börnum hans. Náttúra og friður Fossvogs- og Elliðaárdalsins er steinsnar frá. Rólegt, fallegt, gamalt hverfi og stutt í allt og alla.

Hvar líður þér best í íbúðinni? Ætli það sé ekki við borðstofuborðið, mesta lífið þar á heimilinu, skemmtilegar pælingar fæðast og við fjölskyldan spjöllum mikið um daginn og veginn. Hjarta heimilisins.

Hvað einkennir heimili þitt? Þetta er hálfgerður dýragarður hér innanhúss, en ég safna alls kyns hlutum í formi dýra. Hér er hreindýr, krummi, smáfuglar, kanína, ugla og svo mætti lengi telja. Finnst skemmtilegast að blanda saman gömlu og nýju og helst húsgögnum/munum sem eiga sér sögu í fjölskyldunni.

Hvernig er típískur laugardagsmorgunn hjá þér? Grislingarnir skríða snemma upp í og kúra hjá okkur. Síðan tinumst við eitt af öðru á fætur og búum til góðan morgunverð og spjöllum um hvað skal gera um daginn. Síðan tekur yfirleitt við sundferð, fjöruferð, heimsóknir eða bara rólegheit heima fyrir.

Innlit

NÝJAR SENDINGAR AF



borstofuhúsgögnum



Afar vandað stækkanlegt borð fyrir 6-20 manns

Hönnuður: Per Hansbæk

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

www.valhusgogn.is Opið virka daga kl. 10-18 - **Laugardaga kl. 11-16** Sími 581-2275 ■ 568-5375



Corbusier-stóllinn sem var á æskuheimilinu er í miklu uppáhaldi. Ég notaði hann mikið sem rennbraut þegar ég var lítil, móður minni til mikillar mæðu. Finnst hann samt eiginlega bara flottari svona vel snjáður, sérstaklega af því að það er algjörlega mér að kenna.

JÓLIN ERU Í PIER OG BRÁÐUM HJÁ PÉR!



SNÆUGLA 3990.-

STEIKARFAT 3990.-
TILBOÐ 2490.-



SALATHENDUR 1190.-



STÓRT STEIKARFAT 6990.-
TILBOÐ 4990.-



SPÉGILL 5990.-

2490.-



SKURÐARBRETTI



HVÍTUR PÁFUGL 990.-

NÝ GLÖS!



2 SAMAN 3490.-



590.- STK.



4 Í PAKKA 4990.-



ENGILL FYRIR KERTI 1990.-
ENGILL 50 CM 4990.-

3 F 2

AF KERTUM

NÝR LITIR!



JÓLAFIBRILDI 790.-

NÝIR PÚÐAR



NÝR SÓFI

VERÐ FRÁ:

99.900.-

NOKKRAR ÚTFÆRSLUR:



169.900.-

HÆGT AD HAFI SKEMIL
HÆGRA EÐA VINSTRÁ MEGIN

FÉLL 3490.-



2990.-



JÓLAFUGL 1190.-
KÖKUDISKUR 2990.-

the
PIER

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



„Kjöllinn fékk ég í verslun Rauða krossins. Hann var miklu síðari og minnti svolítið á brúðarkjól en ég klippti helminginn af honum og nota svo hinn helminginn í annað. Þetta er kjóll sem ég nota aðeins á sviði, eini gallinn við hann er að ég á það til í að festa mig í strengnum á gítarnum hans Gunnars, sem er með mér í Útidúr, og hann hefur flogið í fiðlurnar líka.“



„Þessi kjóll er eftir Mariu Cornejo, hönnuð frá Brooklyn. Hún hannaði þennan kjól á mig og annan eins á systur mína fyrir það þegar við komum fram í Carnegie Museum. Þetta er sannkallaður gyðjukjóll og hann er metinn á 200 þúsund krónur og mér þykir mjög vænt um hann. Ég hef klæðst honum í brúðkaup en þess utan hef ég lítið notað hann því hann er svo rosalega finn.“

TOPP FIMM Í FATASKÁPNUM:

Uppáhaldskjólarnir

Rakel Mjöll Leifsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Útidúr, á marga fallega kjóla og þá sérstaklega sviðskjóla. Hún kveðst hrifnust af kvenlegum sniðum og segir uppáhaldsverslunina sína vera „vintage“ búð sem hún rakst á í Pittsburgh.



„Þennan kjól saumaði Ragna Sigríður Bjarnadóttir, vinkona mín, á mig fyrir Airwaves-hátíðina í ár. Hún er að læra fatahönnun við LHI og hefur saumað mikið á mig í gegnum árin. Ég klæddist þessum kjól þegar Útidúr kom fram í lónó og hann var hannaður sérstaklega fyrir það tilefni. Þetta er ekki kjóll sem ég mundi nota hversdags enda er þetta meira hugsað sem sviðskjóll.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



„Þessi kjóll er líka úr smiðju Rögnu, vinkonu minnar. Þetta var Airwaves-kjóllinn árið 2009 og ég var í honum þegar ég kom fram með hljómsveitinni Sykur. Mér líður alltaf svolítið eins og Batman í þessum kjól því hliðin á honum er fest upp eins og vængur. Það kemur ofsalega vel út á sviði en virkar ekki jafn vel við önnur tækifæri. Ragna hefur hannað á mig kjóla allt frá því að ég var 16 ára gömul og tók þátt í söngvakeppnum.“



„Þessi kjóll er frá árinu 1940 og ég keypti hann í „vintage“ verslun í Pittsburgh. Ég og systir mín komum fram með Ragnari Kjartanssyni í Carnegie Museum og í heilan mánuð fengum við aðeins tvo frídaga, öðrum þeirra eyddum við í fyrrnefndri „vintage“ búð. Elsta flíkin þar inni var frá 1880 og sú nýjasta frá 1980. Kjöllinn er í algjöru uppáhaldi bæði því að sniðið er svo fallegt og svo finnst mér efnið líka skemmtilegt. Sem betur fer er ég aftur út í mars og þá ætla ég að kaupa meira í sömu búð.“

AUNTS DESIGN
Iceland

ÍSLENSK HÖNNUN, ÞJÓÐLEGIR BOLIR OG GJAFAVARA, HANDPRENTAÐ Á ÍSLANDI

Bolirnir eru til í fleiri litum, bæði dömu, herra og barna í stærðunum S-XXL

www.auntsdesign.is



Lopabolur



Hvítur Swarovski



Svartur Swarovski



Holtasóley Swarovski



Stuðlaberg

Útsölustaðir: Islandia Kringlunni, Kraum Aðalstræti, Perlan, Nordic store, Lækjargötu, Fríhöfnin Rammagerðin, Hestar og Menn Ögurharfi, Hótel Hilton, Saga og Loftleiðir verslun, Álafoss Mosfellsbæ, Víkurprjón Vík, Ríta Bæjarlind og Eddufelli, Textill Lokastíg, Póley Vestmannaeyjum, Bláa Lónið, Hríf Akureyri, Jón og Gunna Ísafirði, Jarðböðin Mývatni, Nammi.is netverslun, Landnámssetrið Borgarnesi, Bakkabúð Djúpa-vogi, Töff föt Húsavík, Mótivó Selfossi, Hús handanna Egilsstöðum, Þjóðminjasafnið, Bjarkarhóll, Nammi.is netverslun, Grand hotel, Embla, 18 rauðar rósir gjafavara, Hverablóm gjafavara, Árbæjarblóm gjafavara

MINERAL MAKEUP ENDURUPPGÖTVAÐ

af Bobbi Brown

Skin foundation Mineral Makeup SPF 15 frá Bobbi er eins eðlilegur farði og framast er unnt, sérvaldir litir sem falla vel að þínum eigin húðlit og fela misfellur, bæta útlit og áferð. Auk þess er farðinn vítamínbættur og sérstakt steinefnapúðrið gerir húðina slétta og fellda og gæðir hana eðlilegum ljóma – hún verður aldrei offörðuð eða eins og gríma. Snilld!

**20% afsláttur af öllum vörum frá Bobbi Brown
í Lyf og heilsu Kringlunni, dagana 4. -9. nóvember**



STUÐPINNINN Á SVIÐINU

Haraldur Ari Stefánsson er stuðpinninn í hinni vinsælu hljómsveit Retro Stefson. Hann tryllti tónleikagesti á Airwaves með líflægri sviðsframkomu og unglingsstúlkur með leik sínum í kvikmyndinni Óróa.

Viðtal: Sara McMahon
Mynd: Valgarður Gíslason

Haraldur Ari er einn af sjö meðlimum hljómsveitarinnar Retro Stefson sem stofnuð var árið 2006. Hann gekk þó ekki til liðs við sveitina fyrr en árið 2008, skömmu áður en fyrsta breiðskífa sveitarinnar kom út. Haraldur er góður vinur Unnsteins Manuela Stefánssonar, söngvara Retro Stefson, og gekk til liðs við hljómsveitina eftir að honum hafði verið boðið með á æfingu. Haraldur spilar á slagverk auk þess sem hann syngur og sér um að halda uppi stuðinu á tónleikum sveitarinnar. Inntur eftir því hvernig hann hafi endað í hlutverki stuðboltans segir Haraldur það hafa verið tilviljun eina. „Ég er á þannig hljóðfæri að ég þarf ekki að spila stanslaust á tónleikum og í staðinn fyrir að standa bara og gera ekki neitt byrjaði ég að dansa. Mér finnst mjög gaman að fá áhorfendur á mitt band og það er skemmtilegt að fylgjast með þeim af sviðinu að herma eftir þér. Það er eitt það skemmtilegasta við tónleikahaldið,“ segir Haraldur og brosir.

Hann segir ekki erfitt að fá áhorfendur með sér í lið en stundum þurfi svolitla þolinmæði til. „Það tekst alltaf ef maður gefst ekki upp. Um leið og maður gefst upp er maður búinn að tapa. Ég man að einu sinni vorum við að spila ferna tónleika í Þrándheimi

í Noregi og síðustu tónleikarnir voru bókaðir með bara dags fyrirvara. Þeir fóru fram á litlum bar og það komu mjög fáir, enda tónleikarnir ekkert auglýstir, og þá þurftum við til dæmis að aðlaga danssporin að áhorfendum sem vildu ekki standa upp. En það tókst að fá þá til að dansa.“

Umrædd dansspor segist hann hafa lært hér og þar og segir að vinsælasta danssporið sé upprunnið frá tónlistarmanninum Borkó. „Þórður gítarleikari kenndi mér það en ég komst að því um daginn að það er upprunalega frá Borkó. Svo lærði ég eitt spor á Græna hattinum á Akureyri þannig að maður „pikkar“ þetta upp hér og þar.“

Aðspurður segist hann aldrei verða feiminn upp á sviði þótt hann geti verið feiminn í daglegu lífi. „Ég get verið feiminn við aðrar aðstæður en maður kemur sér bara í einhvern gir áður en maður fer á svið og þess vegna verð ég aldrei feiminn þar.“

TILRAUNAEIÐHÚS Í BERLÍN

Retro Stefson hefur ferðast víða í tengslum við tónleikahald og hljómsveitarmeðlimirnir fluttu meira að segja til Berlínar í vor og bjuggu þar í sex mánuði. Haraldur viðurkennir að það sé gaman að fá tækifæri til að ferðast um heiminn og upplifa nýja hluti þrátt fyrir ungan aldur. „Við erum með mjög



Líflegur Haraldur Ari Stefánsson er líflægur á sviði með hljómsveitinni Retro Stefson. Hann landaði sínu fyrsta kvikmyndahlutverki í Óróa í fyrra og hefur áhuga á að leggja leiklistina fyrir sig í framtíðinni.

gott öryggisnet í kringum okkur og þurfum sjaldnast að hugsa um neitt nema að mæta á staðinn og spila. Við erum með umboðsmann, bókunarskrifstofu og hljóðmann sem aðstoða okkur við allt á ferðalögum. Við í hljómsveitinni erum flest í kringum tvítugt og það eru náttúrulega forréttindi að vera svona ungur en geta samt ferðast um heiminn og spilað.“

Inntur eftir því hvort ungur aldur hljómsveitarmeðlima hafi aldrei verið þeim til vandræða segir Haraldur svo ekki vera. „Stundum höfum við lent í því að okkur hefur ekki verið hleypt inn á staðina sem við eigum að spila á, en það reddast alltaf. Þess utan hefur þetta allt gengið nokkuð vel fyrir sig. Við erum í það minnsta öll enn á lífi,“ segir hann og hlær.

Krakkarnir fluttu til höfuðborgar Þýskalands í apríl á þessu ári og var það í fyrsta sinn sem þau fluttu úr foreldrahúsum. Í fyrstu deildu þau öll einni tveggja herbergja íbúð en að nokkrum mánuðum liðnum flutti Þorbjörg Roach Gunnarsdóttir ásamt bræðrunum Unnsteini og Loga Pedro í aðra íbúð svo að rýmra yrði um þau.

„Þetta gat stundum tekið á. Það geta ekki allir búið saman því fólk er með mismunandi venjur hvað varðar til dæmis heimilishald og þríf. Við bjuggum mjög þröngt og ég svaf á dýnu á gólfinu í alla þessa mánuði,“ rifjar hann upp.

Meðan á dvölinni stóð komu

krakkarnir á fót nokkru sem þau kölluðu Tilraunaeldhúsið og í því féllst að þau skiptust á að prófa að elda nýja og framandi rétti fyrir hvert annað. „Fyrst eftir að við fluttum inn voru það alltaf þau sömu sem elduðu. Svo ákváðum við að fara af stað með tilraunaeldhús einu sinni í viku þar sem við skiptumst á að elda nýja rétti og eitt af skilyrðunum var að kokkurinn átti að fara út fyrir þægindaramma sinn. Það tókst misvel en oftast var útkoman bara góð.“

Haraldur segist alla jafnan ekki vera mikill snyrtipinni en að honum hafi þótt erfitt að umbera draslið sem fylgi sjö manns í alltof litilli íbúð. „Ég mundi ekki kalla sjálfan mig snyrtipinna, herbergið mitt hér heima er ekki sérstaklega snyrtilegt, en það er mjög auðvelt að drasla út sjö manna herbergi og þá er geðheilsan fljót að fara.“

TÝPÍSKT NÚTÍMABARN

Haraldur Ari er Reykvíkingur í húð og hár og hefur búið víða í höfuðborginni, meðal annars í Miðbænum, Vesturbænum, Mosfellsbæ og Grafarholti. „Ég hef alltaf búið á tveimur stöðum í einu. Ég er týpískt nútímabarn og bý til skiptis hjá mömmu og pabba,“ segir hann og bætir við að hann eigi ein átta systkini og sé sjálfur næstelstur í barnahópnum. Foreldrar Haralds Ara eru þau Stefán Jónsson, leikari og leikstjóri,

og Agnes Amalía Kristjánsdóttir, söngkona og dansari, og má því fullyrða að hann eigi ekki langt að sækja hæfileikana.

Þegar hann er spurður út í það hvað foreldrunum hafi þótt um allt flakkið sem fylgi Retro Stefson segir Haraldur þau vera mjög skilningsrík. „Ég held þau séu ánægð með að ég hafi fengið tækifæri til að fara út og gera eitthvað skemmtilegt. Við í hljómsveitinni erum líka á þeim aldri sem fólk fer gjarnan á flakk til að átta sig betur á framhaldinu þannig að þetta er bara ágætt tækifæri til að afla sér þekkingar og kynnast annarri menningu.“


Auk þess að spila með Retro Stefson vinnur Haraldur í Borgarleikhúsinu og stundar klassískt söngnám hjá Alinu Dubik, en það hefur hann gert undanfarin tvö ár. Hann hefur líka mikinn áhuga á leiklist og segist vel geta hugsað sér að leggja leiklistina fyrir sig í framtíðinni.

„Ég væri mikið til í að fara út til Englands einhvern tímann í framtíðinni og læra leiklist. Leiklistin hefur lengi heillað mig en ég var aldrei viss um hvort ég myndi leggja hana fyrir mig. En hingað til hef ég ekki fundið neitt annað sem ég vildi frekar gera, þannig að maður veit aldrei.“

VINAMARGUR Á FACEBOOK

Haraldi er margt til lista lagt og fór hann með hlutverk Markús-

VIKUTILBOÐ



15%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

Persía
TEPPAGALLERÍ
Bæjarlind 16
Sími 568 6999
Opið virka daga kl. 10-18
laugardaga kl. 11-16
www.persia.is

ar í kvikmyndinni Óróa sem kom út árið 2010. Kvikmyndin fjallar um unglinga sem eru að stíga sín fyrstu skref í heimi hinna full-orðnu og er byggð á bókum Ingibjargar Reynisdóttur Strákarnir með strípurnar og Rótleysi, rokk og rómantik. Órói sló í gegn og í kjölfarið urðu Haraldur og mót-leikarar hans hálfgerðar stjórnur.

„Eftir Óróa fengum við nokkuð margar vinabeðnin á Facebook og mjög mörg „poke“. Það var bæði svolítið skrítið og fyndið og loks breytti ég nafninu mínu á Facebook. Ég lenti svo líka í því að vera að vinna í afgreiðslunni í Borgarleikhúsinu um leið og Skrekkur fór fram og það endaði með því að ég var í stanslausum myndatökum allan tímann með afgreiðslustörfunum.“

Inntur eftir því hvort hann finni til aukinnar kvenhylli eftir leik sinn í Óróa svarar Haraldur neitandi. „Nei, ég get ekki sagt að ég hafi fundið fyrir því. Ekki nema þessi „poke“ á Facebook séu talin með.“

Hann minnst þess þó þegar þau í Retro Stefson voru í fyrsta sinn beðin um eiginhandararitun. Það átti sér stað eftir tónleika sem sveitin hafði haldið í hollenskum grunnskóla. „Það voru tveir nemendur á „music management“-braut sem höfðu skipulagt tónleikana. Þegar við vorum búin að spila kom hellingur af krökkum og það okkur um eiginhandararitun, það var mjög skemmtilegt.“

HRIFINN AF ÞÝSKU SJÓNVARPSEFNI

Þegar Haraldur er spurður út í framtíðaráform sín segist hann vera á leið í tónleikaferðalag um Þýskaland, Holland, Belgíu og Sviss með hljómsveitinni 7. nóvember næstkomandi. Einnig er í bígerð ný hljómplata frá sveitinni sem mun flytja aftur til Berlínar eftir áramót.

„Okkur líður öllum mjög vel í Berlín. Það var einhver sem sagði að í Þýskalandi mætti maður vera eins skrýttinn og maður vill svo lengi sem maður böggar ekki aðra og ég held það sé nokkuð rétt. Maður þarf svo að rifja upp þýskuna svolítið fyrir brottför, ég tala svona „schnitzel-þýsku“ sem þýðir að ég hef getuna til að panta mér mat á fínun veitingastað. Hín í sveitinni tala einhverja „kebab-þýsku“. Það er líka svolítið erfitt að ætla að læra þýsku þegar maður býr bara með Íslendingum,“ segir hann.

Blaðamaður spyr Harald hvort hann læri ekki þýsku með sjónvarpsáhorfi en hann neitar því. „Af einhverjum ástæðum leyfa hinir krakkarnir mér ekki að hafa sjónvarp heima, þannig að ég verð alltaf mjög ánægður þegar við gistum á hótélum og ég get sofði í alvöru rúmi, ekki á dýnu, og horft á þýskt sjónvarp.“

Haraldur er einn fárra í hljómsveitinni sem er í föstu sambandi og viðurkennir að það verði leiðinlegt að yfirgefa kærustuna aftur eftir jól. „Það verður leiðinlegt að fara aftur út, en með nútímataekni er hægt að láta þetta ganga. Hún kannski flytur bara út til mín. Ef hún kemur mun ég splæsa í rúm,“ segir hann að lokum brosandi.

Íslendingar geta dansað með Haraldi og Retro Stefson á Græna hattinum á Akureyri í kvöld og á Faktory annað kvöld.

myndaalbúnið



Ferðamaður í London.

Rómantik með Óla vini mínum í París.

Með Gylfa og Ingva í myndatöku í Berlín.

Ég gat ekki dimmiterað svo Þórður Páll (Doddi) gerði það fyrir mig.

Fyrsti tókudagur Óróa, með Ingvari Þórðarsyni.

Budweiser Budvar

Café

ROSENBERG

NÓVEMBER 2011
MÁN ÞRI MIÐ FIM FÖS LAU SUN

		1 Fuglabúrið Helgi P. & Snorri Helga	2 Dúó Harpverk *	3 Böddi Jazz trío	4 Þór Breiðfjörð	5 Andrea Gylfa & Bíobandið
6 Upplstrar- kvöld Forlagsins	7 Maríus	8 Elvar Örn & Jóhanna Guðrún	9 Trío Jóns & Gunn Jóns	10 Lilja Dögg	11 *	12 A Band on Stage
13 Hugleikur Dagsson uppistand	14 Upplstrar- kvöld Forlagsins	15 Lilja útgáfu- tónleikar	16 Thin Jim and the Castaways	17 Svavar Knútur	18 Beggi Mood	19 KK & MAGGI
20 Upplstrar- kvöld Forlagsins	21 *	22 Pétur Ben	23 Áslaug Helga & Matti Sax blús popp	24 Lára Rúnars	25 Böddi Jazz Trío	26 *
27 Jónsi & Brósi	28 Ingólfur Sveinsson & hljómsveit	29 Drew Davidsen	30 Bjarni Snæbjörnsson & band *			

* 2. nóvember: Frank Aarnink, slagverk & Katie Buckley, harpa.
* 30. nóvember: Jazz & söngleikjatonlist.

Budweiser Budvar

LÉTTÖL



Engill Victoriu Elson er hún var með í sýningu undirfatamerkisins Victoria's Secret árið 2001.

Fimm hlutir sem þú vissir ekki um:

KAREN ELSON

Karen Elson er bresk söngkona og fyrirsæta. Hún og tvíburasystir hennar, Kate, voru uppgötvaðar er þær voru sextán ára og hafa báðar sinnt fyrirsetustarfinu síðan þá.

Karen sló í gegn sem fyrirsæta er hún var mynduð af Steven Meisel fyrir forsíðu ítalska Vogue á 18 ára afmæli hennar. Hún var kosin fyrirsæta ársins árið 1998 og síðan þá hefur hún unnið með fjölda hönnuða og ljósmyndara. Elson er andlit ilmvatnsins YSL Opium og var gift tónlistarmanninum Jack White og á með honum tvö börn.

- Elson kynntist fyrrverandi eiginmanni sínum, Jack White, þegar hún kom fram í myndbandi sveitarinnar The White Stripes við lagið Blue Orchid. Umboðsmaður sveitarinnar, Ian Montone, var í hlutverki svaramanns í brúðkaupi parsins en Meg White, fyrrverandi eiginkona Jacks og trommari The White Stripes, var brúðarmær.

- Árið 2008 opnaði Elson verslunina Venus and Mars í Nashville í Tennessee. Í versluninni var hægt að kaupa notaðar flíkur, bæði hönnunarflíkur og aðrar ódýrari. Versluninni var lokað árið 2010.

- Elson samdi efni fyrir fyrstu plötu sína, The Ghost Who Walks, í leyni á heimili sínu og Jacks. „Ég faldi mig oft inni á baðherberginu og læsti að mér. Að lokum spurði hann mig af hverju ég væri að fela þetta fyrir honum,“ sagði Elson. Platan kom síðan út árið 2010 og hefur fengið frábæra dóma.

- Í þættinum If You Love Me, Why Am I Dyin'? úr þáttaröðinni True Blood má heyra Elson syngja lagið Season of the Witch.

- Elson hannaði sína eigin skó- og töskulínu fyrir tiskumerkið Nine West. Línan kom út nú í haust.



Á sviði Fyrirsætan er einnig þekkt söngkona og hér sést hún á sviði í New York í september síðastliðnum.



Fyrrverandi hjón Elson ásamt fyrrverandi eiginmanni sínum og barnsföður, tónlistarmanninum Jack White, árið 2009.



Baksviðs Elson baksviðs á sýningu hönnuðarins Zac Posen á tiskuvíkunní í New York árið 2005.

Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

Kynlíf með ofurhetjum

H rekkjavakan er í miklu uppáhaldi hjá mér. Undirrituð lætur þetta tilefni til hlutverkaleiks ekki fram hjá sér fara enda er þetta einstakt tækifæri til þess að uppfylla „fantasíur“ um annan veruleika. Það er mín skoðun að það að klæða sig í búning leyfi manni að vera önnur útgáfa af sjálfum sér. Það opnar fyrir einhvern leynilegan hluta af manni sem liggur í dvala alla hina dagana.

Fyrsti búningurinn sem ég man eftir að klæðast var He-Man. Það kemur kannski ekki á óvart enda hlýtur það að vera draumur hvers barns að vera með ofurkrafta og ferðast um á tigrisdýri. Þegar leið á fullorðinsárin breyttust valmöguleikarnir. Þemað fór frá barnslegri dýrkun á yfirskilvitlegum kröftum, og í einkennisbúninga ýmissa starfsstétta. Búningurinn var með breyttum áherslum því hann varð að vera þrengri og með „slutty“ áherslum. Hjúkrunarfræðingur er ekki bara „hjúkka“ heldur glyðruleg hjúkka þar sem sloppurinn er stytur, sokkaböndin látin líða eftir lærinu og hálsmálið er myndarlega flegið. Með þessu breytist möguleg merking fantasíunnar og það má spyrja sig hvort þetta sé fantasía þeirrar sem klæðist búningunum eða hinna í kring.

Það má fara í marga hringi með þælingar um kynlífsmenningu og af hverju það virðast oftast vera konur sem fara í þennan glyðruleik, en þessi pistill er ekki um það. Hann er um endurvakningu hlutverkaleiks. Mér hefur stundum fundist fólk gleyma því að búningnum fylgi ákveðnar væntingar. Það er líkt og búningurinn verði einungis afsökunin til að vera glyðrulega klædd. Hátíðin gefi leyfi til að klæðast fatnaði sem annars gæti talist ósmekklegur. Hver svo sem hvati fólks er fyrir ákveðnum búningum finnst mér að það eigi að skoða valið nánar og fara lengra með það. Ég legg til að búningurinn og öll merking sem honum fylgir verði endurnýttur í kynlífsleik með sérstakri áherslu á hlutverkaleik. Er sá sem velur sér hjúkrunarbúning með löngun til að dekra við kynlífsfélagann og strjúka með alúð og blíðu? Við erum öll að reyna að brjóta út úr skelinni svo að þetta tilefni er ágætis byrjun, þó ekki sé nema þennan eina dag. En ef þér leiðist og langar að taka fantasíuna lengra er þetta kjörið tækifæri til að leyfa þér að taka töfra búningsins og alls þess sem hann táknar inn í hversdaginn. Þú skalt geyma búninginn á áberandi stað í fataskápnum, æfa þig í hlutverkinu sem honum fylgir og bragðbæta þannig lífið með smá erótísku leiklistarkryddi. Þetta kryddar lífið, enda dreymir allar ofurhetjur um kynlíf með hversdagshetju.



Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlíf@frettabladid.is



KEMUR ÚT 29. NÓVEMBER

JÓLAGJAFHA HANDBÓKIN

MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU: JÓLALJÓSIN, KÖKUR OG SÆTINDI, SKRAUT OG FÖNDUR, MATUR OG BORÐHALD JÓLASÍÐUR OG VENJUR

Bókið auglýsingar tímanlega:

Benedikt Freyr Jónsson
S: 512 5411, gsm 823 5055
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 512 5429, gsm 615 4349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 512 5462, gsm 823 3344
sigríduragny@365.is



Champion®

CHAMPION-DAGAR

25% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM CHAMPION FATNAÐI 4.-8. NÓVEMBER!



GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Dömur:	Outletverð	Tilboðsverð
Æfingatoppar	kr. 3.995	kr. 2.996
Hettupeysur	kr. 4.000	kr. 3.000
Æfingabolir	kr. 2.500	kr. 1.975

Herrar:		
Hettupeysur	kr. 4.995	kr. 3.746
Jogging buxur herra	kr. 2.995	kr. 2.246
Stuttermabolir	kr. 1.995	kr. 1.496
Æfingabolir	kr. 2.995	kr. 2.246
Stuttbuxur	kr. 2.995	kr. 2.246
Hettupeysur barna	kr. 2.995	kr. 2.246



KORPU **OUTLET**



Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Ópið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400





Minnist McQueen Sarah Burton segir vin sinn og lærimeistara, Alexander McQueen, hafa sótt innblástur fyrir hönnun sína víða. Burton tók við merkinu eftir andlát hans og hefur hlotið einróma lof fyrir. NORDICPHOTOS/GETTY

Sarah Burton minnst Alexanders McQueen:

Sótti innblástur til Joey í Friends

Sarah Burton tók við sem yfirhönnuður tiskuhússins McQueen eftir andlát Alexanders McQueen í febrúar í fyrra. Burton hefur haldið nafni McQueens á lofti og sent frá sér nokkrar alveg einstakar línur. Litlu munaði þó að hún hefði ekki tekið starfið að sér. „Ég velti því fyrir mér að taka starfinu ekki. Það var mér mikill missir þegar Lee dó, hann var stór hluti af lífi mínu og mínum hvunn-degi. Við þekktumst það vel að ég gat klárað setningar hans en ég

vissi ekki hvort ég gæti byrjað á nokkru og það skelfdi mig,“ sagði Burton í viðtali við The Telegraph.

Hún segir McQueen hafa leitað sér fanga víða þegar hann leitaði eftir innblæstri fyrir hönnun sína. „Ég man að eitt sinn sagði hann við mig: „Ég horfði á sjónvarpsþáttinn Friends í gær, sástu stuttermabolinn sem Joey klæddist?“ og svo stuttu síðar sat hann og skoðaði bók með verkum Van Eyck. Hann blandaði öllu saman, það var ekkert snobb í gangi. Hann fékk mann til að líta á allt sem innblástur,“ sagði Burton um vin sinn og lærimeistara. **- sm**

Ekki bara fyrir hjartað

Frumur líkamans þurfa Q-10 til þess að endurnýja sig

NÝTT OG ENDURBÆTT

Komið aftur!

Q-10 frá Heilsu er nú komið aftur nýtt og endurbætt!

Inniheldur Ultra Ubiquinol virkt Co-Enzyme.



Besta vörnin gegn sindurefnum!

Laugavegi, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla Akureyri, Selfossi og Reykjanesbæ



náttúrulega

Heiður Reynisdóttir og Ragnhildur Jónsdóttir halda markað:

Reka upp kollinn í miðbænum

Ragnhildur Jónsdóttir og Heiður Reynisdóttir voru kynntar fyrir hvor annari fyrir stuttu og ákváðu í kjölfarið að setja upp Pop Up-markað. Þar verður meðal annars hægt að kaupa fallega og umhverfisvæna gjafavöru og barnasamfellur.

Ragnhildur rekur fyrirtækið Jónsdóttir & Co og Heiður rekur vefverslunina Íslenzka pappírsfélagið. Báðar selja þær vörumerki sem leggja áherslu á Fair Trade og umhverfisvæna framleiðslu. Upphaf vinskapar og samstarfs þeirra tveggja má rekja til Ólafar Birnu Garðarsdóttur sem fannst nauðsynlegt að kynna þær.

„Ólóf Birna rekur Reykjavík Letterpress og er vinkona Ragnhildar. Henni fannst ómögulegt að við þekktumst ekki og leiddi okkur saman á vinnustofu sinni nú í haust. Við Ragnheiður náðum vel saman og ákváðum í kjölfarið að fara á stefnumót og afrakstur-



Umhverfisvænar Ragnhildur Jónsdóttir og Heiður Reynisdóttir halda Pop Up-markað um helgina. Vörurnar sem þær selja eru bæði fallegar og umhverfisvænar og þeirra er því hægt að njóta með góðri samvisku.

MYND/EDDA HERSIR SIGURJÓNSDÓTTIR

inn er þessi góði vinskapur og góða samstarf. Við ákváðum svo fyrir stuttu að halda Pop Up-verslun því þá getum við boðið lægra verð og þá nýtur viðskiptavinurinn góðs af,“ útskýrir Heiður.

Íslenzka pappírsfélagið hefur verið starfrækt í nokkra mánuði og segir Heiður hvatann að stofnun verslunnar vera þann

að henni fannst vanta meira úrval af umhverfisvænum vörum í korta og gjafapappírs flórana hér á landi. Jónsdóttir & Co er sömuleiðis nýtt fyrirtæki sem selur ungbarnasamfellur úr umhverfisvænu efni. Á markaðnum verður hægt að kaupa vörur á borð við sápur, gjafavöru til heimilisins og gjafapappír ásamt fallegum kortum fyrir öll tilefni. Markaðurinn verður á Laugavegi 97 og verður opinn bæði laugardag og sunnudag frá klukkan 11 til 17.

sara@frettabladid.is

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MEIRI SKEMMTUN
Meiri Vísir.

vísir

SÍÐUSTU DAGAR HAUSTTILBOÐ

10%
aukaafsláttur

30%

10%
auka-
afsláttur



Norco Plateau
Verð 69.900

TILBOÐ **48.930**



50%

10%
auka-
afsláttur



Vivi Sweety
Verð 16.900

TILBOÐ **8.450**

30%

10%
auka-
afsláttur



Norco VFR 4
Verð 69.900

TILBOÐ **48.930**

20%

10%
auka-
afsláttur



Bronco Windsor

Klassískt dömuhjól, 3 gírar og fótbremsa

Verð 59.900

TILBOÐ **47.920**

30%

10%
auka-
afsláttur



**Öll prírhjól
30%**

20%

10%
auka-
afsláttur



Scott Voltage 30
Verð 89.900

TILBOÐ **71.920**

40%

10%
auka-
afsláttur



Norco Wolverine

Verð 129.900

TILBOÐ **77.940**

MIKIÐ MEIRA

ÚRVAL

Í BÚÐINNI

AÐ

ALLT

50%

AFSLÁTTUR

10%
auka-
afsláttur





ROSEBERRY

Nýtt og áhrifaríkt efni fyrir þvagfærin

Öflugt þrívirkigt fæðubótarefni sem slegið hefur í gegn á Norðurlöndunum

ROSEBERRY inniheldur þykki úr trönuberjum ásamt hibiscus og C-vítamíni. Þessi þrívirka blanda hefur reynst vel við þvagfæravandamálum.

2-3 töflur á dag fyrir svefn



Ranka ráðagóða

Til þess að halda sér frá þvagfæravandamálum er m.a. gott að drekka nóg af vatni, hreyfa sig reglulega, þrífa sig vel eftir klósettferðir og eftir samlið.

Innflutningsaðili: **Gengur vel** ehf.

Fæst í apótekum heilsu-
búðum og heilsuhillum
stórmarkaðanna.



Yukiko Hanai

Yukiko Hanai

Kimishima Chinami

Yukiko Hanai

Tískuvikunni í Tókýó lauk um helgina:

Bjartsýni og gleði á tískuvikunni í Tókýó

Tískuvikunni í Tókýó lauk fyrir stuttu og þar mátti sjá margt litríkt og fallegt.

Þrátt fyrir hörmungar síðasta árs virðast japanskir hönnuðir ekki hafa misst móðinn og ber hönnun þeirra vitni um það. Á tískuvikunum mátti sjá bæði flókna og fallega

hönnun sem og litríkar og gamansamar flikur. Meðal þeirra sem þóttu bera af var hönnun Yukiko Hanai, „uni-sex“ lína Ato Matsumoto, herralína Yoshio Kubo og sjálflysandi fatnaður Johan Ku.



MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsbörðinu þegar blaðið er opnað.

Meira en 80% blaðalesenda á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is



Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!



Paul Smith

Kimishima

Paul Smith

Kimishima Chinami

*Samkvæmt þremmblakönnun Capacent Gallup júlí-sept. 2011

María Ólafsdóttir
Starf: Gullsmíður
Áhugamál: Veggtennis

Egils



SVARAÐU ÞORSTANUM

V SPORT er nýr, bragðgóður og hitaeiningasnauður íþróttadrykkur. Hann inniheldur nauðsynleg vítamín og steinefni og bætir upp vökva- og steinefnatap eftir áreynslu.

- ✓ Af hverju að drekka hitaeiningarnar sem þú varst að brenna?
- ✓ Fáðu þér svalandi V SPORT og náðu enn betri árangri

Innihald í 500 ml

Níasin 12 mg	Fólasín 150 µg	Kalk 120 mg	Magnesium 55 mg	Blótín 37,5 µg	B5 4,5 mg	B6 1,05 mg	B12 1,90 µg
75%	75%	15%	15%	75%	75%	75%	75%

Hlutfall af ráðlögðum dagskammti



YFIRHEYRSLAN

Margrét Áskelsdóttir, kynningarstjóri bókaútgáfunnar Crymgea.

Ertu A eða B manneskja? Ég er A manneskja föst í líkama B manneskju.

Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir? Ég fletti bókinni um Kristín E. Hrafnsson fram og aftur þessa dagana.

Ef ég byggji ekki í Reykjavík, byggji ég í: Útlöndum.



Hver eru nýjustu kaupin? Ég keypti olíusú í bílinn minn.

Hvaða lag kemur þér í gott skap? Lagið Seven með Fever Ray (The Twelves Remix).

Hvað dremmir þig um að eignast? Heldur þú að ég gefi þér upp mína leyndustu drauma?

Einn hlutur sem þú vissir ekki um mig: Ég er algjört afmælisbarn og ég á afmæli í dag!




Uppáhaldsdrykkurinn: Það er kaffi, en sóðavatn þegar ég er búin að drekka of mikið af kaffi.



NÓVEMBER ER SKEMMTILEGRI Á STÖÐ 2

Stöð 2 færir þér hina fullkomnu blöndu af spennu, gríni og drama í nóvember. Missstu ekki af mörgum af heitustu sjónvarpsþáttum í heimi, framúrskarandi innlendri dagskrárgerð og frábærum kvikmyndum. Tryggðu þér áskrift strax!



MÁNUDAGA

GLEE
Einn ferskastí og umtalaðasti þátturinn í heiminum í dag.

ÞRIÐJUDAGA

MIKE AND MOLLY
Vinsælasti nýi gamanþátturinn í Bandaríkjunum.

ÞRIÐJUDAGA

TERRA NOVA
Spennandi ævintýraþáttaröð úr smíðju Steven Spielberg.

MÍÐVIKUDAGA

GREY'S ANATOMY
Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 frá upphafi.

MÍÐVIKUDAGA

THE MIDDLE
Snjall gamanþáttur um hið sanna líf millistéttafólksins.

HEFST 10. NÓVEMBER

HUMAN TARGET
Hreinaæktaður spennuþáttur í anda Bond og Bourne.

FÖSTUDAGA

SPURNINGABOMBAN
Logi Bergmann í skemmtilegum spurningaþætti.

FÖSTUDAGA

TÝNDA KYNSLÓÐIN
Björn og Þórunn í ferskasta skemmtiþættinum í dag.

FÖSTUDAGA

THE X-FACTOR
Simon Cowell fer á kostum í sjónvarpsviðburði vetrarins.

HEFST 7. NÓVEMBER

CELEBRITY APPRENTICE
Donald Trump leiðir stjómur saman í hörkuspenndi keppni.

SUNNUDAGA

SJÁLFSTÆTT FÓLK
Sjónvarpsþáttur ársins á Edduverðlaunum fjögur ár í röð.

SUNNUDAGA

MAD MEN
Hann er kominn aftur. Margverðlaunaður og aldrei betri.

12. NÓVEMBER

ALICE IN WONDERLAND
Sígild og stórkostleg fjölskyldu-mynd með Johnny Depp.

19. NÓVEMBER

DATE NIGHT
Óborganleg grínmynd með Steve Carrell og Tinu Fey.

ALLAR HELGAR

ALGJÖR SVEPPI
Talsett barnaefni allar helgar.

SPAUGSTOFAN

LAUGARDAGA KL. 19:35

Þeir eru mættir aftur. Endurnærðir og beittari en nokkru sinni áður!



Þú færð meira fyrir peningana með áskrift að Stöð 2 því Stöð 2 Extra, Stöð 2 Bíó og plúsrásirnar fylgja frítt með fyrir aðeins 237 kr. á dag

ÞAD ER ÖDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

HEIMSENDIR

SUNNUDAGA KL. 20:35

Glæný þáttaröð frá þeim sömu og færðu okkur Næturvaktina, Dagvaktina og Fangavaktina.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STÖD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SIMANS 800 7000

Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband: Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur

Fylgstu með



Gyllti kötturinn er hvað þekktastur fyrir gott úrval af pelsum, kápum og loðfeldum. Hafdís gerir við allar kápur og pelsa sem þess þurfa með, með dyggri hjálp Geirprúðar Einarsdóttur. Þá taka þær einnig flikur og breyta þeim eftir eigin höfði. Geirprúður er hér lengst til vinstri, Jana Marín Óskarsdóttir verslunarstjóri í miðjunni og Erna Margrét Oddsdóttir, dóttir Hafdísar, er lengst til hægri. MYND/GVA

Konan á bak við Gyllta köttinn

Gyllti kötturinn í Austurstræti 8-10 er sex ára um þessar mundir. Af því tilefni verður efnt til uppákomu í versluninni á morgun þar sem DJ Anna Raket þeytir skífum og boðið verður upp á léttar veitingar. Eigandinn og upphafsmaðurinn Hafdís Þorleifsdóttir, eða Dís eins og hún er kölluð, mun bjóða gesti velkomna.

Agöngu sinni um miðbæinn í haust fann Hafdís Þorleifsdóttir, Dís, tvo umkomulausa kettlinga í húsaundi. Annar var gylltur og hinn svartur. „Ég var strax viss um að þessi fundur væri teikn um að ég ætti að taka þessa tvo litlu villiketti að mér, því verslunin mín heitir jú Gyllti kötturinn og myndin í lógóinu er af svörtum ketti,“ lýsir Dís. Þar með urðu kettlingarnir Karíus og Baktus hluti af fjölskyldu Hafdísar og mannsins hennar, Hauks Inga Jónssonar, en fyrir eiga þau þrjá hunda. Kettlingarnir voru líka til marks um að Dís hefði tekið rétta ákvörðun fyrir sex árum þegar hún ákvað að opna verslun á óvenjulegum stað í bænum.

„Hugmyndin að versluninni vaknaði inni á badherbergi einn dag árið 2005,“ segir Dís sem engan áhuga hafði á því að kúldrast inni í verslunarmiðstöð en vildi vera í miðbænum. „Ég fann húsnæði í Austurstræti 8. Margir sögðu mér að það væri dauðadæmt að vera innan um pöbba og veitingahús en við það varð ég enn þrjóskari,“ segir hún og hlær. Hún tryggði sér því húsnæðið áður en hún ákvað hvers konar verslun hún vildi reka. „Ég fór síðan mína fyrstu ferð út án þess að vera með neitt í höndunum og verslaði síðan tvö fyrstu árin einungis með notaðan fatnað.“

Að þeim tíma liðnum ákvað Dís að breikka kúnnahópinn og tók inn nýjar vörur. „Þó aðeins í litlu magni til að samræmast búðinni,“ segir Dís sem komst fljótlega í samband við góðan birgja í Englandi. „Ég fer út einu sinni í mánuði í stórt vöruhús með notuðum fötum og handvel hverja flik sem ég sel síðan í búðinni,“ upplýsir Dís en Gyllti kötturinn er vel þekktur fyrir gott úrval af pelsum og kápum. „Ég er mjög vandlát þegar ég vel föt. Hver flik er valin af ástríðu. Það er því yndislegt

þegar hún lendir síðan hjá rétta kúnnanum,“ segir Dís glæðlega. Hún segist aldrei verða leið á vinnunni sinni, jafnvel þegar hún hefur verið löngum tíma í að handvelja 2,5 tonn af fötum í einni lotu. „Þetta er alltaf jafn spennandi því ástríðan er alltaf til staðar.“

Árið 2010 var bætt við stórum stærðum í Gyllta kettinum. „Það var svolítið basl því ég vildi flott snið og efnin urðu að vera rétt. Ég vildi ekkert kerlingarlegt,“ segir Dís sem vill þjónusta konur af öllum stærðum og gerðum. „Ég fann fyrir mikilli ánægju með þetta framtak. Þá er ég með þessar stærri flikur innan um allar hinar en ekki á einum ákveðnum stað. Þannig geta konurnar leitað og fundið sína gullmola sjálfar,“ segir hún og brosir.

Dís gerir við alla pelsa og kápur þegar þess þarf ásamt Geirprúði Einarsdóttur. „Hún er mín hægri hönd í saumaskapnum auk þess sem breytum oft flikum, bætum við skinni og slíku og gerum þannig fötin enn sérstæðari.“

Dís er alltaf að auka úrvalið og fyrir rúmu ári fór hún að bjóða upp á skó sem eru stór hluti af búðinni í dag. „Úrvalið er mikið því ég vil alltaf vera með allt fyrir alla,“ segir hún en í Gyllta kettinum eru allt frá glitrandi bandaskóm upp í grófa mótörhjóllaklossa. „Enda er engin ein týpa sem verslar hjá mér. Gyllti kötturinn er fyrir alla aldurshópa þótt sumir haldi að hér versli einungis ungt fólk. Til mín koma konur á öllum aldri og eru mjög glaðar yfir því að finna eitthvað við sitt hæfi.“

Dís leggur mikið upp úr persónulegri þjónustu og hefur í huga að mynda stemningu líkt og hjá kaupmanninum á horninu. „Ég segi starfsfólki mínu í hverri viku að það sé bannað að lenda sölu, það eigi aðeins að vera til staðar fyrir kúnnana og það



Hafdís stofnaði Gyllta köttinn fyrir sex árum. Í haust fann hún þessar tvær sætu kisur yfirgefnar í húsaundi. Henni þótti við hæfi að hún tæki þær að sér enda annar kötturinn gylltur eins og nafn búðarinnar og hinn svartur eins og kötturinn í lógó verslunarinnar.

sé bannað að ljúga,“ segir hún og dásamar starfsfólki sitt, sérstaklega Jönu Marín Óskarsdóttur verslunarstjóra. „Það er ekki hægt að reka búð nema vera með gott starfsfólk sér við hlið.“

Stór hluti af verslun Gyllta kattarins fer fram í gegnum Facebook-síðu verslunarinnar. „Ég tek allar myndir sjálf á síðuna til að fólk sjái það sem er í boði. Svo er ég svo heppin að vera með dóttur mína Ernu Mar-

gréti Oddsdóttur með mér en hún er módel og stílisti,“ segir Dís en þær mæðgur vinna saman síðuna oft langt fram á nótt.

Í tilefni sex ára afmælis Gyllta kattarins verður uppákoma á laugardaginn með DJ Önnu Raket. Boðið verður upp á léttar veitingar meðan búðin er opin, frá 11 til 18. Allir eru velkomnir. Verslunin er í Austurstræti 8-10. Símanúmerið í Gyllta kettinum er 534-0005.

ÍSLENSK FÆÐUBÓT BITAFISKUR

-næring fyrir líkama og sál



GÆDAFISKUR

Söluastaðir:
10-11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungs búðirnar, Ollis, N1, Kaupfélag V- Húsvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krumbúðin, Fiskubúðin Freyja, Melabúðin.

Barnaleiðsögn verður í Þjóðminjasafninu á sunnudaginn. Skoðuð verður sýningin Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár. Spennandi munir verða skoðaðir, meðal annars beinagrindur og þúsund ára gömul sverð.



www.thjodminjasafn.is

Norðurljósa-swing með meisturum alla helgina

Ben Morris og Melissa Rutz, US Open-meistarar, kenna á námskeiði á vegum Háskóladansins um helgina, bæði Lindy Hop og West Coast Swing. Að auki verða haldin danskvöld sem allir geta sótt.


Fyrir dansáhugafólk jafnast þetta á við að sjá Michael Jordan í körfubolta á Miklatúninu fyrir körfuboltamenn,“ segir Guðrún María Jónsdóttir, kennari hjá Háskóladansinum, sem um helgina stendur fyrir námskeiðum í Lindy Hop og West Coast Swing (WCS) undir nafninu Northern Lights Swing. Þeir sem hún er að vísa til eru kennararnir á námskeiðinu, Ben Morris og Melissa Rutz, sem eru US Open meistarar í WCS og Ben einnig í Lindy Hop. Guðrún María segir þau eitt fremsta danspar í heiminum dag.



Ben Morris og Melissa Rutz eru yfir sig hrifin af Íslandi og hér eru þau við Keríð ásamt Guðrúnu Maríu Jónsdóttur, danskennara hjá Háskóladansinum.

„Ben hefur dansað WCS og Lindy Hop frá unga aldri og hlotið US Open-titil í báðum dansgreinum. Melissa byrjaði ung í klassískum listdansi en á unglingsaldri færði hún sig yfir í Lindy Hop og skipti svo alfaríð yfir í WCS þar sem hún hefur hlotið US Open-titil. Þau þykja óskaplega heitt og spennandi þar í West Coast-heiminum. Þau eru bæði á þrítugsaldri og tilheyra því ungu kynslóðinni í WCS, sem hefur komið með alveg nýja straua inn í dansinn,“ segir Guðrún María.

Námskeiðið í Lindy Hop hófst í gærkvöldi en enn er hægt að komast að á WCS-námskeiðið. Í kvöld klukkan 18.40 verður opinn og ókeypis prufutími í Veislusölum við Skógahlíð og Guðrún



María hvetur alla dansmenn til að mæta og spreyta sig. „Enginn Swing-unnandi ætti að láta þetta einstaka tækifæri sér úr greipum renna,“ segir hún. „WCS-hluti námskeiðsins hefst einmitt í fyrramálið og stendur fram á sunnudagskvöld, þannig að það er ennþá tækifæri til

að vera með. Einnig verðum við með danskvöld þrjú kvöld í röð og þau verða haldin niðri í bæ, á Bar 46 í kvöld og á sunnudagskvöldið og svo verðum við annað kvöld á Barböru. Nokkrir dansarar frá Norðurlöndunum gera sér staka ferð til landsins til að mæta á námskeið og danskvöld, þannig að jafnvel þótt fólk vilji ekki dansa sjálft ætti það að koma og sjá þessa stórkostlegu dansara í aksjón.“

Allar upplýsingar um verð, staðsetningu og tímasetningar er að finna á heimasíðu Háskóladansins, haskoladansinn.is.

fridrikab@frettabladid.is

LANGUR LAUGARDAGUR

30% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HÖNSKUM



Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

SADDUR ÁN SAMVISKUBITS

395 KCAL



Fitness Burrito

Heilhvætti tortilla, baunir, kjúklingur, sterk/mild sósa, fajitas, ferskt salsa, kál og sýrður rjómi. **1.190 kr**

Hot 'n Sweet

salat m. kjúkling, Iceberg, dressing, kjúklingur, kornsalsa, sweetchili sósa, nachos og sýrður rjómi (guacamole +85 kcal) **1.350 kr**

385 KCAL



383 KCAL



Tacos

m. nautahakki, 3 taoskeljar, nautahakk, sterk/mild sósa, ferskt salsa, kál, ostur og sýrður rjómi. **1.340 kr**



Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is

Afmælistilboð

15-40% afsláttur



www.lindesign.is
sendum frítt á pósthús



Lín Design | Laugavegi 176 | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

Smáauglýsingasíminn er opin allan daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI

Bílalíf



TILBOÐ 1.990.000.-
JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4. Árgærd 2005, ekinn 124.þ km, bensín, sjálfskiptur. Verð áður 2.490.000.- Tilboð 1.990.000.- Rnr.124483.S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is



TILBOÐ 1.990.000.-
MMC PAJERO GLS ANTERA. Árgærd 2003, ekinn aðeins 137.þ km, bensín, sjálfskiptur, 7 manna. Verð áður 2.490.000.- Tilboð 1.990.000.- Rnr.245145.S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18
www.bilalif.is

NETBÍLAR

www.netbilar.is



HYUNDAI Sonata. Árgærd 2005, ekinn 64 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.470.000. Rnr.109314. Frí auglýsing í Fréttablaðinu fyrir þá sem vilja, Skráðu bílinn frítt www.netbilar.is



TOYOTA Corolla 1,6 vvti station. Árgærd 2003, ekinn 187 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 690.000. Rnr.103200. Frí auglýsing í Fréttablaðinu fyrir þá sem vilja, Skráðu bílinn frítt www.netbilar.is



VW Caddy sendibíll. Árgærd 2004, ekinn 175 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 750.000. Rnr.103139. Frí auglýsing í Fréttablaðinu fyrir þá sem vilja, Skráðu bílinn frítt www.netbilar.is

Netbilar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
http://www.netbilar.is



Sparneytnir, öruggir og áreiðanlegir fjörgengismótorar frá Suzuki. Eignum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

Suzuki Umboðið ehf
Skeifan 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
http://www.suzuki.is

NETBÍLAR

www.netbilar.is



VW Touran diesel. Árg. 2004, ek 138 þ.KM, dísel, sjálf. 7 Manna V. 1.550þús. Rnr.102169. Frí auglýsing í Fréttablaðinu fyrir þá sem vilja. Skráðu bílinn frítt www.netbilar.is



CHEVROLET Tosca lt. Árgærd 2008, ekinn 66 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.190.000. Rnr.106360. Frí auglýsing í Fréttablaðinu fyrir þá sem vilja, Skráðu bílinn frítt www.netbilar.is



VOLVO S40. Árgærd 2006, ekinn 110 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.990.000. Rnr.103379. Frí auglýsing í Fréttablaðinu fyrir þá sem vilja, Skráðu bílinn frítt www.netbilar.is

Netbilar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
http://www.netbilar.is

100 bílar.is



Nýrbíll, DODGE Ram 1500 Sport METAN, sjálfsk. 390hð, Allur hugsanlegur Lúxus búnaður, Stórglæsilegir bílar, Verð aðeins 7.490þús.kr, Rnr.115659, ATH síðasta eintakið á þessu ótrúlega verði, eru á staðnum,

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



BMW 318 sjáfssk. árg. '01 ek. 200þús. Ný yfirfarin. Verð 750 þús. Uppl. s. 693 2991.



Til sölu Peugeot '99. Eyðslugrannur. Verð 250 þús. Uppl. í s. 857 9209, 586 2209



TILBOÐ DODGE MAGNUM RT AWD dekurbíll!
Árg. 2005 ekinn 72000km. Er með flestöllum aukahlutum og í frábæru ástandi. Ásett verð 3.7 - TILBOÐ 2.9 millj. S: 699-5204 / magnumdekur@gmail.com



Sparbíll/Metanbíll
BMW X5, ek. 200þús árg. '02 Beinsk. ný dekk. 1600kr/100km. Verð 3.300.000 Uppl. s. 693 2991.



Subaru Legacy árg 2000 Billinn er sjálfskiptur og ekinn 134 þúsund. Ný skoðaður athugasemdalaust. Verð 640.000.- Uppl í síma 772-0202



SKOÐA SKIPTI
Toyota Land Cruiser 120GX nýsk. 26.06.2004, dísel bíll, ek. 138 þúsund, beinskíptur (eyðir 9-10 lítrum innanbæjar) krókur, filmur, sk. 2012, Verð 3.790 þúsahlv 2.335 þús, skoða skipti. Uppl S: 693-5053



Toyota Corolla Verso Árg.'07 1,8 Ssk. 7 manna. Verð 1.8 millj. Uppl. í s. 693 2991.



Tilboð óskast!!!
Land Rover-defender árg '84. til sölu. Tilboð óskast í 893 5131

Til sölu



Hættir að brenna peningum!

Fjöldi Íslendinga hefur að undanförmu metan breytt bílum sínum með BRC metan búnaði frá islandus.com. Höfum m.a. breytt Ford Explorer, Escape, Expedition, Toyota Landcruiser og Tacoma, VW, Skoda, Jeep, Daihatsu, Hyundai, Dodge og Lincoln. Getum breytt flestum bensín bílum með vandaðasta metan búnaði sem völ er á í dag.

Hljóðlátara kerfi

Þú heyrir ekkert í BRC búnaðinum. Ganghljóð bílsins er nánast óbreytt.

Fullkonnara metan kerfi sem virkar betur

BRC er mjög háþróað kerfi með fullkonnari stillingum en flest önnur metan kerfi til að tryggja réttan vélargang og afl við allar aðstæður og undir álagi t.d. frammurakstur, kerrudrátt, upp brekkur, í snjó o.s.frv.

Startar fyrir á metan

BRC fer fyrir í gang en flest önnur metan kerfi, við aðeins 20 gráðu hita þannig þú notar bensín nánast ekkert.

Fer betur með vél bílsins

Ólíkt öðrum metan kerfum tryggir BRC betri endingu vélar bílsins í langkeyrslu og smyr ventla með bensíndropa innspýtingu öðru hverju.

Áratuga reynsla:

BRC er risastór alþjóðleg samsteypa sem þróar metan búnað fyrir alla helstu bílaframleiðendur. BRC á Íslandi www.brc.is flytur inn búnaðinn.

Milljóna sparnaður:

Flestir spara kr. 30.000 eða meira á mánuði eftir afborgun af metan búnaði. Sparaðu 400.000 á ári, tvær milljónir eða meira á 5 árum! Engin útborgun greiðist með léttgreiðslum úr sparnaði og þú getur sótt um allt að kr. 100.000 endurgreitt frá Tollstjóra ef þú pantar núna!

Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is



Þjárfir Aðalsteinsson á nýjum metanbreyttum Jeep Liberty Sport. Nú heimsækir fjölskyldan tengdó í útiöndum fyrir sparnaðinn.



Frábær vinnubrögð. Kútarnir hurfu undir bílinn og sjást varla. Ánægður Durango eigandi bendir á tvo 60 lítra kúta undir bílnum.



islandus.com

Ódýrari bílar frá öllum helstu framleiðendum. www.islandus.is — Sími 552 2000

Bílar til sölu

Fullkonnara metan kerfi

Betra METAN

Breyttu þínum bíl
Sjá sparnað á islandus.is

IslandusMetan

www.islandus.is - Sími 552 2000

50% ódýrara eldsneyti og lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Reiknaðu sparnað á www.islandus.is. Engin útborgun. Greitt með rekstrarsparnaði! Þjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - S. 5522000.



Subaru Impreza '97. Ek. 155 þús. Skoðaður '12. Vetradekk. Verð 140 þús. S. 616 2597

Til sölu Kangoo árg. 99. ek. 150 þ. V. 280þ. Mitsub. Carisma árg. 98, ek. 189 þ. V. 310 þ. Mitsub. Pajero sp. árg. 01 ek, 3L bsk. bensín. Ný naglad. rafg. ofl. Cherokee árg. 94, 2,5L bsk. ek. 186 þ. Allir nýsk. í góðu lagi. Uppl. 897 9252

Nemi óskar eftir bíl. Greiðslugeta 350þ

Smart bíll til sölu árg.99 ek.80þús. Góður bíll í snattið. Verð 500 þús. S: 774 4666

250-499 þús.



Sjálfskiptur !!!

Hyundai Sonata 2.0 árg '98, ekinn aðeins 140þús, skoðaður 2012, sjálfskiptur, álfelgur, góður bíll sem að litur vel út og er gott að keyra, verð: 420þús, Tilboðsverð aðeins 290þús stgr, s:659-9696



Golf Tilboð

Til sölu VW Golf árg '99. Ek.150 þ. Flottur bíll. Tilboð 390 þ. Uppl. S. 8974912

500-999 þús.



Frábært verð !!!

Land Rover Freelander v6, 4x4, árg '03, ekinn aðeins 110þús, ný tímareim, skoðaður 2012, sjálfskiptur, nýleg vetrardekk, litur mjög vel út og í topp standi, ásett verð 1.290.000.- Tilboðsverð aðeins 790.000.- uppl í s:659-9696

Til sölu

Líkamsræktartæki til sölu



Til sölu 15 atvinnutæki af gerðinni Cybex VR-1. Góður pakki vandaðra tækja. Einnig 90 stk númeraðir og læsanlegir fataskápar. Selst aðeins í einum pakka.

Nánari upplýsingar á: svanberg@chp.is



Grand Cherokee. Ágerð 2000.Ekinn 90 þús Verð 850 þús Frekari uppl. s 8967730



Lancer '99 tilboð 300þús!
Ek 163þ. nýsk. ssk. með rafmagn. Svöltið af hagkaupsdældum. 1300 vél, nýleg heilsárs dekk, ryðlaug. Frekari uppl. í 659 3459 VISA/ RAÐ



Tilboð

Landrover Freelander árg. 2000, ek. 160 þús, 1800 vél, nýleg tímareim, bs, 5 g, nýsk, '12. Sumar og vetrardekk. Tilboð 650 þús. Skoða skipti á ód. S. 659 3459. VISA/RAÐ

1-2 milljónir

Til sölu VW Polo 1,2 dökkraður, des 2005, keyrður 60 þv: 1.150þ S 6990381

2 milljónir +

Til sölu Toyota Corolla 1,4, frostblár, 2008, keyrður 40 þ. v 2.250 þ S 6990328

Bílar óskast

Óska eftir bíl 25-250þús á borðið !

Óska eftir bíl fyrir allt að 250þús. staðgreitt, fólksbíll eða smábíl. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. s. 691 9374.

Óska eftir bíl, 30-150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.

!!! 0-250þús staðgreitt !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., billinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659-9696.

Bíll óskast á 25-250þús.

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

NULL

Nemi óskar eftir tiltölulega lítið eknum bíl. Greiðslugeta 350 þús. Vinsamlegast hafið samband í síma 895 5812.

Leita að Saab 9000 Turbo (eða bara 9000) '86-'92 eða Mercury Topaz '87 til niðurrífs. s: 695 3790

Óska eftir VW Polo eða Golf árg. '96-'03 má þarfnast viðgerðar. Uppl. s. 868 2352

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Sendibílastöðin hf

Bílstjórnarnir aðstoða

553 5050

Allt frá umslagi upp í stórflytinga!

Húsbílar



Til sölu húsbíll

Hýmer skrásettur 03/2007 bíllinn er ekinn 49,000km. Bíllinn er teppalagður, Truma miðstöð bæði fyrir rafmagn og gas. Stór ískápu, Hjólagrind, Markisa, Bakmyndavél, álfelgur & fl. Reyklaus bíll einn eigandi. Allar upplýsingar veittar í síma 692 9435.

Vespur



Tilboð 14.900 kr.

Vorum að fá nýja sendingu af okkar vinsælu Al-römpum, fyrir flestar tegundir bíla. Taka allt að 150kg. Verð 37,500 kr. Tilboð núna 14.900 kr. Óráf stk eftir! Qpsinport Laugarvegur 168, s. 567 1040.

Bátar



Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

Bílaþjónusta

Frumherji

Söluskoðanir Frumherja

Ertu að kaupa bíl? Taktu ekki óþarfa áhættu. Líttu frekar greina ástand bílsins með ítarlegri söluskoðun hjá Frumherja. Skoðunin kostar 9.900. Ekki þarf mikið til að söluskoðun borgi sig margfalt.

Fáðu aukna vissu í bílakaupin með söluskoðun Frumherja.

Tímarpantanir í síma 570 9090

Frumherji
- Örugg bifreiðaskoðun



PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLIA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÖKVI OG GÍROLIA Á HEILDISÖLUVERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

Hjólbarðar

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeiði í Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

Varahlutir

BILAPARTAR.IS

Notaðir TOYOTA varahlutir

Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bilapartar, Grænamyri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR

NETAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA

486 4499
486 4477

www.netpartar.is

Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutavaktin Sími 555 6666

Erum að byrja rífa H1 (starex), Peugeot '02, Golf '98-'05, VW Passat '98-'00, Pajero '92-'00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04 Yaris '04. Kaupum bíla niðurrífs og uppgerðar. Ísetningar á staðnum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrífs og uppgerðar. Bilabúði, Kaplahrauni 11 220 hj. S. 534 1045.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrífs. sími 661 5270.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg.is 565-6020.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningaráþjónusta Þvegillinn

5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþríf - Þríf eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Vy-þríf ehf.

Öll almenn þríf, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

A-Ö Þríf&Hreinlæti

S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþríf, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Garðyrkja

Hreinir Gardar

Jólaseriur fyrir garða

www.hreinirgardar.is

S. 571-2000

Ahlíða

garðþjónusta

Garðþjónusta Íslands ehf

20 % afsláttur af hellulögnum, trjáklippingum, trjáfelingum og þökulögnum.

Vönduð vinnubrögð. Róbert S. 866 9767

Málara

Ahlíða málingarþjónusta, hagstæð verð í boði. S. 823 8547.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf., Sigurður 896-5758, siggi@litidmal.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi, planöfl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsviðhald

VIÐHÖLD

fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:

- múrviðgerðir • þakviðgerðir
- málingarvinnu • trésmiðavinnu • pípulagnir • raflagnir
- flisalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.

- Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Viðhalds Verk ehf

Húsviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis

Múrara, málara, háþrýstjövottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Topp Verktakar ehf

Flísar - parket - mála - múrara - steinslipun - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 774 4449 topp.verktakar.ehf@gmail.com

Rafvirkjun

RAFVIKJUN S. 896 6025

Tilboð raflagnir, töfluskripti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafvirkjuni.

Trésmíði

Smiðir geta bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 856 5555.

Tölvur

omniS tölvuhjálpi

Yfirhaling á tölvu aðeins 2.900 kr. Ókeypis vírusvörn

Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9530
Vesturvör 32a • Kópavogi
ATH: Flyturs í Árnúla 11. mánudaginn 7. nóvember

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Spádómar

Hanna S. 555 2927 visa/euro

Andleg leiðsögn Draumar Tarot

Opið alla virka daga

Spákonan Sírý

Ástir, fjármál, heilsa. Uppl. í s. 552 4244 & 823 6393.

NULL

Tveir smiðir með meistararéttindi geta bætt við sig verkefnum s.s viðhald, parket, inréttingar, nýsmíði ofl. S. 898 9602.

Önnur þjónusta

Óska eftir að taka yfir ehf með opið vask nr sem fyst bara.eg@visir.is

KEYPT & SELT

Til sölu



Framlengjum útölu


til þriðjud. 8/11. 20-35% afsláttur af völdum vörum. Saltkristalslampar í úrvali. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata). Opið mán-fös 12-18, lau 12-15. S. 517-8060. ditto.is

Pottarnir

Fritt lok fylgir keyptum potti út nív.

PLASTX.is

s.431 5006



NÝJAR VÖRUR FRÁ PARIS!
Frábær verð Sjón er sögu ríkari. Súper sól Hólmaseli 2 587-0077 Erum á facebook

Ódýr heimilisraftæki

Sími 896 8568.
Iðnaðarsaumavél, loftpressa, hnappavél, 2 skurðahnífar, nocáklippur, 100m húsgagnasnúra. Allt á að seljast. S. 6969350

Kompudagur verður í félagsheimili Sjálfsbjargar að Hátúni 12 (sunnanmegin) laugard.5. nóvember 2011 kl.12-16:30. Allt mögulegt til sölu, frá handavinnu til handklæða; gerid góð kaup! Flóamarkaðsstemming.

Ódýrt blek og tóner
 Í alla prentara
 Opið Skútuvogi 1
 frá 9-18 virka daga
Prentvörur
 Sími 553 4000

Haust tilboð
Frábært verð!
 Eftirlitsmyndavélar
 Fyrir sumarbústaði og heimili



Tilboðspakkar
 4 vélar úti eða inni
 + 4 rása stjórnsýð
 1,5 terrabæta diskur
 Fjarvöktun í gengnum net eða 3G síma
 Uppl. í síma 860 5000
 mvhf@hive.is www.mv.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
 Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
 s. 552-4910.

Kaupi gull!
 Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leiðið til fagmanns og fáid góð ráð.
 Uppl. á demantar.is í s. 699
 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL
 og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Tímo Linnestíg 2,
 220 Hafnarfjörður S. 565 4854
 www.siggaogtimo.is

Heimilistækni

Til sölu ýmsar gerðir af notuðum ísskápum og kælskápum Upp. s. 693 7141.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoiðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

Óska eftir gólfslipivélum. Þurfa að vera í lagi. Vinsamlegast sendið upplýsingar á valdimargeir@gmail.com

Verslun

DOMTI
 Smáratorgi 1
Það er dyggð að spara!
 Úrval af nýjum vörum!

KAUPAUKI

KJÓLL, UNADSKREM OG DVD FYLGIR MED ÞEGAR VERSLAD ER FYRIR 8.000,- GILDIR TIL 15 NÓVEMBER

EGG
 FJARSTYRING
 HRAÐASTILLIR
1.995 ÁÐUR 3.995

ÞRÁDLAUST EGG
 DREGUR 20 M
 7 STILLINGAR
 VATNSHELT
4.995 ÁÐUR 11.995

HÖFRUNGUR 7x
 FYRIR ÞÜR
 7 STILLINGAR
 ÁÐUR 9.995
4.995

KANÍNU TITRARI
 AFAST EGG
 ÁÐUR 9.995
4.995

TITRARA SETT
 F/ ÞÜR - GERVISKINN
7.995 ÁÐUR 14.995

Rómantik.is
 Hverfisgötu 62 Rvk. S: 586-8500
 (Horninu á Frakkastíg)
Opið: Virka daga 12-20 Laugardaga 12-18

bathmate
 Bathmate er nú með €vottun!
 Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
 Pantana & upplýsingasími
849 0698
 www.bathmate.is

Gistiheimili - Guesthouse
www.leiguherbergi.is
 1-2 manna herb.og stúdíó
Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.
 Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Þjóðlagagítarpakki kr:22.900,- Gítar,poki,ól,auka strengir stilliflauga og kennslforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27 S:552-2125,www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Heilsuvörur

Breyttu um lífstíl með Heilsuvörurum frá LR Hafðu pH gildið rétt með ProBalance. 400 cal. ein máltíðin af Figuactiv. Sími 773 21 13 Bjarki

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frian þrúfupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Nudd. Tilboð í dag og kvöld. Sími 777 3030. www.nudd.biz

Snyrting

TANTRA NUDD
 Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímáþöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX
 Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreyfingu, bættiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Dýrahald

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu, tví og þrillitir. S. 896 9478 Gunnar.

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16
 Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
 Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Húsnæði í boði

Ódýr gisting
 Fallegar hótél íbúðir í Hafnarí. til leigu til lengri eða styttri tíma. Allur búnaður og internet. Uppl: 899 7004.

Íbúð til leigu

5 herbergja íbúð til leigu í Norðlingahöfðinu. Leigist á 190 þúsund. Laus 1. desember. Upplýsingar í síma 777 6409

Small studio flat in 101. Prise 48.000 kr. Telephone: 898 9574

15 fm herb. til leigu í Hraunbæ. Með aðgang að wc, sturtu. Uppl. 865 3677

Tveggja herb. íbúð til leigu á Álftanesi. Fullbúin húsbúnaði. Uppl. 690 9067

Gistiheimili - Guesthouse
www.leiguherbergi.is
 1-2 manna herb.og stúdíó
Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.
 Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Til leigu 65fm íbúð í Goðaborgum 112 Rvk. 120 þús pr. mánuð. Uppl. í s. 896 6655

Fasteignir

Leiguskoðun við leigubyrjun og við leigulok er góð vörn fyrir leigutaka og -sala. skodunarstofan.is S. 5877120 og 821 4620

Geymsluhúsnæði

Geymslur.com
 Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík S. 555 3464-

www.geymslaeitt.is
 Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

Tökum í geymslu tjaldv- felli- hjól- Pallhýsi- húsbíla- mótörhjól- fjórhjól- kerrur. S 8671282

www.buslodageymsla.is
 Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
 Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótörhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Frá Lífspekifélaginu
 Í kvöld, föstudaginn 4. nóvember kl. 20:30 heldur Markús Andri Gordon Wilde erindi sem hann nefnir Furðufræði í húsi félagsins Ingólfsstræti 22.
 Laugardaginn 5. nóvember kl. 14:00 er spjall og umræður um hugrækt í umsjá Birgjis Bjarnasonar. 14:30 er hugleiðing. 15:00 er opið hús og 15:30 heldur Eggert V. Kristinsson erindi um Kærleikann - gullnámu lífsins. Á fimmtudögum kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
www.lifspekifelagid.is

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

ATVINNA

Atvinna í boði

Veitingastaðurinn Nauthóll
 óskar eftir að ráða matreiðslunema í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Umsókn sendist á gudridur@nautholl.is fyrir 10.nóvember nk. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál

Ræstingar - Keflavík
 Ræstingapjónustan sý auglýsir eftir starfsfólki til framtíðarstarfa við ræstingar í Keflavík. Íslensku- eða góð enskukunnátta og hreint sakavottorð skilyrði fyrir ráðningu. Umsóknir berist á umsokn@rth.is

Hús bakarans - Drafnarfelli
 Óskar eftir að ráða starfskraft reglusaman, reyklusaman og með ríka þjónustulund. Íslenska skilyrði. Í starfinu felst uppröðun á vöru í verslun, aðstoð við að smyrja og afgreiðsla. Gott er að viðkomandi hafi reynslu á þessu sviði, sýni frumkvæði og áhuga. Vinnutím kl.7-13 virka daga. Uppl. veitir Álfheiður í s: 895 9420.

Starf í sveit
 Vetrarmaður óskast á hrossabú á Vestfjörðum. Góð aðstoða fyrir menn og dýr en svollit einangrun vegna ófærðar. uppl. 7700620, Árni

Smíðir
 Óska eftir trésmíðum í innivinnu við gífsveggi og kerfisloft. Launamenn. S. 659 9661

Vantar kokk
 eða einhver sem er vanur/vön að elda austurlenskan mat strax í fulla vinnu Vantar líka þjónustustúlku á kvöldin og í hádeginu 11-15 S. 896 3536

Óska eftir starfsmanni til afgreiðslu í verslun á næturnar Starfsmaður þarf að vera 20 ára stundvís og snyrtilegur. Umsóknir sendist á ncs@ncs.is

Fasteignir

Við leitum að ...
 ... rað, -par eða einbýli í Lindarhverfi
 Um er að ræða ákveðna kaupendur sem misstu af eign í því hverfi í þessari viku. Langur afhendingartími ef þess er óskað.

... 2ja-3ja herbergja íbúðum í Lindarhverfi
 Fyrir aðila sem seldu parhúsið sitt í hverfinu í vikunni.

Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason
 Sölufulltrúi
 sími: 822 2307
 olafur@miklaborg.is

MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
 Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, lögglitir fasteignasalar
 - með þér alla leið -

Tilkynningar

Skipulagsstofnun
Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

Varp dýpkunarefna vegna viðhaldsdýpkunar í Landeyjahöfn, Rangárþingi eystra

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skiplagsstofnun.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufréstur til **5. desember 2011.**

Skiplagsstofnun

Frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis


Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis gefur þeim sem þess óska kost á að senda skriflegar athugasemdir við skýrslu forsætisnefndar um tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskrá Íslands og við frumvarp um meðferð tillagna stjórnlagaráðs sem nefndin hefur nú til umfjöllunar.

Nefndin veitir viðtöku umsögnum og erindum frá félögum, samtökum og einstaklingum á nefngið stjórnskipun@althingi.is. Umsagnir og erindi þurfa að berast nefndinni fyrir 30. nóvember nk.

Skýrsluna um tillögur stjórnlagaráðs er að finna á vefslóðinni: **www.althingi.is/m3**
 Frumvarp um meðferð tillagna stjórnlagaráðs er að finna á vefslóðinni: **www.althingi.is/m6**

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Póstfang:
 Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
 Austurstræti 8-10
 150 Reykjavík

krossgáta

1	2	3	4	5
6	7	8		
9		10	11	
12		13		
	14			15
16		17		
18		19	20	
21				

LÁRÉTT

2. ílát, 6. í röð, 8. hópur, 9. stefna, 11. mun, 12. lítið barn, 14. yfirstéttar, 16. í röð, 17. hlaup, 18. hætta, 20. tveir eins, 21. vangur.

LÓÐRÉTT

1. fituskán, 3. bor, 4. eyja í Miðjarðarhafi, 5. svelg, 7. ströngull, 10. tímabil, 13. háttur, 15. óhapp, 16. blundur, 19. ónefndur.

LAUSN

16. mók, 19. nn.
LÖBTRÉTT: 1. brák, 3. al, 4. síkiley, 5. íðu, 7. strangi, 10. tíð, 13. lag, 15. slýs, 18. ógn, 20. yy, 21. kinn.

LÁRÉTT: 2. vasí, 6. rs, 8. líð, 9. átt, 11. ku, 12. kríli, 14. aðals, 16. mn, 17. gel, 18. ógn, 20. yy, 21. kinn.



Helgarblað

alla laugardaga

Lambið hinsta fylgist með þér

BAKPANKAR Brynhildar Björnsdóttur

Ég var í sveit sem barn. Ég fór í sauðburð á hverju vori, dró að mér anganina af lífinu að kvikna, lék við litlu lömbin smá... og át þau síðan með uppstúf og rauðkáli á jólnum. Afi minn gerði heimsins besta hangikjöt og honum þótti sjálfsagt að láta uppruna þess getið, enda stoltur af sínu fé og sínu kjöti þannig að ég þekkti jólamatinn alltaf persónulega.

AÐ auki átti pabbi það stundum til að syngja kvæðið um lambið hinsta yfir matborðinu þegar, jú einmitt, lambakjöt, var í sunnudagsmatinn. Lambið hinsta þykir mörgum fyndið kvæði (mér líka þrútt fyrir áhrifin sem það hafði á líf mitt), en það fjallar um ferlið frá því að lamb kemur heim í haga og þangað til það lendir niðri í maga. Á leiðinni eru ljóðlinur eins og „bregð ég hnífi á barkann unga, þunar dreyrinn í stampinn minn“ og „gripinn fögnuði flæ ég búkinn, flestar lappirnar sker ég af“.

UM þessar mundir fagna ég þeim merku tímamótum að hafa verið grænmetisæta í tuttugu og þrjú ár. Ég borða reyndar fisk en enga aðra féлага mína úr dýrarík-

inu og ef ég þarf að skilgreina við hvað ég dreg mörkin þá held ég að það sé við dýr sem eru með fætur. Fyrir utan rækju og humar náttúrulega.

ÞAD hefur ýmislegt gerst í matarmenningu á Íslandi síðan ég hóf mína persónulegu kjötkveðju. Pepperóni hef ég til dæmis aldrei bragðað því það var ekki til hérlandis árið 1988. Ekki heldur kengurkjöt eða akurhænur. Og í dag get ég farið á veitingahús, jafnvel skyndibitastað, án þess að hafa með mér nesti. Ég get meira að segja fengið mér brauð með öllu á Bæjarins bestu án þess að augabrún sé lyft.

ÉG hef ekkert á móti því að annað fólk borði kjöt og veina ekki af sársauka þegar sessunautur minn sökkvir tönnunum í blóðuga steik eða brauð með skinku. En svona til gamans bendi ég ykkur kjötætum á nýlega rannsókn sem sagt var frá á Vísi á dögunum. Þar kemur fram það sem ég hef alltaf vitað: kindur eru klárar. Kindur þekkja liti og form. Kindur muna andlitsdrætti. Þær vita hver þið eruð. Þær sjá ykkur grilla fillett á hálendinu, grafa læri í heita jörð. Kindur gleyma ekki. Og þær fá fólk til að gera ótrúlegustu hluti fyrir sig, sér til verndar og viðhalds. Þær eru að verða búnar með gróðurinn og næst kemur röðin að okkur. Lambið hinsta fylgist með þér.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Það er ekkert grín að vera nútímamaður

Rithöfundurinn Stefán Máni er heillaður af gallagripnum Herði Grímssyni, aðalpersónunni í tíundu skáldsögu hans, Feigð.

Meðal annars efnis:

Sektum sóðana!

Tillögur borgarbúa á samráðsvettvanginum Betri Reykjavík skoðaðar í kjölinn.



Allt sem þú þarft

ZTE Blade

Fullbúinn snjallsími á frábæru verði

1.000 kr.
inneign
á mánuði í
12 mán.



Wi-Fi



3G netið



Facebook



Myndavél



Leikir



Tónlist

2.190 kr. á mánuði í 12 mánuði

Símanum fylgir einnig 1.000 kr. inneign í 12 mánuði.
2.190 kr. útborgun. Greiðslugjald er 325 kr./mán.

Staðgreiðsluverð: 28.470 kr.

BLADE

ZTE Blade Android

ZTE Blade er ótrúlega vel búinn Android sími sem spilar DivX og Xvid, með GPS, Wi-Fi, og skilar þér leikjum og myndböndum á frábærum skjá. 2GB minniskort fylgir.



SÍÐUSTU FORVÖÐ Síðasta sýningarhelgi The Pleasure Principle, norrænnar samsýningar um samtímamálverk í sýningarstjórn Mika Hannula, fer nú í hönd í Kling og Bang við Hverfisgötu. Á sýningunni eru skoðaðir möguleikar og takmarkanir samtímamálverksins. Þessi sýning er fyrri hluti verkefnisins, en önnur sýning hópsins verður sett upp í Stokkhólmi vorið 2012. Opíð er í Kling og Bang gallerí fimmtudaga til sunnudaga frá klukkan 14 til 18.

Sýning opnuð í heimahúsi

Ný sýning verður opnuð í 002 Gallerí í Hafnarfirði á laugardag. Tvö pör sem lifa og hræstast í myndlist sýna þar verk sín: Hulda Vilhjálmstöttir og Valgarður Bragason og Ragnhildur Jóhannsdóttir og Jóhann Ludwig Torfason.

002 Gallerí er óvenjulegt sýningarými að því leyti að það er hýst í heimahúsi, nánar tiltekið í kjallarafbúð Birkis Sigurðssonar, myndlistarmanns og rafvirkja í Hafnarfirði. Nafn gallerísins dregur nafn sitt af númeri íbúðarinnar, 002, að Þúfubarði 17.

Sýningin verður opnuð klukkan 14 á laugardag og er opin til 17 á laugardag og sunnudag. Sýningin er aðeins opin þessa einu helgi.

Listamanna-spjall á Skype

Gallerí Ágúst stendur fyrir óvenjulegu listamannaspjalli á sunnudag, en þá mun Ragnar Jónasson myndlistarmaður ræða við kollega sína, þá Davíð Örn Halldórsson og Guðmund Thoroddsen, á Skype-myndfundi.

Tilfnið er sýning Ragnars, Rætur, sem nú stendur yfir í Gallerí Ágúst við Baldursgötu. Ragnar hefur vakið athygli fyrir óvenjulega tækni og einstaka litanoftun í verkum sínum. Hann býr í Glasgow í Skotlandi og er því þessi háttur hafður á spjallinu.

Skype-stefnumótíð í Gallerí Ágúst hefst klukkan 15 á sunnudag og eru allir velkomnir.

- bs

UNDIR ALLRI STEINSTEYPUNNI

Gyrðir Elíasson rithöfundur veitti bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs viðtöku í Kaupmannahöfn á miðvikudagskvöld. Fréttablaðið birtir hér þakkaræðu hans.

Háttvirta samkoma.

Aldrei hefði mig grunað, þegar ég var unglingur að lesa Klakahöllina eftir Tarjei Vesaas og Vonin blíð eftir William Heinesen, að ég ætti eftir að standa hér í sömu sporum og þeir og aðrir ágætir höfundar sem hafa hlotið þessi verðlaun. Ég held að enginn höfundur skrifi til þess að vinna til verðlauna. Flestir skrifa líklega meðvitað eða ómeðvitað eftir mottói Ralphs Waldo Emerson, að það að hafa unnið verkið séu næg verðlaun í sjálfu sér.

Hvað sem því líður er það með gleði sem ég tek við þessum verðlaunum hér í dag. Starf rithöfundarins er einmanalegt. Áratug eftir áratug situr hann einn og reynir að grafa upp úr eigin huga eitt-hvað sem honum finnst endilega að þurfi að komast á blað, og það getur stundum verið erfitt fyrir hann að telja sér sífellt trú um að það sem hann er að gera skipti í raun og veru einhverju máli fyrir aðra en hann sjálfan.

Ég held ég geti sagt með nokkurri vissu að í bernsku minni hafi það verið nokkrar skandinavískar skáldkonur sem vöktu með mér hálfdulda löngun til að skrifa. Selma Lagerlöf, Tove Jansson, Anne Cath-Vestly, Maria Gripe, Astrid Lindgren og Sigríð Undset. Mögulega ásamt hinum óþekktu höfundum Íslendingasagna, og þá sérstaklega Grettissögu, sem varð mér hugleiknari en aðrar sögur vegna þess að ég ólst upp í Skagafirði, á Norður-Íslandi, þar sem Grettissaga gerist að stórum hluta. Það voru þó kannski íslenskar þjóðsögur umfram allt sem kveiktu í mér.



GYRÐIR ELÍASSON Tók við bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn á miðvikudag, fyrstur Íslendinga síðan Einar Már Guðmundsson hlaut verðlaunin fyrir Engla alheimsins 1995. MYND/JOHANNES JANSSON/NORDEN.ORG

„Samlíf við land og náttúru, fólk og dýr, er jafnmikilvægt og sú menntun sem borgarsamfélög nútímans bjóða upp á, og reyndar byggir öll sönn menntun á þessu, þegar grannt er skoðað, enn þann dag í dag.“

GYRÐIR ELÍASSON

Nokkru síðar kom Knut Hamsun til skjalanna, og kynni mín af honum hafa líklega ráðið úrslitaáhrifum um þá stefnu sem ég tók. Annars er fróðlegt að hugsa um hvað það er sem raunverulega veld-

ur áhrifum þegar rithöfundastarfið er annars vegar, eða starf listamanna yfirleitt. List er ekki það eina sem hefur áhrif á mótun listamanns. Ég held að í því ljósi megi skilja hin frægu ummæli Halldórs Laxness um ömmuna sem sé nauðsynleg hverjum rithöfundi. Hann átti ekki aðeins við að þannig sé miðlað sagnaarfi fornra tíma, heldur að það sé fólk sem stendur næst viðkomandi einstaklingi sem mótar hann, jafnvel umfram allt annað. Auðvitað verður þó enginn rithöfundur án þess að lesa bækur, og það mikið af þeim. Mark Twain sagði einhver tíma að hann hefði engan áhuga á höfundum sem hefðu skrifað fleiri bækur en þeir hefðu lesið.

En allt lífið verkar á þann sem hefur óljósan grun um að hann eigi eftir að feta svokallaða „listabraut“. Samlíf við land og náttúru, fólk og dýr, er jafnmikilvægt og sú menntun sem borgarsamfélög nútímans bjóða upp á, og reyndar byggir öll sönn menntun á þessu, þegar grannt er skoðað, enn þann dag í dag. Þegar sú stund rennur upp að borgarsamfélagin hafa að fullu gleymt uppruna sínum, er voðinn vís. Undir allri steinsteypunni er ennþá mold. Ég vona að heimur tækni og svokallaðra framfara muni aldrei yfirskyggja til fulls það lífsmagn sem skáldskapurinn býr yfir, lífsmagn sem er skylt sjálfri jörðinni.

Ég þakka fyrir mig.

AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérbláða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.





FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Benedikt Freyr Jónsson S: 5125411, gsm 8235055 benediktj@365.is	Ívar Örn Hansen S: 5125429, gsm 6154349 ivarorn@365.is	Sigríður Dagný S: 5125462, gsm 8233344 sigridurdagny@365.is
---	--	---

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011



ÚR ENDALOKUNUM Verkið fjallar um síðustu fjórar manneskjurnar á jörðinni eftir kjarnorkustyrjöld. Sólvéig Guðmundsdóttir og Víðir Guðmundsson í hlutverkum sínum.

Heimsendir í Grindavík

Grindvíska atvinnuleikhúsið, GRAL, frumsýnir Endalok alheimsins eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund S. Brynjólfsson í Kvikunni í Grindavík í kvöld.

Verkinu er lýst sem „bráðfyndnum gamanarmleik“. Það fjallar um Stefni, Freyju, Jón og Elvis, síðustu fjórar manneskjurnar á jarðri, sem reyna að komast að því hvernig – og hvort – hægt sé að halda áfram eftir endalokin. Einn leitar að mat í rústunum á meðan annar telur að skipulag sé eina leiðin til að lifa af. Síðasta konan þarf að gæta velsæmis á meðan karlarinn berjast um völdin. Hver á að elda síðustu ýsuna? eru kartöflur nauðsynlegar með ýsunnunni eftir að heimurinn hefur farist? Er síðferðislega rangt að borða

bækur? En að borða hvert annað? Enginn hefur svar á reiðum höndum því allir forðast öll umræðuefni sem upp koma eins og heitan eldinn.

Þetta er þriðja verkið sem GRAL setur upp. Áður hefur það sett upp verkin 21 manns saknað og Horn á höfði. Bæði voru tilnefnd til Grímuvörðlaunanna og hreppti það síðarnefnda hrossið sem besta barnasýningin í fyrria. Endalok alheimsins er þó enginn barnaleikur, en sýningin er ekki ætluð börnum undir tólf ára aldri.

Með aðalhlutverk fara Sveinn Ólafur Gunnarsson, Sólvéig Guðmundsdóttir, Víðir Guðmundsson og Benedikt Gröndal. Verkið er sýnt í Kvikunni, Hafnargötu 12A í Grindavík.

Neyðarkall til þín



Dagana 3. - 6. nóvember fer fram fjáröflunar-
átakið **Neyðarkall björgunarsveitanna**.

Líkt og áður er um að ræða sölu á litlum
neyðarkalli á lyklakippu en sjálfboðaliðar
björgunarsveitanna bjóða hann til sölu um
allt land á 1.500 krónur. Við hvetjum alla til
þess að taka vel á móti okkar fólki.

Aukin verkefni björgunarsveitanna kalla á
meira fé til starfseminnar og er þetta okkar
leið til að bregðast við því. Almennigur er
því hvattur til þess að stuðla að eigin öryggi
með því að styðja þetta átak.

Bækur ★★★★★

Hvernig ég kynntist fiskunum

Ota Pavel. Gyrðir Elíasson þýddi.

Uppheimar**Lágstemmd fegurð fiskanna**

Sögumaðurinn sem rifjar upp bernskuminningar sínar í Hvernig ég kynntist fiskunum er bæði áhorfandi að og þátttakandi í atburðum. Sagt er af fjölskyldu hans, ættingjum og vinum, sem lifa af landsins gæðum í sveitahéraði í Tékkóslóvakíu þegar seinni heimsstyrjöldin skellur á og landið er hernumið af Þjóðverjum.

Fiskur er miðlægur í frásögninni. Hann er lífsbjörgin – það sem allt hverfist um – og veiðarnar eru stolt hins sjálfbjarga manns sem lifir í sátt við náttúruna. Það er karlmannlegt og skemmtilegt að veiða fisk og finna til þess nýjar og sniðugar leiðir. Það er gaman að vera saman við veiðar, segja sögur og dreypa á brennivínstári. Það er guðspakkarvert að eiga nóg að borða fyrir sig og sitt fólk.

Fiskarnir og allt hafariði í kringum veiðarnar eru líka tákni um áhyggjuleysið og gleðina í huga sögumannsins, þegar hann hugsar um þá tíma er allt lék í lyndi og „lífið var kjóttveðjuhátíð“. Tjarnir, ár og vötn eru í sögunni sá gnægtabrunnir sem var, þegar lífsbaráttan var með jákvæðum formerkjum.

Svo kemur stríðið og þá fær orðasambandið „Að berjast fyrir lífi sínu“ annan og ógeðfældari tón. Skyndilega er klippt á þennan frummannlega möguleika og allt verður öfugsnúið: fólkíð hættir að vera veiðimennirnir og verður bráðin.

Náttúrumyndirnar í Hvernig ég kynntist fiskunum eru fagrar og sumar hreint ógleymanlegar. Og yfir öllu ríkir treginn, þó að hann sé blandinn einhverri skringilegri kímni. Af persónunum eru Prosek frændi og faðir sögumanns eftirminnilegastir. Faðirinn er tragikómískur karakter sem lesanda þykir umsvifalaust vænt um; skemmtilegur í ófullkomleika sínum, enda vonir hans og vonbrigði í miðju sögunnar.

Eins og í fleiri bókum sem Gyrðir Elíasson velur sér til fylgilags, þá er hröð og æsileg atburðarás, mögnuð flækja og óvænt lausn í lokin, ekki til staðar í Hvernig ég kynntist fiskunum. Þessi saga er af öðrum toga og alveg stórskemmtileg á sinn lágstemmda máta. Fólk sem nýtur þess að lesa fallegan texta fær hann líka í ofurskömmtum. Textinn nær að leika á tilfinningar lesandans, fáein orð fylla mann sorg og önnur tregablandinni gleði, því þótt bernskuminningarnar séu fagrar eru þær ennfremur lítaðar af stríði og sársauka.

Eftirmáli höfundarins Ota Pavel og umfjöllun um hann á kápu gefur til kynna að bókinn sé byggð á minningum hans úr bernsku. Ég hjó strax eftir því að Pavel, sem ég hef ekkert lesið eftir áður, starfaði sem íþróttafretamaður áður en hann missti geðheilsuna og fór að skrifa bækur. Hvernig ég kynntist fiskunum gerir því tvennt sem alveg var bráðnausynlegt – kynnti mig fyrir þessum flotta höfundinum og sló á fordóma mína gagnvart íþróttafretamönnum. Hafí Uppheimar og Gyrðir Elíasson þúsund þakkir fyrir það.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir.

Niðurstaða: Yndislega fallett verk. Tregafullt og kímíð í senn.**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?****Föstudagur 04. nóvember****→ Tónleikar**

20.00 Hljómsveitin Dúndurfréttir heldur tónleika í Hofi á Akureyri. Gestur sveitarinnar verður enginn annar en roksöngvarinn **Eiríkur Hauksson**. Aðeins eru örfá sæti laus á tónleikana.

22.00 Vetrartónleikaröð Bar 11 heldur áfram og nú treður Music Zoo upp. Aðgangur að tónleikum er ókeypis. Strax eftir tónleikana mun rokka-billykóngurinn Smutty Smiff mæta í plötusnúðabúrið og halda uppi stemningunni fram á nótt.

22.00 Víkingarokksveitin Skálmöld verður hylt af aðdáendum sínum á Nasa í kvöld. Sveitin er nýkomin heim úr langri tónleikaferð um Evrópu og ætíð að vera í fantaformi. Auk Skálmöldar koma Otto Katz Orchestra og þeir Steindór Andersen og Hilmar Örn. Miðaverð er 2.000 krónur.

22.00 Hin eiturrhessa hljómsveit **Retro Stefson** treður upp á Græna hattinum á Akureyri. Miðaverð er 2.000 krónur.

22.00 Hljómsveitin Menn ársins heldur tónleika á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Miðaverð er 1.000 krónur.


20.00 Kanadíski raftónlistarmaðurinn Mongst heldur tónleika á Nýlistasafninu. Einnig koma fram AMFJ Tvísteinn. Aðgangur er ókeypis.

20.30 **Bubbi Morthens** leikur á Leikskálum í Vík í Mýrdal. Miðaverð er 2.500 krónur.

→ Opnir

16.00 Sýning á myndverkum Bjargar Ísaksdóttir verður opnuð í Eidiðsskeri, sal bókasafns Seltjarnarness. Björg sýnir myndir unnar með bleki og nokkrar kolateikningar. Við opnun sýningarinnar leikur Stórsveit Óðlingaklúbbs FÍH. Sýningin í bókasafninu stendur til 25. nóvember og er opin á opnunartíma safnsins.

17.00 Pappírsævintýraheimur indverska listamannsins Baniprosonno verður opnaður í Listasafni Árnesinga, en listamaðurinn sækir Ísland nú heim þriðja sinni. Þá verða opinberuð tvö verk sem eru afkastur listasmíðja fyrir ungt fólk sem Davíð Örn Halldórsson stjórnaði í liðnum mánuði.



16.00 Sýning á verkum **Halldóru Emilsdóttur, Dóru**, verður opnuð í Artóteki, Borgarbókasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15. Allir eru velkomnir. Á sýningunni eru málverk á striga og plexigler, köntuð og kringlött.

17.00 Þriðja einkasýning Sigríðar Helgu Hauksdóttur, Leyningur, verður opnuð í rauða salnum í Reykjavík Art Gallery, Skúlagötu 30. Sýningin stendur til og með 27. nóvember og er opin virka daga frá kl. 10.00 til 18.00 og um helgar frá kl. 12 - 18. Allir velkomnir.

→ Fundir

12.00 Félag Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi, í samvinnu við utanríkisráðuneytið og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands kynnrir Pró-unarskýrslu Sameinuðu

verða barnar fram létta veitingar í tilfni af opnun fimmta og síðasta hluta sýningaráðar Leifs Þorsteinssonar, Mannlífsmyndir frá Evrópu.

→ Síðustu forvöð

12.00 Síðasti sýningardagur á einkasýningu **Huldu Hílnar** í Listasafni Mosfellsbæjar. Opnið frá 12-18 og listamaðurinn verður á staðnum. Aðgangur ókeypis.

→ Unglist

20.30 Neðanvatnstónleikar í Sundhöllinni við Barónsstíg í boði hugmynda-hópsins Neo Geo sem er á kafi í list. Nú leyfir hópurinn okkur að njóta enn og aftur einstakrar listupplifunar eftir 11 ára hlé. Þetta er sund-innsetning af bestu gerð sem lætur engan ósnortin.

22.00 Það verður hreint út sagt rafmagnað kvöld á Bakkusi. Fram koma upprennandi gæðahljómsveitir úr íslensku raftónlistarsenunni, meðal annars Qualia, Mindfucker, Bypass, Kerema & Mr. Cuellar, Captain Fufanu og No Class.

→ Tónlist

22.00 Freyðibað með Emmisjé Gauta og gestum á Prikínu. **Gísli Pálmi** og 7berg troða upp. Danni D klárar kvöldið.

23.00 Alfonx X snýr skífum á Kaffibarnum.

22.00 Sannkölluð danstónlistarveisla á Faktorý þar sem Reyk Veek hópurinn slær upp alvöru partyi í aðalrími og hlíðarsal staðarins. Diskó, hús, teknó og stuð. Frítt inn.

23.00 Jónas stjórnar tónlistinni á Vegamótum.

→ Fyrirlestrar

20.00 Gísli Jökull Gíslason flytur fyrirlestur í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105, um Föðurlandsstríðið mikla, innrásarstríð Þjóðverja í Sovétríkin 1941-1945. Margt konar myndefni sýnt. Aðgangur ókeypis.

13.20 Magnús Björnsson flytur hádegisfyrirlestur í stofu 102 í Lögbergi í Háskóla Íslands. Heiti fyrirlestursins er Utanríkisstefna Kína og aðdragandi diplómatisksra samskipta Íslands og Kína. Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.

→ Kvikmyndahátíð

20.00 Kvikmyndin Sisters in Law er sýnd á kvikmyndahátíð Amnesty International í Bíó Paradís. Kvikmyndin er sýnd með enskum texta. Miðaverð er 750 krónur.

→ Dansleikur

23.59 Hljómsveitin **Span** slær upp stórdansleik á Café Thor á Hellu. Gleðin hefst á miðnætti og er miðaverð 1500 krónur. Allt um hljómsveitina á Spanband.is.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Gott í bíó: Jóhann Alfreð Kristinsson grínisti**Allir á íslenskar myndir í bíó**

„Ég mæli eindregið með því að fólk skelli sér í bíó á íslensku myndirnar sem eru í sýningu núna. Myndirnar Eldfjall og Borgríki eru virkilega vel gerðar og ég var mjög ánægður með þær. Ég held það sé um að gera að fólk styðji við bakkið á íslensku kvikmyndagerðarfólki.“



Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð

mánudaginn 7. nóvember, kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg



Karólína Lárusdóttir

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd föstudag 10–18, laugardag 11–17,
sunnudag 12–17, mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!

40% afsláttur

2939 kr. kg

Verð áður ~~4898~~ kr. kg
Ungnauta entrecode, erlent

25% afsláttur

899 kr. kg

Verð áður ~~1198~~ kr. kg
Lúxus grísalæri, úrbeinað

1498 kr. kg

Lambalæri, hvítlauks og rósmarín marinerað

1998 kr. kg

Krónu kjúklingabringur, magnpakking

Iceland

Pú kaupir 3 pizzur en borgar aðeins fyrir 2

598 kr. stk.

Iceland Deep Pan og Thin Crispy pizza, margar tegundir

HEILSU-DAGAR
í Krónunni

3990 kr. stk.

Fullt verð ~~5990~~ kr. stk.
Einvígið eftir Arnald Indriðason

Bókin fæst í Krónunni á Bíldshöfða / Granda / Lindum / Mosfellsbæ / Akranesi / Selfossi



1.354.000

PLÖTUR hefur hljómsveit söng- og leikkonunnar Selenu Gomez selt í Bandaríkjunum. Hljómsveitin nefnist Selenu Gomez & The Scene, en Gomez sjálf verður í aðalhlutverki á MTV EMA-verðlaunahátíðinni um helgina þar sem hún er kynnr.

Playboy hafnaði myndum af Lohan



Leikkonan Lindsay Lohan sat nýverið fyrir hjá karlatímaritinu Playboy. Nú hefur komið í ljós að myndirnar þykja ekki nógu góðar til að birta.

RadarOnline segir frá því að Lohan hafi verið kölluð aftur í myndatöku þar sem myndirnar féllu ekki í kramið hjá stjórnendum Playboy. „Myndirnar voru ekki það sem Playboy sóttist eftir, því vilja þeir taka nýjar myndir. Það er erfitt að vita fyrirfram hvort myndir sem teknar eru verði samþykktar af yfirmönnum Playboy.“ var haft eftir heimildarmanni sem bætti því við að Lohan hafi mætt í nýja myndatöku í gær.

EKKI NÓGU GÓÐ Myndirnar af Lindsay Lohan þóttu ekki nógu góðar fyrir Playboy.



NORDICPHOTOS/GETTY



BOND-HÓPURINN

Daniel Craig fer fyrir fríðu föruneysi nýjustu Bond-myndarinnar. Javier Bardem verður aðalskúrurinn en franska leikkonan Bérénice Marlohe og Naomie Harris verða svokallaðar Bond-stúlkur. Hópurinn kom saman í fyrsta skipti fyrir myndatöku í London í gær þegar Bond-myndinni var gefið nafnið Skyfall. Ný andlit munu sjást í næstu Bond-mynd en þeir Albert Finney og Ralph Fiennes verða á meðal leikara í Skyfall, 23. kvikmyndinni um James Bond rétt eins og Naomie Harris.

Verður 120 ára

Roberto Cavalli opnaði fyrstu verslun sína í Tókýó í síðustu viku og telur sjálfur að hann eigi mörg góð ár eftir. Ítalski hönnuðurinn telur að hann muni lifa í ein fimm-tíu ár til viðbótar, en Cavalli er sjötugur í dag.

Cavalli opnaði sína fyrstu verslun í Saint-Tropez árið 1979 og hefur því verið lengi í bransanum. Hönnuðurinn lék á als oddi við opnun verslunarinnar í Japan nú á dögunum og sagðist vera við hestaheilsu. „Ég er ungur enn. Ég á fimmtíu góð ár eftir og á örugglega eftir að stunda kynlíf um 15.000 sinnum í viðbót áður en ég dey,“ var haft eftir hönnuðinum hressa.



HRESS Roberto Cavalli segist eiga fimmtíu ár eftir ólifað. Hann er sjötugur í dag.

NORDICPHOTOS/GETTY

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



Fyrstur til tunglsins!
Tinni fór tunglsins fjórtán árum áður en fyrsti maðurinn gerði það.



Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins

BOND-MYNDIN FÆR NAFN

Búið er að afhjúpa hvaða leikkonur fá það eftirsóknarverða hlutverk að vera svokallaðar Bond-stúlkur í nýjustu myndinni um leyniþjónustumanninn James Bond. Þá er einnig komið í ljós hvað myndin sjálf heitir.

Bond-aðdáendur um allan heim fengu loks að vita hvað næsta James Bond-mynd á að heita, hún mun bera nafnið Skyfall eins og reyndar margir vefmiðlar höfðu getið sér til. Þetta kom fram á blaðamannafundi í London þar sem 23. Bond-myndin var kynnt formlega.

Þar var það einnig staðfest að Ralph Fiennes og Albert Finney yrðu í leikarahópnum, sem og Javier Bardem, en hann mun

leika erkióvin Bond. Leikkonurnar Bérénice Marlohe og Naomie Harris verða Bond-stúlkur. Marlohe, þekkt frönsk sjónvarpsleikkona, verður hin glæsilega og orkumikla Severin en Harris, frægust fyrir leik sinn í sjóræningjamyndunum á Karíbahafinu, mun aftur á móti leika leyniþjónustukonuna Eve. Judi Dench og Daniel Craig verða síðan á sínum stað sem M, yfirmaður MI6, og James Bond.

Mikið hefur verið spáð og spekulerað um Skyfall; því hefur verið haldið fram að myndin yrði lágstemmdari en aðrar Bond-myndir og meira gert úr dramatík og persónusköpun, myndin yrði með öðrum orðum ekki dæmigerð Bond-mynd. Þá hefur því verið haldið fram að myndin yrði ódýrari en hingað til hefur þekkt, enda hafi framleiðslu myndarinnar verið teft í tvísýnu þegar MGM-

kvikmyndaverið varð gjaldþrota.

Craig tók hins vegar af allan vafa og sefaði áhyggjur harðra Bond-aðdáenda á blaðamannafundinum. „Þetta verður Bond með stóru B-i. Þetta er allt í handritinu og við erum með frábært handrit,“ sagði aðaleikarinn, en handritshöfundarnir eru þeir John Logan, Neal Purvis og Robert Wade. Leikstjóri myndarinnar, Óskarsverðlaunahafinn Sam Mendes, tók undir þessi orð Craigs og bætti því við að hann hlakkaði mikið til samstarfsins við Craig og Dench. „Þetta er mikil áskorun fyrir mig.“

Þetta verður í þriðja sinn sem Craig skellir sér í Bond-gallann, en fyrri myndirnar tvær, Casino Royale og Quantum of Solace, hafa báðar tvær gert góða hluti í miðasölu og þénað yfir einn milljarð dollara. Skyfall verður frumsýnd hinn 26. október á næsta ári.

freyrgigja@frettabladid.is

Neyðarkall til þín

TAKTU VEL Á MOTI OKKUR

SLYSAVARNARFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

SKRÝTIÐ NAFNAVAL

Þótt flestir Bond-aðdáendur séu fegnir því að 23. myndin skuli loks vera í réttum farvegi sýnist sitt hverjum um nafnið á myndinni, Skyfall. Dálka-höfundur Mirror er til að mynda ekki hrifinn og segir þetta ekki vera í neinum tengslum við Bond-nafnahefðina, þetta sé versta nafnið í sögu James Bond. „Ég tengi Bond við eitthvað sem er gyllt, oddhvasst, hratt, hættulegt, kynþokkafullt og leynilegt. Quantum of Solace er reyndar undantekningin á því, þá voru framleiðendur myndarinnar að reyna að plata tólf ára Harry Potter-aðdáendur í bíó,“ skrifar Isabel Mohan. Hún bætir því við að Skyfall hljómi miklu frekar eins og nafn á flugmannamynd með Matthew McConaughey. „Þar sem hann deyr í Írak en snýr aftur í líki engils.“

BT

skotheld tilboð ...fyrir þig og þína

SAMSUNG 10.000 kr. afsláttur

89.999 áður 99.999

Samsung LCD D455 32"
1366x768 - HD Ready

SAMSUNG 20.000 kr. afsláttur

109.999 áður 129.999

Samsung LCD D555 32"
1920x1080 - Full HD

...fyrir leikjanörðana

NINTENDO 3DS 39.999
Nintendo 3DS leikjatölva

Wii 33.899
Nintendo Wii leikjatölva

PSP 19.999 **Nýtt**
Sony PSP Street E1004

PS3 59.999
Playstation 3 leikjatölva
160GB

...fyrir hina nördana

ION Key49 hljómborð 29.999
Discover DJ Pro

ION Trommusett 59.999

17.999
Keyboard

komdu og kynntu þér fartölvur frá **SAMSUNG**

DVD

BRIDESMAIDS 2.699

SUMARLANDIÐ 2.899

ZOOKEEPER 2.899

leikir

BATTLEFIELD 3 11.999

FIFA 12 11.999

UNCHARTED 3 11.999

tónlist

Hjálmar 2.599

Ingimar Eydal 2.999

Ingó 2.599

...fyrir myndasmíðina

SAMSUNG 19.999
ES70 stafræn myndavél 12.2 megapíðar

OLYMPUS 14.999
VG-110 stafræn myndavél 12 megapíðar

SAMSUNG 39.999
SMX-F40 upptökuvél

SAMSUNG 22.999
PL120 stafræn myndavél 14.4 megapíðar

SAMSUNG 79.899
EX1 stafræn myndavél 10 MP - 3" hreyfanlegur skjár

SAMSUNG 69.999
HMX-H200 upptökuvél Full HD

...fyrir hana (og hann líka)

AEG Kaffivél 5.999

AEG Ryksuga 2200w 17.999

Poppvél OBH NORDICA 9.999

AEG Brauórist 5.999

REMINGTON Rakvél 9.999

REMINGTON Hárlásari 7.499

LEIKARAR ÁRSINS VERÐLAUNAÐIR Í HOLLYWOOD

Fyrir stuttu fór fram árleg kvikmyndahátíð í Hollywood, The Annual Hollywood Film Awards Gala. Þetta er fimmtánda árið í röð sem hátíðin er haldin. Þar voru þeir leikarar sem skarað hafa fram úr á hvíta tjaldinu á árinu verðlaunaðir. Meðal þeirra sem tóku við verðlaunum var George Clooney, sem var valinn besti leikarinn, og Michelle Williams, besta leikkonan. Hún leikur Marilyn Monroe í myndinni *My Week with Marilyn* og tók við verðlauninum með eftirfarandi orðum: „Það eina sem Marilyn Monroe virkilega þráði var að vera tekin alvarlega sem leikkona. Hún fékk aldrei þá viðurkenningu.“ Leikararnir Joseph Gordon-Lewitt og Carey Mulligan hlutu verðlaun sem besta leikari og leikkona í aukahlutverki. Myndin *The Help*, sem er í kvikmyndahúsum hér á landi núna, fékk viðurkenningu fyrir besta leikarahópinn.



VERÐLAUNAHAFI Carey Mulligan var valin besta leikkona í aukahlutverki fyrir myndina *Shame*.



FLÉTTUR Leikkonan unga Elle Fanning mætti með fléttu í hárinu og í síðkjól til að afhenda verðlaun.



LEIKKONAN Rosie Huntington-Whiteley afhenti verðlaun á hátíðinni.




SÚ BESTA Michelle Williams þykir standa sig með þrýði í hlutverki Marilyn Monroe og var valin besta leikkonan.



KÖFLÓTT Leikstjórinn Quentin Tarantino mætti á rauða dregilinn.

NORDICPHOTOS/GETTY



BESTI LEIKARINN Leikkonan Stacy Kiebler og kærastinn hennar George Clooney mættu brosandi, en hann var valinn besti leikarinn fyrir myndina *The Descendants*.

Sigrún Lilja ánægð með Meyju

„Ég er hæstánægð með þetta samstarf og mjög spennt að kynna loksins línuna sem við byrjuðum að undirbúa fyrir ári,“ segir Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, hönnuður og eigandi Gyðju Collection, um samstarfið við Hagkaup.

Fylgihlutalínan Meyja kemur í verðslanir um helgina, en Sigrún Lilja og fyrirtækið hennar Gyðja sjá alfarið um hönnun og framleiðslu.

„Við hjá Gyðju förum inn í þetta verkefni full metnaðar og vildum koma frekar til móts við íslenska markaðinn og getum með þessum hætti leyft fleirum að njóta hönnunar okkar,“ segir Sigrún Lilja. Sérstök áhersla er lögð á að línan verði á viðráðanlegu verði en vörurnar er framleiddar í Tyrklandi.

